

## **NYTJASTOFNAR SJÁVAR 1995/96**

## **AFLAHORFUR FISKVEIÐIÁRIÐ 1996/97**

*State of Marine Stocks in Icelandic Waters 1995/96*

*Prospects for the Quota Year 1996/97*

Reykjavík, 24. maí 1996



**Efnisyfirlit**  
*Contents*

Formáli .....	bls.	5
1. Ágrip ( <i>Summary in Icelandic</i> ) .....	-	7
2. Ástand nytjastofna ( <i>State of marine stocks</i> ) .....	-	15
2.1 Þorskur ( <i>Cod</i> ).....	-	15
2.2 Ysa ( <i>Haddock</i> ) .....	-	24
2.3 Ufsi ( <i>Saithe</i> ) .....	-	30
2.4 Karfastofnar ( <i>Redfish stocks</i> ).....	-	35
2.5 Grálúða ( <i>Greenland halibut</i> ) .....	-	40
2.6 Lúða ( <i>Halibut</i> ) .....	-	45
2.7 Skarkoli ( <i>Plaice</i> ).....	-	47
2.8 Sandkoli ( <i>Dab</i> ) .....	-	49
2.9 Langlúra ( <i>Witch</i> ).....	-	50
2.10 Skrápflúra ( <i>Long rough dab</i> ) .....	-	52
2.11 Þykkvalúra ( <i>Lemon sole</i> ) .....	-	54
2.12 Steinbítur ( <i>Wolfish</i> ).....	-	55
2.13 Blálanga ( <i>Blue ling</i> ) .....	-	56
2.14 Langa ( <i>Ling</i> ) .....	-	57
2.15 Keila ( <i>Tusk</i> ).....	-	57
2.16 Hrognkelsi ( <i>Lumpfish</i> ).....	-	59
2.17 Síld ( <i>Herring</i> ) .....	-	59
2.18 Loðna ( <i>Capelin</i> ) .....	-	65
2.19 Kolmunni ( <i>Blue whiting</i> ) .....	-	69
2.20 Gulllax ( <i>Great silver smelt</i> ).....	-	72
2.21 Humar ( <i>Nephrops</i> ).....	-	73
2.22 Rækja ( <i>Northern shrimp</i> ).....	-	79
2.23 Hörpudiskur ( <i>Iceland scallop</i> ).....	-	85
2.24 Ígulker ( <i>Sea urchin</i> ) .....	-	87
2.25 Hvalir ( <i>Whales</i> ) .....	-	88
2.26 Selir ( <i>Seals</i> ).....	-	90
3. Töflur ( <i>Tables</i> ) .....	-	93
4. Ágrip á ensku ( <i>English Summary</i> ).....	-	169



## Formáli

Eins og á síðasta ári fjallar sú skýrsla sem nú lítur dagsins ljós eingöngu um nytjastofna sjávar en í lok nóvember 1995 birti stofnunin ítarlega skýrslu um umhverfisþætti, svo sem ástand sjávar og svifsamfélög, árstíðabreytingar í Austurdjúpi, útbreiðslu og fjölda fiskseiða og ýmsar aðrar rannsóknir þeim tengdar (Hafrannsóknastofnun. Fjölrít, nr. 44). Skýrslan er annars unnin á svipaðan hátt og undanfarin ár. Eins og í fyrrí skýrslum eru aftast töflur um afla hinna ýmsu tegunda seinustu áratugina. Einnig eru ítarlegar töflur um breytingar á meðalþyngd, kynþroska, aldursdreifingu, stofnstaður og veiðidánartölum í nokkrum helstu nytjastofnum. Þá er tafla fyrir hvern stofn er sýnir tölulegar forsendur sem framrekningar byggjast á. Í texta er einnig birt yfirlitstafla yfir hverja tegund er sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar nokkur undanfarin ár, ákváðanir stjórnvalda um leyfilegan hámarksafla og raunverulegan afla hverrar tegundar. Síðastliðin tvö ár hefur starfað á Hafrannsóknastofnuninni verkefnishópur til eflingar flatfiskarannsókna. Í ár bætist við ný tegund flatfiska, þykkvalúra, sem ekki hefur fyrr verið fjallað um í árlegri skýrslu stofnunarinnar um ástand nytjastofna. Þá er einnig í fyrsta skipti fjallað um gulllax og ígulker. Öðru sinni er nú fjallað um norsk-íslensku sildina og enn fremur stuttlega í fyrsta skipti um veiðar í Barentshafi og á Flæmingjagrunni.

Eins og á undanförnum árum er skýrslan unnin á vegum sérstakrar verkefnisstjórnar, sem einnig annast tiltekin sérfræðisvið, en formaður hennar er Gunnar Stefánsson. Aðrir í verkefnisstjórn eru Einar Hjörleifsson, Ólafur K. Pálsson og Þorsteinn Sigurðsson. Auk þessara manna hafa eftirtaldir sérfræðingar unnið í náinni samvinnu við verkefnisstjórn að skýrslunni: Ásta Guðmundsdóttir, Björn Æ. Steinarsson, Einar Jónsson, Erlingur Hauksson, Gunnar Pétursson, Hjálmar Vilhjálmsson, Hrafnkell Eiríksson, Höskuldur Björnsson, Jakob Jakobsson, Jakob Magnússon, Jóhanna Erlingsdóttir, Jónbjörn Pálsson, Sigfús A. Schopka, Sólmundur Tr. Einarsson, Sveinn Sveinbjörnsson, Unnur Skúladóttir, Vilhelmina Vilhelmsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson. Þá ber að þakka Guðmundi Guðmundssyni, tölfræðingi, framlag hans við úttekt á þorsk- og ufsastofnunum þar sem stuðst var við útreikninga með svokallaðri tímaraðgreiningu. Rétt er að geta þess að flestir þeir helstu fiskstofnar sem fjallað er um í þessari skýrslu eru einnig til umfjöllunar í vinnunefndum og fiskveiðiráðgjafarnefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins, þar sem sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar hafa fengið tækifæri til að leggja fram gögn um ástand nytjastofna á Íslands miðum.

Samkvæmt erindisbréfi stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar dags. 1. júlí 1992 er það stjórn stofnunarinnar sem leggur þessa skýrslu fyrir sjávarútvegsráðherra. Jafnframt þessu var stjórn stofnunarinnar falið að móta langtíma stefnu um nýtingu helstu fiskstofna á Íslands miðum og var skýrsla um þetta efni kynnt sjávarútvegsráðherra í maíþyrjun 1994. Á síðasta ári var ákveðin nýtingarstefna fyrir þorsk þar sem kveðið er á um að ráðgjöf stofnunarinnar miðist við að veitt sé að jafnaði 25% af veiðistofni þorsks á hverjum tíma, en fari þó ekki niður fyrir 155 þúsund tonn á ári.

Eiríkur P. Einarsson og Jóhann Sigurjónsson önnuðust ritstjórn skýrslunnar. Þeim er sérstaklega þakkað vandasamt verk.

Reykjavík, 24. maí 1996

Jakob Jakobsson



## **NYTJASTOFNAR SJÁVAR 1995/96**

## **AFLAHORFUR Á FISKVEIÐIÁRINU 1996/97**

### **1. Ágrip úr skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar**

#### **Porskur**

Porskaflinn á árinu 1995 var 170 þús. tonn samanborið við 179 þús. tonn árið 1994. Mest veiddist af 5-6 ára þorski en þó minna en búist var við. Meira veiddist af fjögurra og þó einkum þriggja ára þorski en gert var ráð fyrir. Enn dró verulega úr sókn í þorsk á árinu 1995 miðað við árin 1994 og 1993, þannig að veiðidánartala árið 1995 var 48% lægri en árið 1993. Miðað við líklegan afla á árinu 1996 minnkari sóknin enn frekar og er þá komin á það stig sem gefur hámarksnýtingu úr stofninum, sé til lengri tíma litið.

Meðalþyngd eftir aldri árið 1995 var að jafnaði eilítið hærri en árið 1994. Hlutfall kynþroska þorsks eftir aldri hefur hækkað árlega síðan 1992 og hækkaði enn á árinu 1995. Fyrstu niðurstöður úr veiðinni á vetrarvertíð 1996 benda til þess að hlutfall kynþroska þorsks eftir aldri fari nú lækkandi á ný. Samkvæmt nýrri úttekt er stærð veiðistofns þorsks 1996 áætluð 675 þús. tonn, þar af er hrygningarástofninn talinn um 380 þús. tonn. Í úttektinni árið 1995 var veiðistofn áætlaður 580 þús. tonn við upphaf árs 1996 en hrygningarástofn um 305 þús. tonn. Stærri veiðistofn nú en gert var ráð fyrir má að mestu rekja til þess að meira dró úr sókn en áætlað var. Skýringar á stærri hrygningarástofni má m.a. rekja til þess að veiðistofn er nú metinn stærri, auk þess eru nú hlutfallslega fleiri fiskar í stofninum kynþroska en áætlað var.

Síðan 1985 eða í áratug hafa allir árgangar í þorskstofninum reynst undir meðallagi. Aðeins 1993 árgangurinn er metinn sem tæpur meðalárgangur. Þróun þorskstofnsins og sérstaklega hrygningarástofnsins mun því mótað af þessari lélegu nýliðun í nánustu framtíð.

Á síðastliðnu vori tóku stjórnvöld þá ákvörðun að veiða 25% af stærð veiðistofns þorsks (meðaltal í upphafi árs og upphafi þess næsta), en þó ekki minna en sem nemur 155 þús. tonnum. Þessi aflareglag tók gildi 1. september 1995. Samkvæmt aflareglunni og horfum í veiðum á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að aflinn 1996 verði um 170 þús. tonn.

Samkvæmt nýrri úttekt á ástandi þorskstofnsins mun aflinn fiskveiðiárið 1996/97 verða 186 þús. tonn og fiskveiðiárið 1997/98 201 þús. tonn, þ.e. ef farið verður eftir samþykktri aflareglu. Veiðistofn mun vaxa úr 814 þús. tonnum í ársbyrjun 1997 í 850 þús. tonn í ársbyrjun 1999 en hrygningarástofn mun aðeins vaxa óverulega. Líkur á stofnhruni eru hins vegar litlar, vel innan við 1%.

Tilsvarandi reikningar þar sem miðað er við fiskveiðiár gefa sömu niðurstöður.

*Porskur í Barentshafi.* Íslendingar veiddu liðlega 34 þús. tonn af þorski í Barentshafi árið 1995 en heildarafla þar var áætlaður 735 þús. tonn.

## Ysa

Ýsuaflinn á árinu 1995 var liðlega 61 þús. tonn og aflinn á fiskveiðíárinu 1994/95 varð hinn sami eða nokkru minni en lagt hafði verið til (65 þús. tonn). Veiðistofn sem miðaður er við þriggja ára fisk og eldri er talinn hafa verið 155 þús. tonn og hrygningarástofninn 95 þús. tonn í ársbyrjun 1996. Meðalþyngd ýsu hefur verið lág undanfarin sex ár miðað við næstu fimm ár á undan. Kemur þetta fram bæði í stofnmælinga- og aflagögnum. Kynþroskahlutfall hefur hækkað mjög hjá ungum fiski og að meðaltali hafa tæp 20% tveggja ára ýsu verið kynþroska undanfarin þrjú ár (1994-96). Mikil umskipti verða í aldurssamsetningu veiðistofns næstu árin þar sem hlutdeild ungrar ýsu verður mjög há. Þetta kemur til af því að stóru árgangarnir frá 1989 og 1990, sem verið hafa ríkjandi í afla, fara nú brátt að hverfa úr stofninum. Spáð er að stór árgangur frá 1995 bætist í veiðistofninn árið 1998. Framrekningar á stærð ýsstofnsins benda til þess að í ársbyrjun 1997 verði veiðistofninn 155 þús. tonn og hrygningarástofninn 105 þús. tonn. Veiðidánarstuðlar ýsu hafa um árabil verið of háir og er svo enn.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að ýsuaflí fari ekki yfir 40 þús. tonn fiskveiðíárið 1996/97. Með því er talið að bæði veiðistofn og hrygningarástofn fari verulega stækkandi enda von á stórum nýliðunarárgangi. Jafnframt mun veiðidánartalan lækka umtalsvert.

## Ufsi

Ufsaafli árið 1995 var rúm 48 þús. tonn en var rúm 64 þús. tonn árið 1994 og tæp 72 þús. tonn árið 1993. Veiðistofn í ársbyrjun 1996 er nú metinn um 260 þús. tonn og hrygningarástofn um 145 þús. tonn sem er 70 þús. tonnum minni veiðistofn og 55 þús. tonnum minni hrygningarástofn en áætlað var í síðustu úttekt. Á undanförrum árum hefur sókn í ufsa verið á milli kjörsóknar og þeirrar sóknar er gefur hámarksafrikstur, þ.e. 70-80 þús. tonn. Nýliðun í ufsastofninn hefur verið fremur slök á undanförrum árum og veruleg óvissa rískir um stærð uppvaxandi árganga. Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í ufsa fiskveiðíárið 1996/97 verði ekki aukin og að ufsaafli á fiskveiðíárinu 1996/97 fari ekki yfir 50 þús. tonn.

## Karfastofnar

Samanlagður afli á *gullkarfa* og *djúpkarfa* á Íslandsmiðum árið 1995 var tæp 90 þús. tonn en s.l. átta ár hefur afli á þessum tegundum verið á bilinu 90-97 þús. tonn.

Afli á *gullkarfa* var áætlaður tæp 42 þús. tonn á síðasta ári en var 39 þús tonn árið áður. Gullkarfaafli hefur farið minnkandi á undanförrum árum. Sókn í stofninn dróst lítillega saman á árinu 1994 eftir að hafa verið að aukast árin á undan og afli á sóknareiningu fyrir gullkarfa hefur verið lítill undanfarin ár. Þó varð lítilsháttar aukning í afla á sóknareiningu á síðasta ári. Vísitölur gullkarfa úr stofnmælingu botnfiska hafa lækkað verulega frá árinu 1986. Þó benda niðurstöður til þess að nýliðunar sé að vænta og er það í samræmi við lengardreifingar úr afla. Augljóst er að gullkarfastofninn hefur minnkað mikil sín fyrir óratuginn og er nú í mikilli lægð. Því leggur Hafrannsóknastofnunin til að enn verði dregið úr sókn í gullkarfa á fiskveiðíárinu 1996/97 og að hámarksflinn fari ekki yfir 30 þús. tonn.

Afli á *djúpkarfa* á Íslandsmiðum árið 1995 var áætlaður um 48 þús. tonn en varð 57 þús. tonn árið 1994. Aflinn hefur aukist verulega á síðustu 7 árum samanborið við áratuginn þar á undan. Þrátt fyrir lítilsháttar aukningu í afla á sóknareiningu á síðastliðnu ári er ljóst að afli á sóknareiningu fyrir djúpkarfa er enn í mikilli lægð og hefur farið minnkandi undanfarin ár samhliða mikilli aukningu í afla og sókn. Svo virðist sem aukinnar nýliðunar sé þó að vænta inn í veiðistofninn. Vegna sterkra vísbendinga um slæmt ástand djúpkarfastofnsins, leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksflinn fiskveiðíárið 1996/97 fari ekki yfir 35 þús. tonn.

Úthafskarfi veiðist í lögsögu Íslands og Grænlands en þó aðallega á hinum alþjóðlega hluta Grænlandshafs. Engar marktækjar bergmálmælingar voru gerðar á árinu 1995 en bergmálmælingar sem gerðar voru á úthafskarfastofninum sumarið 1994 sýndu að stærð stofnsins er að minnsta kosti 2,2 millj. tonna. Fyrirhugaður er alþjóðlegur leiðangur í júní-júlí 1996 þar sem reyna á að meta stærð veiðistofnsins með bergmálsaðferð. Úr úthafskarfastofninum veiddust samtals um 125 þús. tonn á síðasta ári og er því búið að veiða rúmlega 1,1 milljón tonna úr stofninum frá því að veiðar hófust árið 1982. Á síðasta ári var afli Íslendinga rúm 30 þús. tonn, samanborið við 53 þús. tonn árið 1994. Af þeim afla veiddust einungis tæp 2 þús. tonn innan íslensku lögsögunnar sem er mun lægra hlutfall aflans en árið 1994 þegar tæplega þriðjungur veiddist innan lögsögu Íslendinga. Norðaustur Atlantshafs Fiskveiðinefndin (NEAFC) hefur ákveðið 153 þús. tonna sameiginlegan heildarkvóta úr stofninum fyrir árið 1996 og er hlutur Íslendinga rúm 45 þús. tonn.

## Grálúða

Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeysjor er talin vera sami stofninn. Aflinn árið 1995 var tæp 36 þús. tonn. Þrátt fyrir aukna sókn í grálúðu á síðustu fimm árum hefur það ekki skilað sér í auknum afla þar sem afla á sóknareiningu hefur farið minnkandi. Veiðistofn í ársbyrjun 1996 er nú metinn um 116 þús. tonn og hefur aldrei verið lægri. Hafrannsóknastofnunin vekur athygli á mikilvægi þess að samkomulag náist um tilhögun grálúðuveiða úr þessum sameiginlega stofni og leggur til að heildarafla á grálúðu á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeysjor fiskveiðíárið 1996/97 verði ekki meiri en 15 þús. tonn.

## Lúða

Árið 1995 var lúðuaflinn á Íslands miðum 1.093 tonn. Á seinni árum hefur skráður lúðuaflinn Íslendinga verið á bilinu 1.200-1.900 tonn og einkum fengist sem aukaafli við tog- og línuveiðar. Afla á sóknareiningu hefur minnkað mikið á seinni árum, bæði í veiðum og stofnmælingu botnfiska og virðist ástand lúðustofnsins afar slæmt.

## Skarkoli

Skarkolaafinn árið 1995 var tæp 11 þús. tonn en það er um 1.000 tonnum minni afli en árið 1994. Á árunum 1992-1994 fór sókn í skarkola í Faxaflóa vaxandi og afli á sóknareiningu minnkandi. Á árinu 1995 jókst afli á sóknareiningu í Faxaflóa nokkuð og lítillega dró úr sókn. Afla á sóknareiningu á öðrum miðum en Faxaflóa sýna svipaða þróun. Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska árin 1995-1996 benda til þess að veiðistofn skarkola hafi farið verulega minnkandi fram til ársins 1995 en virðist aðeins hafa rétt við á árinu 1996. Þetta má að líkendum rekja til þess að árgangurinn frá 1990 virðist nokkuð sterkur og er nú að koma inn í veiðstofn.

Lagt er til að sókn í skarkola verði ekki aukin og að leyfilegur hámarksafli fiskveiðíárið 1996/97 verði 10 þús. tonn.

## Sandkoli

Síðastliðinn áratug hefur sandkolaafli vaxið hratt. Árið 1984 var landað 447 tonnum af sandkola. Frá árinu 1990 hefur aflinn vaxið nokkuð stöðugt, að meðaltali um 730 tonn á ári og árið 1995 varð aflinn 5.560 tonn. Langstærsti hluti aflans er veiddur í dragnót. Afla í kasti í Faxaflóa hefur verið tiltölulega jafn á undanförnum fimm árum, að meðaltali um 500 kg. Á öðrum miðum hefur afli í kasti verið breytilegri eða á bilinu 600-900 kg í kasti. Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska benda til að sandkolastofninn hafi verið að svipaðri stærð á undanförnum árum. Þegar tekið er tillit til þess að útbreiðslusvæðið er frekar lítið, aflinn hefur vaxið hratt á undanförnum árum og þess að afrakstursgeta stofnsins er ekki þekkt, er varað við mikilli

aukningu í sandkolaveiðum. Í varúðarskyni er lagt til að sandkolaafli fiskveiðíárið 1996/97 fari ekki yfir 7.000 tonn.

### **Langlúra**

Langlúruaflinn minnkaði úr tæpum 4.600 tonnum árið 1987 í tæplega 1.300 tonn árið 1990. Langlúruaflinn jókst aftur og var um 2.500 tonn árið 1992 en hefur síðan verið á bilinu 1.600-1.800 tonn og var 1.760 tonn árið 1995. Afli á sóknareiningu hjá dragnótarbátum var um 1.000 kg/kasti árið 1987 en fór síðan minnkandi og var um 600 kg á árunum 1989-1991 og hefur farið enn minnkandi síðan þá og árið 1995 var aflinn einungis um 350 kg í kasti.

Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska benda til þess að veiðistofninn hafi minnkað um allt að helming frá 1985. Í ljósi þess að afli á sóknareiningu og stofnvísitala hefur farið minnkandi er lagt til að dregið verði úr sókn og henni haldið svipaðri og hún var að meðaltali árin 1990-1993 þannig að aflinn fiskveiðíárið 1996/97 fari ekki yfir 1.200 tonn.

### **Skrápflúra**

Allt fram til ársins 1987 var skrápflúra ekki nýtt en hún er algeng sem aukaafli í dragnót og botnvörpu. Skráður afli var lítill í fyrstu en frá árinu 1990 til 1991 jókst aflinn úr 650 í 1.710 tonn. Næstu tvö árin minnkaði aflinn nokkuð og var orðinn um 1.340 tonn árið 1993, jókst í 2.690 tonn árið 1994 og síðan í 5.360 tonn árið 1995. Árin 1992-1994 var afli í kasti hjá dragnótabátum tiltölulega jafn, að meðaltali um 1.260 kg. Árið 1995 féll afli í kasti hins vegar niður í 855 kg. Vísitölur veiðistofns skrápflúru úr stofnmælingu botnfiska benda þó til lítilla breytinga á stærð veiðistofnsins undanfarin sjö ár. Hins vegar hafa vísitölur ungfisks farið vaxandi allt frá árinu 1989. Í ljósi þess að sókn í skrápflúru og afli hafa vaxið mjög hratt á undanförrum árum, afli í kasti í dragnót hefur minnkað og að afrakstursgeta stofnsins er óþekkt, er lagt til að afli á hefðbundinni skrápflúruveiðslóð fari ekki yfir 5.000 tonn fiskveiðíárið 1996/97.

### **Þykkvalúra**

Eftir tæplega tíu ára hlé var farið að landa og nýta þykkvalúru á ný árið 1985. Árið 1995 var aflinn 750 tonn sem er svipað og næstu tvö ár á undan. Hámarksafli í seinni tíð var 1.100 tonn árið 1991. Samkvæmt stofnmælingu botnfiska hefur veiðistofn þykkvalúru minnkað um einn þriðja frá því að stofnmælingar hófust árið 1985 en afli á sóknareiningu dragnótabáta hefur verið nokkuð sveiflukenndur á sama tímabili.

### **Steinbítur**

Á árunum 1985-1988 jókst steinbítsaflinn úr tæplega 10 þús. tonnum í um 14.500 tonn, varð mestur tæplega 18 þús. tonn árið 1991 og hefur síðan minnkað í tæp 11 þús. tonn árið 1995. Vísitala veiðistofns hefur í stórum dráttum farið minnkandi síðan árið 1985 og 1995 var hún aðeins tæpur helmingur af vísitolunni 10 árum áður. Árið 1996 hækkaði vísitala veiðistofns talsvert. Vísitala ungvíðis bendir til vaxandi nýliðunar í veiðistofni. Talið er að aflinn síðustu árin hafi verið meiri en nemur langtíma afrakstri stofnsins. Hafrannsóknastofnunin leggur til að steinbítsaflinn á fiskveiðíárinu 1996/97 fari ekki yfir 13 þús. tonn.

### **Blálanga**

Blálanga hefur aðallega fengist sem aukaafli í botnvörpu. Á árunum 1986-1991 var blálönguafli Íslendinga á bilinu 1.400-2.100 tonn. Árið 1993 varð aflinn 5.300 tonn, hann varð tæp 2.000 tonn árið 1994 og 1.600 tonn árið 1995.

## Langa

Langa fæst aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar. Undanfarin ár hefur lönguafli Íslendinga verið 4-5.000 tonn en aflinn 1995 var um 3.700 tonn. Með svipaðri sókn má ætla að lönguaflinn verði um 4.000 tonn fiskveiðíárið 1996/97.

## Keila

Keiluafli Íslendinga var um 4.600 tonn árið 1994 og 5.200 tonn árið 1995. Þetta er um 85% af heildarafla keilu á Íslands miðum. Það var fyrst árið 1989 sem Íslendingar fóru að sækjast eftir keilu sérstaklega en áður fékkst keila aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar. Ljóst er engu að síður að sóknin í keilustofninn hefur aukist síðustu árin og stofnstærð og nýliðun minnkað. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að keiluafli á fiskveiðíárinu 1996/97 fari ekki yfir 6.000 tonn enda er ekki fyrirsjáanleg aukin nýliðun í stofninn.

## Hrognkelsi

Saga grásleppuveiða einkennist af miklum sveiflum í heildarafla. Árið 1995 var áætlaður grásleppuafl 5.500 tonn. Álitið er að veiðarnar eins og þær eru stundaðar valdi litlu um sveiflur í stofnstærð heldur orsakist þær m.a. af breytilegri nýliðun í hrygningarástofn á hverju svæði, sveiflum í aflabréögðum vegna breytilegra gæfta og markaðsaðstæðna.

## Síld

Á vertíðinni 1995/96 varð síldarafli úr íslenska sumargotsstofninum 126 þús. tonn en leyfðar höfðu verið veiðar á 125 þús. tonnum. Gert er ráð fyrir að hrygningarástofninn verði um 480 þús. tonn árið 1996 sem er heldur minna en gert hafði verið ráð fyrir í síðustu úttekt. Munar þar mest um að árgangurinn frá 1991 virðist hafa verið ofmetinn við síðustu úttekt. Á vertíðinni 1996/97 er gert ráð fyrir að mest verði um 5-8 ára síld, þ.e.a.s árgangana frá 1988-1991, sem allir eru ýmist vel í meðallagi eða sterkir. Hafrannsóknastofnunin leggur til að síldveiðin verði nærrí kjörsókn og aflinn á vertíðinni 1996/97 verði 100 þús. tonn.

Á árinu 1995 veiddu Íslendingar liðlega 174 þús. tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum. Heildarveiðin var hins vegar áætluð um 902 þús. tonn. Samkvæmt samkomulagi Færeyinga, Íslendinga, Norðmanna og Rússu um fyrirkomulag veiða úr þessum stofni er heildaraflamark þessara fjögurra strandríkja fyrir árið 1996 1.107 þús. tonn og verður hlutur Íslendinga þar af 190 þús. tonn.

## Loðna

Heildaraflinn á loðnuvertíðinni 1995/96 varð um 930 þús. tonn en leyfðar höfðu verið veiðar á 1.150 þús. tonnum. Mælingar á stærð 1993 árgangsins sem gerðar voru haustið 1995 benda til þess að vænta megi 1.650 þús. tonna afta á vertíðinni 1996/97. Í varúðarskyni leggur Hafrannsóknastofnunin til að loðnuveiðar á tímabilinu júlí-nóvember 1996 verði takmarkaðar við 1.100 þús. tonn en leyfilegur hámarksafli á vertíðinni allri verði ákveðinn eftir að stærð veiðistofnsins hefur verið mæld haustið 1996 og/eða veturninn 1997.

## Kolmunni

Íslendingar veiddu tæp 500 tonn af kolmunna á árinu 1995 en hafa ekki stundað kolmunnaveiðar svo teljandi sé síðan 1984. Árið 1995 var kolmunnastaflinn í Norðaustur Atlantshafi 579 þús. tonn. Á árunum 1987-1990 minnkaði stofninn en stækkaði síðan dálitið er stóra árgangsins frá 1989 fór að gæta. Heildarstofninn er nú talin vera um 3,6 milljónir tonna og hrygningarástofninn um 1,8 milljónir tonna. Bínist er við að veruleg nýliðun bætist við

veiðistofninn á næstu árum þar sem árgangurinn frá 1995 er talinn vera mjög sterkur og árgangarnir frá 1993 og 1994 einnig taldir yfir meðallagi.

### Gullax

Gullax hefur veiðst í botnvörpu við Ísland um langt árabil, einkum sem aukaafli við karfaveiðar. Tilraunaveiðar á gulllaxi hófust árið 1986 og var fram haldið næstu ár. Nokkur undanfarin ár hafa verið veitt leyfi til gullaxveiða og var aflinn mestur árið 1993 eða 1.300 tonn. Aflinn árið 1995 var tæp 500 tonn.

### Humar

Á árinu 1995 var úthlutað 2.200 tonna veiðiheimildum fyrir humar en veiðin nam aðeins rúnum 1.000 tonnum. Veiðistofn humars er nú talinn nokkru minni en hann var metinn á síðasta ári sem einkum má rekja til mjög lélegrar nýliðunar að undanförnu vegna óvenju slakra árganga frá tímabilinu 1987-1989. Ljóst er af fyrirriggjandi gögnum að humarstofninn er nú í nokkurri lægð sem skýrir þó ekki eitt og sér léleg aflabréögð á síðustu vertíð. Líklegast er að rekja megi aflaleysið til margra samverkandi þátta, þar sem seinkun vertíðar var án efa mikilvægur þáttur, en lægð í stofni, umhverfisskilyrði (lágur botnhiti og mikið sjóndýpi) auk hugsanlegs aukins rasks af völdum veiðarfæra eru einnig talin hafa haft áhrif.

Í ljósi nokkurrar óvissu um fram vinduna í humarstofnunum leggur Hafrannsóknastofnunin til að humarafli fari ekki yfir 1.500 tonn á fiskveiðíárinu 1996/97.

### Rækja

Rækjuafli á grunnslóð árið 1995 varð 9.900 tonn eða 1.000 tonnum meiri en árið áður. Almennt lýtur vel út með rækjuveiði innanfjarða á næstunni. Að þessu sinni leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli verði til bráðabirgða 7.600 tonn fyrstu mánuðina á komandi fiskveiðíári sem skiptist eins og sýnt er í töflu 2.20.2. Rækjuafli innfjarða á vertíðinni allri 1996/97 verði hins vegar ákveðinn í samræmi við niðurstöður stofnmælinga haustið 1996.

Rækjuafli á djúpslóð hefur aukist mikið á s.l. árum. Aflinn jókst úr tæpum 40 þús. tonnum árið 1992 í tæp 64 þús. tonn 1994 en aflinn 1995 varð 66 þús. tonn. Stofnvísitala úthafsrækju hækkaði verulega árin 1989-91, lækkaði nokkuð árin 1992-93 og 1994 var hún svipuð og 1991. Niðurstöður stofnmælinga 1995 benda til þess að veiðistofn hafi minnkað frá árinu áður. Próað hefur verið lfskan sem lýsir áhrifum rækjuveiða, nýliðunar rækju og stærðar hins ókynþroska hluta þorskstofnsins á stærð úthafsrækjustofnsins. Þar sem gert er ráð fyrir að þorskgengd á rækjumiðunum aukist verulega á næstunni má búast við að afrikstursgeta rækjustofnsins minnki að sama skapi þótt aðrir þættir komi þar einnig við sögu. Í samræmi við niðurstöður útreikninga sem taka tillit til þessara þátta, leggur Hafrannsóknastofnunin til að leyfilegur hámarksafli úthafsrækju fiskveiðíárið 1996/97 verði 55 þús. tonn.

Vorið 1993 hófust rækjuveiðar á *Flæmingagrundi*, alþjóðlegu hafsvæði austan efnahagslögsögu Kanada. Árið 1993 var afli Íslendinga 2.243 tonn, 2.300 tonn árið 1994 og 7.622 tonn árið 1995 (janúar-ágúst). Heildarafli allra þjóða á svæðinu árið 1995 var rúm 23 þús. tonn.

### Hörpubiskur

Heildarafli á hörpudiski árið 1995 varð tæp 8.400 tonn eða svipaður og árið á undan. Á árunum 1983-87 var aflinn hins vegar á bilinu 13-17 þús. tonn. Samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga í Breiðafirði er talið að hörpudisksstofninn hafi minnkað um 30% frá árinu 1982. Stofnvísitala í stofnmælingu í Breiðafirði 1996 var svipuð og á síðasta ári og vísbendingar eru um góða nýliðun á þriggja ára hörpudiski sem bætist þó ekki í veiðistofninn fyrr en að nokkrum árum

liðnum. Lagt er til að leyfilegur hámarksafli á hörpudiski fari ekki fram úr 8.000 tonnum á Breiðafirði fiskveiðíárið 1996/97. Tillögur um hámarksafla á öðrum svæðum eru samtals 1.300 tonn.

### Ígulker

Umtalsverðar ígulkeraveiðar hafa verið stundaðar hér við land frá árinu 1992. Aflinn árið 1995 var tæp 1.000 tonn samanborið við 1.450 tonn árið áður. Aðalveiðisvæðin eru Breiðafjörður, Húnaflói, Eyjafjörður og svæði á Austfjörðum. Mestur er aflinn í Breiðafirði eða 7-800 tonn s.l. tvö ár. Hafrannsóknastofnunin telur að fara beri varlega við nýtingu stofnsins og að sókn verði ekki aukin frá því sem nú er þar til ljóst er hver viðbrögð stofnsins við núverandi veiðíalagi verða.

### Hvalir

Stórhvalaveiðar voru stundaðar með hléum frá landstöðvum við Ísland í liðlega eina öld. Frá árinu 1948 hafa veiðarnar takmarkast við starfsemi stöðvarinnar í Hvalfirði. Að meðaltali voru veiddar 234 langreyðar og 68 sandreyðar á ári tímabilið 1948-1985, og 82 búrhvalir árin 1948-1982. Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni. Í samræmi við ákvæði hvalveiðisáttmáls var hins vegar veiddur takmarkaður fjöldi lang- og sandreyða í rannsóknarskyni árin 1986-1989. Árin 1990-1995 voru engar hvalveiðar stundaðar frá Íslandi.

Samkvæmt talningum eru um 8.900 *langreyðar* á hafsvæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands, en um 15.600 langreyðar á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen, þ.e. norðan 50°N. Þegar gert er ráð fyrir að heildarstofnsvæði langreyðar, sem gengur hingað á miðin, nái til síðarnefnda svæðisins, sýna útreikningar gott ástand stofnsins og að hann þoli umtalsverðar veiðar, a.m.k. 100-200 hvali á ári. Í varúðarskyni leggur Hafrannsóknastofnunin til að þar til fyrir liggur aftareglra fyrir langreyði fari ársafli ekki yfir 100 dýr.

Talningar benda til þess að *sandreyðarstofninn* sem Íslendingar hafa veitt úr undanfarna áratugi sé a.m.k. um 10.500 dýr. Miðað við að einu veiðarnar á þessari tegund undanfarna áratugi hafa verið frá Íslandi, er næsta víst að stofninn hafi þolað þær.

*Hrefnuveiðar* hafa verið stundaðar á litlum vélbátum hér við land mestan hluta þessarar aldar. Á árunum 1977-1985 veiddu Íslendingar árlega um 200 hrefnur. Vegna banns við hvalveiðum í atvinnuskyni hafa hins vegar engar veiðar á hrefnu verið leyfðar hér við land frá lokum vertíðar 1985.

Samkvæmt talningum eru um 28.000 hrefnur á Mið-Atlantshafssvæðinu, þar af tæpur helmingur á íslenska strandsvæðinu. Útreikningar sýna að veiðar undanfarna áratugi hafi ekki haft nein teljandi áhrif á stofninn. Ástand hans telst því gott og er talið að veiðar á 200 dýrum á ári hafi lítil áhrif á stofnstærðina. Útreikningar byggðir á svipuðum veiðistjórnunarreglum og þróaðar hafa verið fyrir hvalveiðar annars staðar í heiminum, en þó með hærri afrakstursforsendum, sýna svipaða niðurstöðu.

### Selir

Selveiðar á árinu 1995 voru mun minni en oftast áður. Alls veiddust 865 landselir samanborið við 1.039 á síðasta ári, 1.327 útselir miðað við 1.615 árið 1994 og 7 farselir.

Selir voru taldir við strendur landsins árið 1995. Áætlað er að landselsstofninn telji nú 19 þús. dýr og hafi minnkad verulega frá árinu 1980. Útselsstofninn telur nú 8.000 dýr en var álitinn um 13 þús. dýr á árabilinu 1982-90.

Yfirlit yfir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar varðandi hámarksafla úr hinum ýmsu nytjastofnum fiskveiðíárið 1996/97 er sýnt í töflu 1.1.

**TAFLA 1.1**

**Tillögur um hámarksafla fiskveiðíárin 1996/97 og 1995/96, og aflamark samkvæmt ákvörðunum stjórvalda fiskveiðíárið 1995/96 (þús. tonn).**  
**TACs recommended by the Marine Research Institute for the quota years 1995/96 and 1996/97 and national TACs for the quota year 1995/96 (thous. tonnes).**

Tegund <i>Species</i>	Aflahámark 1996/97 <i>Recomm. TAC 1996/97</i>	Aflahámark 1995/96 <i>Recomm. TAC 1995/96</i>	Aflamark 1995/96 <i>National TAC 1995/96</i>
Þorskur ( <i>Cod</i> )	186.0 <sup>3)</sup>	155.0 <sup>3)</sup>	155.0 <sup>3)</sup>
Ysa ( <i>Haddock</i> )	40.0	55.0	60.0
Ufsi ( <i>Saithe</i> )	50.0	65.0	70.0
Karfi ( <i>Redfish</i> )	65.0 <sup>5)</sup>	60.0 <sup>4)</sup>	65.0
Úthafskarfi ( <i>Oceanic redfish</i> )	-	150.0	-
Grálúða ( <i>Greenland halibut</i> )	15.0 <sup>1)</sup>	20.0 <sup>1)</sup>	20.0
Skarkoli ( <i>Plaice</i> )	10.0	10.0	13.0
Sandkoli ( <i>Dab</i> )	7.0	7.0	-
Langlúra ( <i>Witch</i> )	1.2	1.4	-
Skrápflúra ( <i>Long rough dab</i> )	5.0	5.0	-
Steinbítur ( <i>Wolffish</i> )	13.0	13.0	-
Keila ( <i>Tusk</i> )	6.0	6.0	-
Síld ( <i>Herring</i> )	100.0	110.0	125.0
Loðna ( <i>Capelin</i> )	1.100.0 <sup>2)</sup>	1.150.0 (800.0) <sup>2)</sup>	1.150.0
Humar ( <i>Nephrops</i> )	1.5	1.5 (1.5) <sup>2)</sup>	1.5
Rækja-grunnsl. ( <i>Insh. Northern shrimp</i> )	7.6 <sup>2)</sup>	11.0 (5.6) <sup>2)</sup>	11.0
Rækja-djúpsl. ( <i>Offsh. Northern shrimp</i> )	55.0	40.0 <sup>2)</sup>	63.0
Hörpudiskur ( <i>Iceland scallop</i> )	9.3	9.5	9.25 <sup>6)</sup>

1) Austur-Grænland/Ísland/Færøyjar. *East-Greenland/Iceland/Faroës.*

2) Tillaga um afla í upphafi vertíðar. *Provisional TAC.*

3) Aflahámark/aflamark reiknað skv. aflareglu. *Recommended TAC/TAC calculated according to catch rule for cod.*

4) Gullkarfi 25 þús. tonn; Djúpkarfi 35 þús. tonn. *Golden redfish 25 thous. tonnes, Deep Sea S. mentella 35 thous. tonnes.*

5) Gullkarfi 30 þús. tonn; Djúpkarfi 35 þús. tonn. *Golden redfish 30 thous. tonnes; Deep Sea S. mentella 35 thous. tonnes.*

6) Ekki sett aflamark fyrir Patreksfjörð, Tálknafjörð og Dýrafjörð. *No TAC for Patreksfjörður, Tálknafjörður and Dýrafjörður.*


## 2. Ástand nytjastofna

### 2.1 PORSKUR

#### 2.1.1 Afli, sókn og árgangaskipan í veiðinni 1995

Á árinu 1995 varð þorskaflinn tæp 170 þús. tonn eða 5 þús. tonnum meiri en gert var ráð fyrir í síðustu úttekt á stofninum (sjá Hafrannsóknastofnun. Fjöllrit, nr. 43). Til samanburðar var aflinn 179 þús. tonn árið 1994 og 252 þús. tonn 1993. Hefur aflinn ekki orðið minni síðan árið 1942.

Þorskaflinn á tímabilinu janúar-máí 1995 var 77 þús. tonn en 89 þús. tonn sömu mánuði 1994. Afli bátaflotans minnkaði úr 46 þús. tonnum á tímabilinu janúar til maí 1994 í 36 þús. tonn sömu mánuði 1995 og afli smábáta úr 19 þús. tonnum 1994 í 18 þús. tonn 1995. Samkvæmt aftatölum Fiskifélags Íslands (janúar-máí bæði árin) minnkaði togaraflí úr 26 þús. tonnum árið 1994 í 22 þús. tonn 1995. Þorskafli og veiðidánartölur á tímabilinu 1955-1995 eru sýndar á mynd 2.1.1 og aflinn allt frá árinu 1905 í töflu 3.1.1.




Uppistaða aflans á vetrarvertíð suðvestanlands 1995 var 4-6 ára þorskur eins og árið áður. Árið 1992 var hins vegar 7-9 ára þorskur uppistaða vertíðaraflans. Hlutdeild 5 og 6 ára þorsks (árganga 1990 og 1989) var mest eða 55% af fjölda og 54% af þyngd. Fjögurra ára þorskur (árgangur 1991), sem er lakur árgangur var þó þriðji algengasti árgangurinn með 18% miðað við fjölda og 10% miðað við þyngd. Hlutdeild 7-9 ára þorsks var aðeins 17 % miðað við fjölda og 29% miðað við þyngd. Hlutur 10 ára og eldri fisks var 3% af fjölda og 8% af þyngd. Til samanburðar skal þess getið að árið 1993 var hlutdeild 7 ára og eldri þorsks í vertíðaraflanum 31% af fjölda og 54% af þyngd. Árið 1992 var hlutur 7 ára og eldri þorsks 53% í fjölda og 71% miðað við þyngd.

Þessi umskipti í yngri fisk má rekja fyrst og fremst til langvarandi lakrar nýliðunar sem ásamt mikilli sókn fram til ársins 1994 hefur leitt til þess að hlutdeild eldri þorsks hefur stöðugt minnkað á hefðbundnum miðum.

Á uppvaxtarvæðum þorsksins á Norðvestur-, Norður- og Austurmiðum byggðist veiðin fyrstu fimm mánuði ársins 1995 einnig á árgöngunum 1989 og 1990 (5 og 6 ára þorski) eins og


árið áður. Hlutdeild þessara tveggja árganga var rúm 75% í fjölda og 73% í þyngd. Hlutur 7 ára og eldri þorsks var 16% í fjölda og 20% í þyngd.



Mynd 2.1.2. ÞORSKUR.  
Áætlun gerð í maí 1995 um hlutfallslega aldursdreifingu (% af fjölda) í afta árið 1995 og aldursdreifingin í lönduðum afla 1995.


Fig. 2.1.2. COD. May 1995 estimate of percentage age distribution (by number) in the 1995 catch and the age distribution in actual 1995 landings.

Porskaflinn á tímabilinu júní-desember 1995 varð 92 þús. tonn sem er um 4 þús. tonna aukning frá árinu 1994. Rúmur helmingur þessa afla (53%) veiddist á miðunum fyrir norðvestan, norðan og austan land. Suðvestanlands byggðist aflinn í júní-desember annars vegar á þriggja ára þorski (23% í fjölda) en hins vegar á 5 og 6 ára fiski (44% í fjölda). Á uppvaxtarsvæðum þorsksins á norðvestur- til austurmiða var þriggja ára þorskur (árgangur 1992) algengastur í fjölda en þriðji hver þorskur var af þessum árgangi. Næst algengustu árgangarnir í veiðinni á uppedisslóðinni voru árgangarnir frá 1989 og 1990 og nam hlutdeid þeirra til samans 48% í fjölda og 61% í þyngd. Árgangs 1992 sem enn er metinn slakur, gætti hvað mest í troll (34% í fjölda) og á línu (37%).



Mynd 2.1.3. ÞORSKUR.  
Þróun sóknar í þorsk eftir veiðarfærum árin 1991-1995 (miðað við 100 árið 1991).


Fig. 2.1.3. COD. Trends in relative effort (1991=100) by fishing gear during 1991-1995.



Mynd 2.1.4. ÞORSKUR.  
Þorskafli á sóknareiningu  
(miðað við 100 árið 1991)  
eftir veiðarfærum árin 1991-1995.

Fig. 2.1.4. COD. Relative changes in CPUE (1991=100) by fishing gear during 1991-1995.

Aflinn árið 1995 skiptist eftir aldri eins og sýnt er á mynd 2.1.2. Búist var við að meira myndi veiðast af 5 og 6 ára þorski en raun varð á. Eins og sést á súluritinu var mun meira veitt af fjögurra og þó einkum þriggja ára þorski en áætlað var. Skýringin á þessu liggar í því, að þrátt fyrir stórfellda sóknarminnkun í þorskinn, hefur sóknarmynstrið einnig breyst á þann veg að notkun veiðarfæra, sem veiða frekar yngri fisk hefur farið vaxandi á kostnað þess veiðarfærис, sem velur úr stærsta fiskinn. Hér er átt við notkun línu annars vegar og neta hins vegar. Vegna línutvöföldunarinnar svonefndu er línuafli orðinn meiri en netaaflinn. Skipting þorskaflans eftir aldri á árunum 1976-1995 er sýnd í töflu 3.1.5.



Mynd 2.1.5. ÞORSKUR.  
Afrakstur og hrygningarástofn  
á 3 ára nýliða miðað við  
mismunandi sókn, F  
(veiðidánartölù).  $F_k = F_{0.1}$   
kjörsókn.

Fig. 2.1.5. COD. Yield and spawning stock per 3 year old recruit at various fishing mortalities (F).  $F_k = F_{0.1}$

ENN dró verulega úr sókninni í þorskinn á árinu 1995 miðað við árin 1994 og 1993. Frekari samdráttur í þorskveiðiheimildum hafði í för með sér aukna sókn á fjarlæg mið og undir lok fiskveiðíárs 1994/95 héldu margir togaranna í Smuguna eins og árið áður (sjá kafla 2.1.7). Lætur nærrí að sókn togara í þorsk á Íslandsmiðum hafi minnkað um nær helming á árunum 1994 og 1995 miðað við 1993. Talsverður samdráttur varð einnig í þorsksókn netabáta en sókn línubáta

hefur hins vegar minnkað óverulega frá árinu 1991 (mynd 2.1.3). Þó að þorskstofninn hafi enn sem komið er ekki vaxið mikið, hefur sóknarminnkunin skilað sér strax í auknum afla á sóknareiningu (mynd 2.1.4) og þar með hagkvæmari veiðum. Eins og fram kemur á mynd 2.1.5 hefur nú loksins náðst það markmið að takmarka sóknina nálægt þeirri veiðidánartölu sem gefur hámarksafrekstur úr stofninum til lengri tíma litið. Veiðidánartölur fyrir árin 1976-1995 eru sýndar í töflu 3.1.7.

Vegna þess að leyfilegar aflaheimildir eru farnar að verka sem hemill á þorskveiðarnar hefur komið upp ný staða í veiðunum. Það kemur m.a. fram í því að einhver brögð munu vera að því að nýtanlegum þorski sé hent, ef kvótastaða er slæm. Einnig eru dæmi þess að reynt sé að skjóta þorski framhjá vigt. Í hve miklum mæli þetta hefur gerst er ekki vitað. Því má ætla að ekki hafi dregið eins mikið úr sókn í stofninn eins og tölur um landaðan afla gefa til kynna. Á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar er nú unnið að því að meta í hve miklum mæli fiski er hent hér við land.

## 2.1.2 Meðalþyngd og kynþroski

### 2.1.2.1 Meðalþyngd í lönduðum afla

Meðalþyngd 5, 8 og 11-13 ára þorsks jókst um 1-3% á árinu 1995 miðað við árið 1994. Meðalþyngd annarra aldursflokka lækkaði um 1-15% (tafla 3.1.2). Áætlað hafði verið að meðalþyngd á árinu 1995 mundi frekar lækka miðað við árið 1994. Raunin varð hins vegar sú að meðalþyngd varð nokkru hærri en spár gerðu ráð fyrir, nema fyrir elsta fiskinn, 12 ára og eldri þorsk (sjá Hafrannsóknastofnun. Fjöldit, nr. 43). Árið 1995 var árferði í sjónum þokkalegt og nóg æti, sem skýrir góðan vöxt, en 5 ára þorskur hefur aldrei mælst þyngri í lönduðum afla en árið 1995.

### 2.1.2.2 Meðalþyngd og kynþroskhlutfall á hrygningartíma


Meðalþyngd (tafla 3.1.3) og kynþroskahlutfall eftir aldri á hrygningartíma (tafla 3.1.4), sem notuð eru við útreikning á stærð hrygningastofns eru byggð á gögnum um landaðan afla tímabilið janúar-máí árin 1976-1995. Hlutfallslegar breytingar á meðalþyngd hrygningarfisks á árunum 1994-1995 eru svipaðar breytingum á meðalþyngd þorsks í lönduðum afla. Sú hækkan sem varð í hlutfallslegum kynþroska eftir aldri árin 1992 -1994 miðað við fyrri ár jókst enn frekar og hefur kynþroskahlutfall aldrei mælst eins hátt og árið 1995.

## 2.1.3 Nýliðun

Þótt gögn úr afla gefi nokkra vísbendingu um árgangastyrk 3-4 ára fisks gefur stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum betri upplýsingar um stærð yngri árganga. Niðurstöður varðandi þorskárgangana 1991-1995 (þriggja ára nýliða) eru þessar:

- Árgangur 1991 er talinn lélegasti árgangur sem fram hefur komið frá því að þorskrannsóknir hófust og er hann talinn vera aðeins um 60 milljónir nýliða. Þetta er óbreytt mat frá síðustu úttekt.
- Mælingar á árgangi 1992 benda einnig til þess að hér sé um slakan árgang að ræða eða 115 milljónir nýliða sem er 5 milljónum hærra mat en í síðustu úttekt. Þetta mat kann enn að hækka, þar sem þessa árgangs hefur gætt nokkuð í veiðunum í vetrur.
- Árgangur 1993 er talinn allnokkru sterkari en þeir árgangar sem hér er getið að framan. Þessi árgangur mælist nú 195 milljónir eða tæpur meðalárgangur. Þetta er lækkun um 15 milljónir nýliða miðað við síðasta mat.

- Fyrilliggjandi mælingar benda til þess að árgangur 1994 sé með lélegustu árgöngum sem fram hafa komið í þorskstofninum um áratuga skeið og er hann talinn vera ívið stærri en 1991 árgangurinn eða um 85 milljónir.
- Fyrstu athuganir á árgangi 1995 benda til þess að þar sé enn einn lakur árgangur á ferðinni.



Mynd 2.1.6. PORSKUR.  
Stærð þorskárganganna  
1960-1995. Fjöldi við 3 ára  
aldur (í milljónum).

Fig. 2.1.6. COD. Year  
classes 1960-1995 at age 3  
(in millions).

Eins og margoft hefur verið ítekað undanfarin ár hefur nýliðun þorskstofnsins verið með afbrigðum léleg síðan árið 1985. Af árgöngum þessa tímabils nær aðeins árgangurinn frá 1993 tæpri meðalstærð. Mat á árgöngum 1989 og 1990 hefur þó hækkað nokkuð frá fyrsta mati og eru þeir nú metnir rétt undir meðalstærð. Árgangar 1986-1988, 1991-1992 og 1994-1995 eru allir metnir mjög slakir. Fjöldi þriggja ára nýliða árin 1960-1995 er sýndur á mynd 2.1.6 og í töflu 3.1.8 allt frá árinu 1952.


#### 2.1.4 Ástand stofnsins

Til að meta stærð þorskstofnsins var notuð endurbætt aldurs-aflagreining (XS-greining) og tímaraðagreining (TS-greining) eins og síðastliðið ár. Með þessum aðferðum er unnt að nota vísítörlum um stærð einstakra aldursflokka sem fást úr stofnmælingu botnfiska, togara- og netaveiðiskýrslum til að meta veiðidánarstuðla í stofninum. Niðurstöður beggja aðferða benda til þess, eins og áður hefur komið fram, að þorskur hafi gengið frá Grænlandi til Íslands árið 1990 og var tillit tekið til þess við stofnmatið. Þegar bornir eru saman veiðidánarstuðlar reiknaðir með báðum aðferðum er munurinn líttill og langt innan tölfraðilegra öryggismarka. Niðurstöður tímaraðagreiningar gefa þó ívið lægri veiðidánarstuðla. Ljóst er að sú sóknarminnkun, sem varð á árunum 1994 og 1995, hefur leitt til þess að veiðidánartalan hefur lækkað um 48% á síðastliðnum tveim árum (tafla 3.1.7).

Í síðustu úttekt var veiðistofn áætlaður 580 þús. tonn við upphaf árs 1996 en er nú áætlaður 675 þús. tonn. Stærri veiðistofn en gert var ráð fyrir má að mestu leyti rekja til þess að meira dró úr sókn en áætlað var. Stærð þorskstofnsins miðað við fjölda eftir aldri og þyngd veiðistofnsins á árunum 1976-1996 er sýnd í töflu 3.1.6. Stærð hrygningarstofns á hrygningartíma 1996 miðað

við 165 þús. tonna afla á árinu 1995 og 155 þús. tonna afla árið 1996 var áætluð 305 þús. tonn. Endurmat á stærð hrygningarstofnsins nú, bæði í ljósi nýrrar úttektar og gangi veiðanna á vetrarvertíðinni 1996, bendir til þess að hann hafi verið um 380 þús. tonn. Stærri hrygningarstofn nú en gert var ráð fyrir í fyrra, má rekja til þess að bæði er veiðistofn nú metinn stærri en í fyrra, og eins þess, að hlutfallslega fleiri yngri fiskar eru kynþroska í stofninum nú en áætlað var þá. Stærð veiðistofns og hrygningarstofns á tímabilinu 1955-1995 er sýnd á mynd 2.1.7.

Tafla 3.1.8 sýnir stærð hrygningarstofns á hrygningartíma aftur til ársins 1955 ásamt fjölda þriggja ára nýliða allt aftur til ársins 1952. Þegar hrygningarstofn hefur verið minni en 500 þús. tonn hafa 14 af 26 árgögum orðið lélegir (minni en 150 milljón nýliðar). Þegar hrygningarstofn hefur verið yfir 500 þús. tonnum hafa hins vegar aðeins tveir af 15 árgögum verið lélegir. Þrátt fyrir mikinn breytileika í nýliðun eru þetta allsterkar vísbendingar um tengsl nýliðunar og hrygningarstofns. Léleg nýliðun í áratug bendir eindregið til þess, að stærð hrygningarstofnsins sé óviðunandi.



Mynd 2.1.7. ÞORSKUR. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns á hrygningartíma árin 1955-1996 í þús. tonna.

Fig. 2.1.7. COD. Fishable stock ( $4^+$ ) and spawning stock biomass at spawning time during the period 1955-1996 (thous. tonnes).

Í nýjustu úttekt Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) á ástandi þorskstofna við Grænland kemur fram að engan bata er að sjá á þorskstofnunum þar, en þorskur er nánast algjörlega horfinn af miðunum bæði við Austur- og Vestur Grænland. Nýliðun í stofnana þar er nær engin svo ekki er fyrirsjáanlegt að þorskur gangi þaðan á Íslandsmið það sem eftir lifir af þessari öld.

## 2.1.5 Horfur og hámarksafli samkvæmt aflareglu fiskveiðíárið 1996/97

Tafla 2.1.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda og þorskaflann síðan árið 1989. Í maí 1995 samþykktu stjórnvöld aflareglu, sem gerir ráð fyrir að veiðar á næsta fiskveiðíári verði takmarkaðar við 25% af meðalstærð veiðistofns í upphafi yfirstandandi árs og þess næsta, en fari þó aldrei niður fyrir 155 þús. tonn. Þar sem 25% af meðalstofnstærð í ársbyrjun 1995 og 1996 voru minni en 155 þús. tonn varð það útgefið aflamark fyrir fiskveiðíárið 1995/96. Bráðabirgðaendurmat á stofnstærð gert í apríl 1996 í kjölfar stofnmælingar með botnvörpu í mars 1996, hefði gefið 156 þús. tonna aflamark samkvæmt aflareglu eða svipað aflamark og stjórnvöld höfðu fyrr ákveðið fyrir fiskveiðíárið 1995/96. Vegna ákvæða í aflamarkskerfinu er hins vegar gert ráð fyrir að aflinn á fiskveiðíárinu 1995/96 og almanaksárinu 1996 verði meiri eða um 170 þús. tonn.

Spá um aldursdreifingu þorskaflans 1996 er sýnd á mynd 2.1.8. Miðað við veiðimynstur undanfarinna ára má gera ráð fyrir að allt að 40% aflans á árinu 1996 verði 3-4 ára smáþorskur (árgangar 1992-1993) þar sem árgangs 1993 fer að gæta í veiðunum á haustmánuðum. Hlutdeild 5-6 ára þorsk er áætluð 37% og hlutur 7 ára og eldri þorsk 23%.

Meðalþyngd 4-8 ára þorsk í afla 1996 er metin eins og áður með hliðsjón af meðalþyngd hvers árgangs árið áður og áætlaðri stærð loðnustofnsins en hvort tveggja ræður miklu um meðalþyngd árganga árið eftir. Meðalþyngd þriggja og 9-14 ára þorsk miðast hins vegar við meðaltöl áranna 1991-1995. Sama aðferð er notuð til að meta meðalþyngd á hrygningartíma. Kynþroskahlutfall eftir aldri hefur farið hækkandi undanfarin ár, og hefur aldrei mælst hærra en árið 1995 (tafla 3.1.4). Fyrstu vísbendingar um kynþroska eftir aldri árið 1996 benda til að kynþroskahlutfall fari nú aftur lækkandi (um forsendur fyrir kynþroskaspám, sjá töflu 3.1.9).

**TAFLA 2.1.1**  
**Porskur. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark**  
**samkvæmt ákvörðunum stjórnválda og afli (þús. tonn) 1989-1996.**  
*Cod. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and*  
*landings (thous. tonnes) 1989-1996.*

Ár Year	1989	1990	1991 <sup>1)</sup>	1991/92 <sup>2)</sup>	1992/93 <sup>2)</sup>	1993/94 <sup>2)</sup>	1994/95 <sup>2)</sup>	1995/96 <sup>2)</sup>
Tillaga - Recommended TAC	300	250	240	250	190	150	130	Aflaregl
Heildaraflamark - National TAC	325	300	245	265	205	165	155	155 <sup>4)</sup>
Aflamark Færeyinga - Quota (Faroes) <sup>3)</sup>	2	2	1.5	1	0.7	0.7	0.7	0.7
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	354	333	245	273	240	196	163	-
Afli annarra þjóða - Landings (others) <sup>3)</sup>	2	2	2	1	0.8	0.8	0.7	-
Afli alls - Total landings	356	335	247	274	241	197	164	-


1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. *January-August 1991.*

2) Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August.*

3) Almanaksár. *Calendar year.*

4) Samkvæmt aflareglu. *According to catch rule.*

Eins og fram kemur í kafla 2.1.3 um nýliðun í þorskstofninn er gert ráð fyrir að árgangarnir 1985 til 1994 séu allir undir meðallagi að undanteknum árgangi 1993 sem mælist nú tæplega meðalárgangur. Árgangar 1986, 1991 og 1994 eru sérstaklega lélegir og eru metnir innan við 100 milljónir þriggja ára nýliða. Þrátt fyrir gott árferði í sjónum árið 1995 er árgangur 1995 einnig talinn lélegur eða aðeins 150 milljónir nýliðar. Þessi langvarandi lélega nýliðun mun ekki geta gefið af sér meira en um 230 þús. tonna afla á ári til lengri tíma litið.



Mynd 2.1.8. PORSKUR. Spá um aldursdreifingu í aflanum (% af fjölda) 1996.

Fig. 2.1.8. COD. Prognosis of percentage age distribution (in numbers) of the 1996 catch.

Miðað við ofangreindar forsendur eru reiknuð áhrif mismunandi afla á þorskstofninn eins og fram kemur í töflu 2.1.2 og samkvæmt aflareglu á mynd 2.1.9.

**TAFLA 2.1.2**  
**Þorskur. Áhrif mismunandi aftahámarks á áætlaða stærð stofnsins**  
**(þús. tonn) árin 1998-1999.**  
*Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 1998-1999 for different management strategies.*


1996				1997				1998				1999			
Stofn 4+ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	Afli Catch F <sup>1)</sup>	Afta- hámark TAC	Stofn 4+ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	F <sup>1)</sup>	Afta- hámark TAC	Stofn 4+ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	F <sup>1)</sup>	Afta- hámark TAC	Stofn 4+ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	Afli Catch F <sup>1)</sup>	
675	381	0,4	170	155	814	0,32	155	828	389	0,29	155	941	464		
				170	814	0,36	170	810	373	0,33	170	905	434		
				185	814	0,40	185	793	358	0,38	185	869	405		
				200	814	0,44	200	776	342	0,42	200	834	376		
Aflareglu				186	814	0,40	201	792	352	0,41	205	850	386		

1) F= Veiðidánartala 5-10 ára þorsks. F= Fishing mortality of age groups 5-10.

- Ef veidd verða 155 þús. tonn árin 1997 og 1998, þ.e. afla haldið í lágmarksgildi aflareglunnar, mun veiðistofn vaxa í 940 þús. tonn árið 1999 og hrygningarstofn stækka úr 380 þús. tonnum 1997 í 465 þús. tonn 1999.
- Ef veidd verða áfram 170 þús. tonn á ári mun veiðistofn vaxa í 905 þús. tonn árið 1999 og hrygningarstofn í 434 þús. tonn.
- Við 200 þús. tonna afla næstu ár munu bæði veiðistofn og hrygningarstofn standa nánast í stað.
- Samkvæmt aflareglunni vex veiðistofn í 850 þús. tonn árið 1999 en hrygningarstofn stendur í stað.

Tilsvarandi framrekningar, þar sem miðað er við fiskveiðiár, gefa sömu niðurstöður.

Samkvæmt aflareglu verður hámarksafli því 186 þús. tonn fiskveiðiárið 1996/97.



Mynd 2.1.9. ÞORSKUR.  
 Stærð þorskstofnsins (þús. tonna) árin 1980-1997 og áhrif aftahámarks samkvæmt aflareglu á áætlaða stærð hans 1998-1999.

Fig. 2.1.9. COD. Stock size (thous. tonnes) 1980-1997 and projection of stock and spawning stock biomass in 1998-1999 by application of catch rule.

Eins og fram hefur komið, hefur nýliðun í þorskstofninn verið mjög slök síðustu árin. Miklar líkur eru á því að endurnýjunargeta hrygningarstofnsins sé verulega skert miðað við fyrra ástand stofnsins enda nær aðeins einn af 10 síðustu árgöngum í stofninum tæpri meðalstærð. Framhald þorskveiða með svipuðum afla og á yfirstandandi fiskveiðiári leiðir ekki til neinnar umtalsverðrar stækunar hrygningarstofnsins. Þó ber að hafa í huga að í framreikningum er gert ráð fyrir lækkandi kynþroskahlutfalli eftir aldri og þar með minnkandi hrygningarstofni að öðru óbreyttu. Þessar forsendur eru verulegri óvissu háðar.

Hafraffnsóknarstofnunin hefur kannað áhrif þess að nýta stofninn með núverandi aflareglu. Líkur á hrungi stofnsins til lengri tíma litið eru taldar innan við 1%. Það er ljóst að hrygningarstofninn mun nánast standa í stað á næstu árum, þar sem stofninn samanstendur af röð lélegra árganga. Endurreisn hrygningarstofnsins virðist því afar erfið um þessar mundir.

### 2.1.6 Viðmiðunarmörk í þorskveiðum

Markmið veiðieftirlits er að halda sókn í fjögurra ára þorsk og yngri í skefjum með því að loka smáfisksvæðum um lengri eða skemmtíma. Skyndilokun svæða vegna smáfisks byggist á viðmiðunarmörkum. Þau eru sett saman af hlutfallsmörkum og lengdarmörkum. Hlutfallsmörk segja til um leyfilegt hámarkshlutfall fiska undir lengdarmörkum í afla fiskiskipa. Lengdarmörk aðgreina fjögurra ára fisk og yngri frá eldri hluta stofnsins.

Viðmiðunarárgangur ársins 1997, árgangur 1993, er talinn tæpur meðalárgangur eða 195 milljónir þriggja ára nýliða.

Síðustu ár hafa lengdarmörk verið 55 sm og hlutfallsmörk oftast 25%. Ekki þykir ástæða til annars en að nota sömu viðmiðunarmörk áfram.

Því er lagt til að viðmiðunarmörk fyrir árið 1997 verði 25% undir 55 sm og gildi þau allt árið.

Samkvæmt þessu verður gripið til aðgerða vegna smáþorsks í afla þegar hlutfall fiska undir 55 sm er hærra en 25% í mælingum veiðieftirlitsmanna.

### 2.1.7 Porskveiðar í Barentshafi

Eftir áratuga hlé hófu Íslendingar á ný veiðar í Barentshafi árið 1993, nánar tiltekið í Smugunni, sem er alþjóðlegt hafsvæði í miðju Barentshafi. Frá árinu 1993 hafa íslensk fiskiskip stundað þorskveiðar með botn- og flotvörpu á þessum slóðum. Árið 1993 veiddu Íslendingar rúm 9.000 tonn, tæp 37 þús. tonn árið 1994 og árið 1995 var aflinn liðlega 34 þús. tonn. Heildarþorskafli í Barentshafi árið 1994 var um 775 þús. tonn og árið 1995 er hann áætlaður um 735 þús. tonn.


Stofnstærð þorsks í Barentshafi minnkaði úr 1,3 milljónum tonna árið 1986 í um 0,8 milljón tonn árið 1989. Stofninn fór síðan í 2,8 milljónir tonna árið 1993 en hefur minnkað aftur á síðustu tveim árum og virðist nú vera í jafnvægi nálægt tveim milljónum tonna. Þessi mikli vöxtur stofnsins á síðustu árum er að hluta til vegna lítillar veiði auk þess sem einstaklingsvöxtur var langt yfir meðallagi á árunum 1990-1993. Jafnframt hefur nýliðun verið góð. Hægt hefur þó verulega á vexti einstaklinga á síðustu árum og er það að hluta til rakið til mjög lélegs ástands loðnustofnsins í Barentshafi.

Um þessar mundir er stofnstærðin svipuð og meðaltal áranna 1946-1995. Hrygningarstofninn var áætlaður um 700 þús. tonn árið 1995 og er búist við að ástand hans verði gott á næstu árum enda hefur nýliðun verið góð allt tímabilið 1989-1994. Stofninn er nú talinn utan allra hættumarka. Norðmenn og Rússar hafa á grundvelli ráðlegginga fiskifræðinga ákveðið að takmarka aflann árið 1996 við 740 þús. tonn. Í þeiri áætlun er gert ráð fyrir að skip annarra þjóða veiði um 88 þús. tonn.

## 2.2 YSA

### 2.2.1 Afl og sókn

Ýsuaflinn á árinu 1995 varð rúm 61 þús. tonn. Fyrir fiskveiðíárið 1994/95 hafði verið lagt til að hámarksaflí yrði 65 þús. tonn. Aflamark var sett það sama. Fyrir fiskveiðíárið 1995/96 lagði Hafrannsóknastofnunin til 55 þús. tonna aflahámark og var aflamark ákvarðað 60 þús. tonn. Á sjö fyrstu mánuðum yfirstandandi fiskveiðíárs (1995/96) var aflí 16% minni en á sama tíma árið áður. Aflasamdráttur togara á þessum tíma var 21% en hjá bátum minnkaði aflinn um 9%. Mynd 2.2.1 sýnir árlegan ýsuafla og veiðidánartölur á árunum 1970-1995 og aflinn allt frá árinu 1950 er tilgreindur í töflu 3.2.1.



F Mynd 2.2.1. YSA.  
Heildaraflí (þús. tonna) árin  
1970-1995 og  
meðalveiðidánartala (F) 4-7  
ára ýsu sama tímabil.


Fig. 2.2.1. HADDOCK.  
Total landings (thous.  
tonnes) 1970-1995 (upper  
line) and mean  $F_{4-7}$  during  
the same period.

Ýsuaflinn á árinu 1995 varð heldur meiri en árið 1994. Samkvæmt veiðiskýrslum varð ýsuaflí á sóknareiningu nokkru meiri hjá togskipum árið 1995 heldur en 1994 og tölувert meiri í net. Línuafli á sóknareiningu þessi tvö ár var svipaður. Skýringin á því að aflabréð glæddust nokkuð árið 1995 er sú að miklu stærri hluti veiðistofnsins það ár var 5 ára fiskur og eldri sem er mun veiðanlegri en yngri fiskur, einkum í net. Árið 1995 var stóri árgangurinn frá 1990 52% af lönduðum afla, bæði miðað við þyngd og fjölda. Sex ára ýsan frá 1989 var einnig áberandi í veiði ársins 1995 eða um fimm tungur (19%) af þyngd aflans og 12.5% af fjölda.

Áætluð aldursskipting aflans árið 1995 er sýnd á mynd 2.2.3. Skipting ýsuaflans í fjölda eftir aldri á árunum 1976-1995 er sýnd í töflu 3.2.5 og veiðidánartölur í töflu 3.2.7.

### 2.2.2 Ástand stofnsins, árgangaskipan 1995, nýliðun og vöxtur


Til að meta stærð ýsstofnsins var eins og áður notuð endurbætt aldurs-afla aðferð (XS-greining). Til að meta fiskveiðíánarstuðla á árinu 1995 voru notaðar aldursgreindar vísítölur úr stofnmælingu botnfiska (að árinu 1996 meðtoldu) svo og aldursgreindar vísítölur úr togaraskýrslum (til ársins 1995) og aflaskýrslum netabáta (árin 1991-1995). Vísítölur stofnmælingarinnar eru góður mælikvarði á yngstu aldursflokka stofnsins, en vísítölur úr afla eru betri varðandi eldri hluta hans.



Mynd 2.2.2. YSA. Stærð veiðistofns (3 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1970-1996 í þús. tonna.

Fig. 2.2.2. HADDOCK.  
Fishable stock (3+) and  
spawning stock biomass  
during the period 1970-1996  
(thous. tonnes).


Stærð ýsstofnsins í þyngd og fjölda eftir aldri árin 1976-1996 er sýnd í töflu 3.2.6. Veiðistofn, þ.e. þriggja ára fiskur og eldri, er talinn hafa verið 155 þús. tonn og hrygningarstofninn 95 þús. tonn í ársþyrjun 1996 (mynd 2.2.2). Í síðustu úttekt (Hafrannsóknastofnun. Fjöllrit, nr. 43) var gert ráð fyrir talsvert stærri stofni, þ.e. 185 þús. tonna veiðistofni og 125 þús. tonna hrygningarstofni. Þessi munur stafar af tvennu. Allir árgangar í veiðistofnnum 6 ára og yngri eru nú taldir hafa verið ofmetnir (miðað við fjölda tveggja ára nýliða) um 6% miðað við síðustu úttekt. Þar af var árgangurinn frá 1992 (fjögurra ára 1996) ofmetinn um 12%. Spá um meðalþyngd eftir aldri í stofnnum 1996 stenst allvel. Meðalþyngd elstu árganganna var þó lítillega ofmetin. Þetta vegur þungt í lægra veiðistofnsmati nú þar sem 6 og 7 ára ýsa er um 40% af veiðistofni. Hlutfallsleg samsetning veiðistofns eftir aldri og þar með aflinn eins og honum var spáð hefur lítið breyst frá því sem áætlað var við síðustu úttekt (mynd 2.2.3).



Mynd 2.2.3. YSA. Spá í maí 1995 og áætlun frá maí 1996 um hlutfallslega aldursdreifingu (% af fjölda) landaðs afta 1996.

Fig. 2.2.3. HADDOCK.  
Prognosis in May 1995 and  
estimate in May 1996 for  
percent age distribution (by  
number) in the 1996  
landings.

Mynd 2.2.4. og tafla 3.2.6 sýna árgangastærð í ýsustofninum árin 1970-1995. Árgangarnir frá 1987 og 1988 eru báðir taldir mun minni en meðalárgangur (meðalstærð árganganna 1974-1990 er 62 milljónir tveggja ára fiska) eða 26 og 22 milljónir fiska en það er svipað mat og í síðustu úttekt. Um 23% veiðistofns í fjölda talið er úr stóru árgöngunum frá 1989 og 1990 (nú taldir 80 og 161 milljón nýliða) og er hlutur þeirra um 40% af þyngd stofnsins í ársþyrjun 1996. Mat á þessum árgögum var heldur hærra í síðustu úttekt (85 og 170 milljónir). Árgangurinn frá 1991 er nú talinn um helmingur af meðalárgangi eða 33 milljónir nýliða. Árgangurinn frá 1992 var áður talinn tæplega meðalárgangur eða 50 milljónir nýliða, en hann telst nú aðeins 44 milljónir nýliða. Nýliðunarrannsóknir gefa til kynna að árgangurinn frá 1993 sé vel yfir meðallagi eða um 73 milljónir nýliða (78 milljónir í síðustu úttekt). Árgangurinn frá 1994, mældur í stofnmælingu botnfiska sem eins og tveggja ára fiskur, er talinn vera 55 milljónir nýliða, þ.e. heldur undir meðallagi (fyrir talinn meðalárgangur). Samkvæmt stofnmælingu botnfiska virðist árgangurinn frá 1995 vera stór eða 125 milljónir nýliða. Við framrekninga er miðað við áðurnefnda stærð árganga og meðalstærð árganga áranna 1974-1990 fyrir enn yngri árganga.



Mynd 2.2.4. YSA. Stærð ýsuárganganna 1970-1995. Fjöldi við 2 ára aldur (í milljónum).


Fig. 2.2.4. HADDOCK. Size of year classes 1970-1995 at age 2 (in millions).

Eins og í fyrra er meðalþyngd eftir aldri úr stofnmælingu botnfiska notuð við stofnstærðarútreikninga aftur til ársins 1985 en meðalþyngdir úr afla fyrir árin þar á undan. Til samræmis er meðalþyngd í stofni (stofnmælingagögn frá marsmánuði) framreknuð á mitt ár út frá hlutfallslegum ársmeðalvexti aldursflokkja (tafla 3.2.3). Meðalþyngdir í afla eru tilgreindar í töflu 3.2.2.

Meðalþyngd ýsu eftir aldri hefur verið lág undanfarin 5-6 ár miðað við svipað þar á undan. Kemur þetta fram bæði í aflagögnum og stofnmælingagögnum. Mest áberandi er lélegur vöxtur stóra árgangsins frá 1990. Meðalþyngd hans sem þriggja til 6 ára er sú lægsta sem sést hefur á jafngömlum fiski síðan 1985 er stofnmæling botnfiska hófst. Við útreikninga á stærð ýsustofnsins 1996 eru notuð gildi um meðalþyngd eftir aldri sem fengust í stofnmælingu botnfiska (tafla 3.2.3).

Í þessari úttekt eru notuð gögn um kynþroska eftir aldri úr stofnmælingu botnfiska árin 1985-1996, en gögn úr afla fyrir árin þar á undan. Kynþroskahlutfall ýsu á öðru og þriðja aldursári hefur verið talsvert hærra árin 1993-1995 en á árunum 1985-1992 og helst svo áfram á árinu

1996. Árgangurinn frá 1992 sker sig úr hvað varðar hátt kynþroskahlutfall og mælist hann 25% kynþroska sem tveggja ára árið 1994 og 49% sem þriggja ára árið eftir. Kynþroskahlutfall hans á árinu 1996 (58%) er hátt en þó ekki einstætt fyrir fjögurra ára ýsu. Tafla 3.2.4 sýnir hlutfall kynþroska eftir aldri á árunum 1976-1996.



Mynd 2.2.5. YSA. Afrakstur og hrygningarstofn á 2 ára nýliða miðað við mismunandi sókn,  $F$  (veiðidánartölu).  $F_k$  er kjörsókn.

Fig. 2.2.5. HADDOCK. Yield and spawning stock biomass per 2 year old recruit at various fishing mortalities ( $F$ ).  $F_k = F_{0.1}$

Til að áætla meðalþyngd 3-9 ára ýsu og framrekna stærð ýsustofnsins fyrir árin 1997-1999 er notað sambandið (aðhvarfsgreining) milli meðalþyngdar 3-9 ára ýsu og sömu árganga árið áður (þ.e. 2-8 ára ýsu) fyrir tímabilið 1985-1996. Hvað varðar tveggja ára ýsu er notuð meðalþyngd áranna 1994-1996. Til að áætla meðalþyngd í afta fyrir árin 1997-1999 er notuð sama aðferð á aflagjögn fyrir tímabilið 1985-1995. Meðaltal kynþroskahlutfalls eftir aldri úr stofnmælingu botnfiska árin 1994-1996 er notað í framrekningum um þróun hrygningarstofnsins (sbr. töflur 3.2.4 og 3.2.8).

### 2.2.3 Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 1996/97

Tafla 2.2.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórvalda og ýsuafla síðan árið 1989. Þar kemur fram að undanfarin fjögur fiskveiðiár hefur vantað töluvert upp á að leyfilegur ýsuafla hafi náðst. Á síðastliðnu fiskveiðíári (1994/95) er þessi munur þó með minnsta móti þar sem afli var 61 þús. tonn en leyfilegur hámarksafli og tillögur hljóðuðu upp á 65 þús. tonn. Bent hefur verið á hægan vöxt stóru árganganna frá árunum 1989 og 1990 sem skýringu á að þeir hafi komið seitn inn í veiði og kvótar því ekki náðst. Nú er hins vegar ljóst að umræddir árgangar hafa einnig enst skemur og gefið minna af sér en vonir stóðu til og á það reyndar við um fleiri árganga. Í því sambandi skal bent á að meðalnýliðun í ýsustofninum er um 62 milljónir tveggja ára nýliða og hámarksafrikstur á nýliða um 1 kg (mynd 2.2.5). Því er hámarksafrikstur stofnsins til lengri tíma litið liðlega 60 þús. tonn. Aflabréð á líðandi fiskveiðíári (1995/96) gefa til kynna að ekki náist að veiða leyfilegan hámarksafla (60 þús. tonn) og að afli geti orðið um 50 þús. tonn.

Framrekningar á stærð ýsustofnsins (tafla 2.2.2, mynd 2.2.7) eru byggðir á því að aflinn á árinu 1996 verði 50 þús. tonn og á áðurnefndum forsendum um árgangastærð, meðalþyngd, kynþroska og nýliðun. Spá um aldursskiptingu aflans árið 1997 er sýnd á mynd 2.2.6.

**TAFLA 2.2.1**

**Ýsa. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark**

**samkvæmt ákvörðunum stjórnválda og afli (þús. tonn) 1989-1996.**

**Haddock. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and**


**landings (thous. tonnes) 1989-1996.**

Ár Year	1989	1990	1991 <sup>1)</sup>	1991/92 <sup>2)</sup>	1992/93 <sup>2)</sup>	1993/94 <sup>2)</sup>	1994/95 <sup>2)</sup>	1995/96 <sup>2)</sup>
Tillaga - Recommended TAC	60	60	38	50	60	65	65	55
Heildaraflamark - National TAC	65	65	48	50	65	65	65	60
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	62	66	40	45	45	56	60	-
Afli annarra þjóða - Landings (others) <sup>3)</sup>	1	1	1	1	1	1	1	-
Afli alls - Total landings	63	67	41	46	46	57	61	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. January-August 1991.

2) Fiskveiðíárið september-ágúst. Quota year September-August.

3) Almanaksárá. Calendar year.



Mynd 2.2.6. ÝSA. Spá um aldursdrei fingu (% af fjölda) í aflanum 1997.

Fig. 2.2.6. HADDOCK.  
Prognosis of percent age distribution (in numbers) in the 1997 catch.

Mikil umskipti verða í veiðistofni ýsu á næstu árum hvað aldurssamsetningu varðar og mun hann samanstanda af miklu yngri fiski en áður. Áætlað er að í ársbyrjun 1996 hafi stóru árgangarnir frá árunum 1989 og 1990 verið um 40% af veiðistofni (í þyngd) en við upphaf árs 1997 innan við 20%. Áætluð hlutdeild þeirra í afla bæði þessi ár (1996 og 1997) er nokku meiri eða 40% og 27% og er árgangurinn frá 1990 talinn verða 22% af afla árið 1997. Burðarás í stofni og afla á árinu 1997 verður fjögurra ára fiskur af árganginum frá 1993 sem nú er talinn vel í meðallagi stór. Miklar vonir eru síðan bundnar við árganginn frá 1995 sem mældist álíka sterkur sem eins árs ýsa í stofnmælingu botnfiska og stóru árgangarnir frá árunum 1990 og 1985. Núverandi mat á árganginum er 125 milljónir nýliða. Þessi árgangur kemur hins vegar ekki inn í veiðistofn fyrr en á árinu 1998.

**TAFLA 2.2.2**


**Ýsa. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins**

**(þús. tonn) 1998-1999.**

*Haddock. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes)  
in 1998-1999 for different management strategies.*

1996				1997				1998				1999				
Stofn 3+ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	F <sup>1)</sup> Catch	Afla- hámark TAC	Stofn 3+ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	F <sup>1)</sup>	Afla- hámark TAC	Stofn 3+ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	F <sup>1)</sup>	Afla- hámark TAC	Stofn 3+ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	Afla- hámark TAC	Stofn 3+ Stock	
155	95	0,64	50	40	155	105	0,49	40	210	125	0,39	40	240	155		
				45	155	105	0,57	45	200	120	0,47	45	230	145		
				50	155	105	0,65	50	195	115	0,57	50	215	135		
				55	155	105	0,74	55	190	110	0,68	55	200	125		

1) F= Veiðidánartala 4-7 ára ýsu. F= Fishing mortality of age groups 4-7.



Mynd 2.2.7. ÝSA. Stærð  
ýsustofnsins (þús. tonna) árin  
1981-1997 og áhrif  
mismunandi aflahámarks á  
áætlaða stærð hans 1998-  
1999.

Fig. 2.2.7. HADDOCK.  
Stock size (thous. tonnes)  
1981-1997 and projection of  
stock and spawning stock  
biomass in 1998-1999 for  
different management  
strategies.


Í ársbyrjun 1997 er gert ráð fyrir að veiðistofn verði jafnstór og í ársbyrjun 1996 og að hrygningarstofn verði svipaður að stærð bæði árin. Veiðidánarstuðlar ýsu hafa um árabil verið háir og er svo enn. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um 55 þús. tonna hámarksafla á yfirstandandi fiskveiðíári miðuðust við að lækka veiðidánarstuðla (úr 0,63 í 0,5), en nýtt stofnmat bendir til að það markmið nái ekki. Við 40 þús. tonna veiði á komandi fiskveiðíári, sem er um 25% af veiðistofni, munu bæði veiðistofn og hrygningarstofn fara verulega stækkandi og svo er einnig þótt veidd verði 55 þús. tonn. Sú spá stendur reyndar og fellur með því hvort stóri árgangurinn frá 1995 sem bætist í veiðistofninn við upphaf árs 1998 skilar sér í sama mæli og gert er ráð fyrir. Aðeins með verulegri minnkun afla mun nást fram lækkun á fiskveiðidánarstuðlum eins og að hefur verið stefnt. Því er lagt til að ýsuaflí á næsta fiskveiðíári (1996/97) fari ekki yfir 40 þús. tonn. Ef stefnt yrði að sama veiðihlutfalli (þ.e. 25% af meðaltali veiðistofns í upphafi árs 1997 og 1998 eins og gert er í þorski) yrði aflinn á fiskveiðíárinu 1997/98 45 þús. tonn.

## 2.3 UFSI

### 2.3.1 Afli, sókn og árgangaskipan 1995

Ufsaaflinn árið 1995 varð rúm 48 þús. tonn, sem er minnsti ufsaafli í meira en þrjá áratugi. Aflinn árið 1994 var rúm 64 þús. tonn (mynd 2.3.1 og tafla 3.3.1).


Samkvæmt veiðiskýrslum var sókn togara í ufsa á árinu 1995 um 23% minni en árið 1994 og sókn netabáta minnkaði um 32% á sama tíma. Hlutdeild netafla hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Um 14% ufsafla veiddist í net á árinu 1991 en hlutdeild neta á undanförnum þremur árum hefur verið um 30% sem er svipað og á árunum 1981-1984. Hlutdeild botnvörpu í heildarafla hefur einnig verið svipuð á undanförnum árum eða um 60%.



F  
Mynd 2.3.1. UFSI.  
Heildarafti (þús. tonna) árin  
1965-1995 og  
meðalveiðidánartala (F) 4-9  
ára ufsa sama tímabil.

Fig. 2.3.1. SAITHE. Total  
landings (thous. tonnes)  
1965-1995 (upper line) and  
mean  $F_{4-9}$  during the same  
period.

Ufsaaflinn á tímabilinu janúar-mars 1996 var 12 þús. tonn sem er um 2.700 þús. tonnum minni afli en fékkst á sama tímabili árið 1995. Áætluð aldursskipting í aflanum árið 1996 er sýnd á mynd 2.3.2.



Mynd 2.3.2. UFSI. Spá í  
maí 1995 og áætlun frá apríl  
1996 um hlutfallslega  
aldursdrei fingu (% af fjölda)  
landaðs afla 1996.


Fig. 2.3.2. SAITHE.  
Prognosis in May 1995 and  
an estimate in April 1996 for  
percent (by number) age  
distribution in the 1996  
landings.

Ufsaafli togara árið 1995 var að mestu (86% af fjölda) 3-7 ára ufsi og var hlutdeild 5 ára ufsa mest eða um 24%. Mestur hluti (88%) afla netabáta var 6-11 ára gamall ufsi og var hluteild 7 ára ufsa mest eða um 27%. Hlutdeild 5 ára ufsa (árgangur 1990) í veiðinni 1995 var um 21% sem er tölувert minni hlutdeild en gert var ráð fyrir (35%). Þetta skýrist af því að 1990 árgangurinn var álitinn yfir meðalstærð (56 milljónir) en er nú metinn um 33 milljónir þriggja ára nýliða. Einnig veiddist meira af þriggja ára ufsa 1995 (1992 árgangur) en gert var ráð fyrir í síðustu úttekt (Hafrannsóknastofnun. Fjölrít, nr. 43). Skipting ufsaflans í fjölda eftir aldri á árunum 1976-1995 er sýnd í töflu 3.3.4 og veiðidánartölur í töflu 3.3.6.

Sókn í ufsastofninn hefur verið svipuð á undanförnum árum, dálítið umfram kjörsókn en rétt tæplega sú sókn er gefur hámarksfrakstur eins og kemur fram á myndum 2.3.1 og 2.3.3.

### 2.3.2 Vöxtur og kynþroski

Meðalþyngd ufsa í lönduðum afla minnkaði um 25% frá árinu 1986 til 1991 (tafla 3.3.2). Á undanförnum árum hefur meðalþyngd aftur farið vaxandi en er þó enn tölувert laegri en hún var á árunum 1984-1987. Árið 1995 fór meðalþyngd 4-6 ára og 8 ára ufsa vaxandi miðað við árið á undan en meðalþyngd annarra aldursflokka minnandi. Hjá ufsa er marktækt samband á milli árgangastærðar og meðalþyngdar í lönduðum afla og skýrist lág meðalþyngd 11 ára ufsa 1995, a.m.k. að hluta til af stærð árgangsins frá 1984.



Mynd 2.3.3. UFSI. Afrakstur og hrygningarstofn á 3 ára nýliða miðað við mismunandi sókn,  $F$  (veiðidánartolu).  $F_k$  er kjörsókn.


Fig. 2.3.3. SAITHE. Yield and spawning stock biomass per 3 year old recruit at various fishing mortalities ( $F$ ).  $F_k = F_{0.1}$

Gögn um kynþroskahlutfall úr lönduðum afla frá árunum 1980-1995 (tafla 3.3.3) sýna óeðlilegar breytingar frá ári til árs sem stafa líklega af misvísandi sýnum úr afla. Við mat á kynþroskahlutfalli áranna 1980-1996 var því notað tölfræðilegt líkan þar sem kynþroskahlutfall var metið sem fall af aldri og árgangastærð.

### 2.3.3 Ástand stofnsins og nýliðun


Eins og áður hefur komið fram í skýrslum Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand fiskstofna ná seiðarannsóknir og stofnmæling með botnvörpu hvorki til ufsaseiða né yngstu árganga ufsa. Í framrekningum á stærð ufsastofnsins og við mat á stærð yngstu árganga er því miðað við meðalnýliðun áranna 1970-1990, um 40 milljónir þriggja ára nýliða.

Við mat á fiskveiðidánarstuðlum árið 1995 var notuð tímaraðagreining (Time Series Analysis, TSA) sem byggir á gögnum um aldursgreindan afla. Ymsar stofnmatsaðferðir voru reyndar og var best innbyrðis samræmi í niðurstöðum tímaraðagreiningarinnar. Fiskveiðidánarstuðlar metnir með tímaraðagreiningu voru síðan notaðir í hefðbundinni aldursafla aðferð (VP-greiningu).



Mynd 2.3.4. UFSI. Stærð veiðistofns (4 ára og eldri) og hrygningarástofns árin 1968-1996 (þús. tonna).

Fig. 2.3.4. SAITHE. Fishable stock ( $4^+$ ) and spawning stock biomass during the period 1968-1996 (thous. tonnes).



Mynd 2.3.5. UFSI. Stærð ufsaárganganna 1965-1995. Fjöldi við 3 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.3.5. SAITHE. Year classes 1965-1995 at age 3 (in millions).

Árgangurinn frá 1990 er nú áætlaður um 33 milljónir þriggja ára nýliða. Meðalnýliðun árin 1989-1993 er metin um 28 milljónir þriggja ára nýliða og nýliðunin árin 1990 og 1992 (árgangar 1987 og 1989) aðeins um helmingur langtíma meðaltals (40 milljónir nýliða). Þessi slaka nýliðun undanfarinna ára hefur leitt til minnkandi stofns. Um yngri árganga ríkir óvissa og er því gert ráð fyrir að þeir séu að meðalstærð.

Stærð hrygningarstofnsins í ársbyrjun 1996 er nú metin 145 þús. tonn sem er 55 þús. tonnum minna en áætlað var í síðustu skýrslu. Hrygningarstofn ufsa hefur ekki mælst minni síðan árið 1964 en þá var stærð hans metin um 142 þús. tonn sem er sögulega þekkt lágmark.

Miðað við svipaðan afla síðustu fimm mánuði yfirstandandi fiskveiðíárs og fékkst á síðasta fiskveiðíári er áætlað að ufsaaflinn fiskveiðíárið 1995/96 verði um 46 þús. tonn og að veiðistofn ufsa í ársbyrjun 1997 verði um 290 þús. tonn og að hrygningarstofninn verði um 160 þús. tonn.

Stærð ufsastofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd veiðistofns og hrygningarstofns á árunum 1976-1996 er sýnd í töflu 3.3.5.

### 2.3.4 Tillögur um hámarksafla fiskveiðíárið 1996/97

Tafla 2.3.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnlvalda og ufsaafla síðan árið 1989.

**TAFLA 2.3.1**

**Ufsi. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnlvalda og aflí (þús. tonna) 1989-1996.**  
**Saithe. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1989-1996.**

Ár Year	1989	1990	1991 <sup>1)</sup>	1991/92 <sup>2)</sup>	1992/93 <sup>2)</sup>	1993/94 <sup>2)</sup>	1994/95 <sup>2)</sup>	1995/96 <sup>2)</sup>
Tillaga - Recommended TAC	80	90	65	70	80	75	70	65
Heildaraflamark - National TAC	80	90	65	75	92	85	75	70
Aflí Íslendinga - Landings (Iceland)	80	95	69	86	76	67	50	-
Aflí annarra þjóða - Landings (others) <sup>3)</sup>	3	3	2	2	2	2	1	-
Aflí alls - Total landings	83	98	71	88	78	69	51	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. January-August 1991.

2) Fiskveiðíárið september-ágúst. Quota year September-August.

3) Almankasár. Calendar year.

**TAFLA 2.3.2**

**Ufsi. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn) 1998-1999.**


**Saithe. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 1998-1999 for different management strategies .**

1996				1997				1998			
Stofn 4+ Stock 4+ stock	Hrygn.- stofn Spawning F <sup>I)</sup>	Aflí- hámark TAC	Aflí- hámark TAC	Stofn 4+ Stock 4+ stock	Hrygn.- stofn Spawning F <sup>I)</sup>	Aflí- hámark TAC	Stofn 4+ Stock 4+ stock	Hrygn.- stofn Spawning F <sup>I)</sup>	Aflí- hámark TAC	Stofn 4+ Stock 4+ spawning stock	Hrygn.- stofn Spawning stock
260	145	0,26	46	40	290	160	0,19	40	320	185	0,16
				50	290	160	0,25	50	310	180	0,22
				70	290	160	0,37	70	285	160	0,37

1) F= Meðalveiðidánartala 4-9 ára ufsa. F= Mean fishing mortality of age groups 4-9.

Í ljósi þess að meðalnýliðun í ufsastofninn er um 40 milljónir þriggja ára nýliða og hámarksfrakstur á nýliða um 1,8 kg (mynd 2.3.3), má ætla að hámarksfrakstur stofnsins til lengri tíma litið sé rétt liðlega 70 þús. tonn.

Í framreikningum á stofnstaðr sem sýndir eru í töflu 2.3.2 og á mynd 2.3.6 er gert ráð fyrir að yngstu árgangarnir (1991-1994) séu að meðalstaðr eða 40 milljónir þriggja ára nýliða. Kynþroski eftir aldri árin 1996-1999 er áætlaður út frá sambandi á milli kynþroska, aldurs og árgangastyrks. Meðalþyngd 4-9 ára fisks eftir aldri fyrir sama tímabil var metin með aðhvarfsgreiningu þar sem tekið er tillit til árgangastyrks og meðalþyngdar sama aldursflokkus árið áður. Meðalþyngd þriggja og 10-14 ára ufsa miðast hins vegar við meðaltöl áranna 1993-1995 (tafla 3.3.7) að því undanskildu að tekið er tillit til lágrar meðalþyngdar 1984 árgangsins. Spá um aldursskiptingu aflans árið 1997 er sýnd á mynd 2.3.7.




Mynd 2.3.6. UFSI. Staðr ufsastofnsins (þús. tonna) árin 1980-1997 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða staðr hans 1998-1999.

Fig. 2.3.6. SAITHE. Stock size (thous. tonnes) 1980-1997 and projection of stock and spawning stock biomass in 1998-1999 for different management strategies.

Miðað við ofangreindar forsendur eru reiknuð áhrif mismunandi afla á ufsastofninn eins og fram kemur í töflu 2.3.2 og mynd 2.3.6.

- Ef veidd verða 40 þús. tonn af ufsa á næstu tveim árum mun sókn verða nálægt kjörsókn og veiðistofn vaxa úr 290 þús. tonnum í 350 þús. tonn og hrygningarstofn úr 160 þús. tonnum í 215 þús. tonn.
- Við 50 þús. tonna afla mun sókn verða svipuð og árið 1996, bæði veiði- og hrygningarstofn munu vaxa nokkuð á næstu tveim árum.
- Við 70 þús. tonna munu bæði veiðistofn og hrygningarstofn standa í stað.



Mynd 2.3.7. UFSI. Spá um aldursdreifingu í lönduðum afla (% af fjölda) 1997.

Fig. 2.3.7. SAITHE. Prognosis of percent age distribution (in numbers) in the 1997 landings.

Eins og að ofan greinir hefur nýliðun í ufsastofninn verið fremur slök á undanförnum árum. Veruleg óvissa ríkir um stærð uppvaxandi árganga. Ljóst er að aukin sókn í ufsa mun ekki leiða til aukins afla til lengri tíma litið. Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í ufsastofninn verði ekki aukin og að ufsaafli á fiskveiðíárinu 1996/97 fari ekki yfir 50 þús. tonn.


## 2.4 KARFASTOFTNAR

Undanfarin tvö ár var gefin aðskilin ráðgjöf fyrir gullkarfa og djúpkarfa. Við úttekt karfastofna fyrir fiskveiðíárið 1995/96 var fjallað um karfategundirnar hverja fyrir sig og verður það einnig gert nú. Til að koma í veg fyrir misskilning eru þau nöfn sem Hafrannsóknastofnunin notar yfir karfategundir við Ísland ítrekuð hér.

<i>Sebastes viviparus</i> =	<b>Litli karfi</b>
<i>Sebastes marinus</i> =	<b>Gullkarfi</b>
<i>Sebastes mentella</i> <	<b>Djúpkarfi</b> <b>Úthafskarfi</b>

Eins og kunnugt er hefur litli karfi ekki verið nýttur hér við land og er því ekki fjallað um hann hér. Stofnar úthafskarfa og djúpkarfa eru taldar til sömu tegundar, *Sebastes mentella*.

Árið 1994 var nýjum aðferðum beitt við athuganir á hlutfalli gullkarfa og djúpkarfa í afla á Íslandsmiðum og var þeim haldið áfram á árinu 1996. Frá upphafi karfaveiða á Íslandsmiðum hefur ekki verið greint á milli tegunda við löndun á afla en nýverið var hins vegar ákveðið að greina skuli á milli gullkarfa og djúpkarfa í lönduðum afla.



Mynd 2.4.1 GULLKARFI og DJÚPKARFI.  
Samanlagður heildarafla (í þús. tonna) beggja tegunda árin 1970-1995 á svæðinu Austur-Grænland, Ísland, Færøyjar.

Fig. 2.4.1. *S. MARINUS* AND DEEP-SEA *S. MENTELLA*. Total landings (thous. tonnes) of both species 1970-1995 from East-Greenland, Iceland and the Faroese waters.

Óbeinar athuganir á samsetningu karfaafla benda til að gullkarfaafli hafi minnkað verulega á síðustu árum. Samanlagður heildarafla af gullkarfa og djúpkarfa á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færøyjar frá árinu 1970 er sýndur á mynd 2.4.1, en hann komst mest í tær 190 þús. tonn árið 1976. Pað ár og árið 1975 stunduðu Sovétmenn smákarfaveiðar við A-Grænland. Samanlagður afli á þessum tegundum hefur verið nokkuð stöðugur síðustu 10 árin eða á bilinu 110-125 þús. tonn.


Gögn úr aflaskýrslum togskipa eru mikið notuð við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar varðandi veiðar úr karfastofnunum. Hins vegar er gullkarfa- og djúpkarfaflinn í flestum tilfellum skráður sameiginlega í aflaskýrslum. Karfaafla á Íslandsmiðum má í grófum dráttum greina til tegunda eftir dýpi því gullkarfi heldur sig vanalega ofan við 4-500 m dýpi meðan djúpkarfi veiðist oftast á meira en 500 m dýpi.

Á árinu 1996 var fram haldið úttekt á gögnum frá veiðiskipum sem byggist á að greina í sundur afla á sóknareiningu eftir dýpi. Þar sem djúpkarfinn er að mestu leyti veiddur á meira en 500 m dýpi er ljóst að gögn af þessu dýptarsviði endurspeglar afla á sóknareiningu við djúpkarfaveiðar. Á sama hátt endurspeglar gögnin úr aflaskýrslum af minna en 500 m dýpi afla á sóknareiningu í gullkarfaveiðinni.

## 2.4.1 Gullkarfi

### 2.4.1.1 Afli og sókn

Talið er að gullkarfi á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar sé af sama stofni. Heildarafla á gullkarfa á svæðinu er sýndur í töflu 3.4.3. Aflinn var mestur árið 1982 eða yfir 130 þús. tonn en hafði þá vaxið úr 49 þús. tonnum frá árinu 1978. Aflinn varð um 107 þús. tonn árið 1983 en síðan þá hefur hann farið minnkandi og var kominn í 56 þús. tonn árið 1991. Árið 1993 var gullkarfaflinn 50 þús. tonn, 43 þús. tonn árið 1994 og árið 1995 varð aflinn 45 þús. tonn.



Mynd 2.4.2. GULLKARFI.  
Aflí á Íslands miðum,  
áætlaður heildaraflí á  
svæðinu Austur-  
Grænland/Ísland/Færeyjar  
1970-1995 og aflí á togtíma  
(kg/klst.) árin 1986-1995.

Fig. 2.4.2. *S. MARINUS*.  
Landings from Icelandic  
grounds 1970-1995, total  
landings from East-  
Greenland, Icelandic and  
Faroese Waters and CPUE  
(kg/h) during 1986-1995.

Gullkarfaflinn á Íslands miðum árin 1970-1995 er sýndur á mynd 2.4.2. Aflinn var áætlaður tær 42 þús. tonn árið 1995 samanborið við 39 þús. tonn árið 1994, 46 þús. tonn árið 1993 og 51 þús. tonn árið 1992. Mestur hluti þess gullkarfa sem veiddur er á Íslands miðum veiðist í botnvörpu. Ef gert er ráð fyrir að sókn togara við „karfaveiðar“ sé í gullkarfa þegar veitt er á minna dýpi en 500 m, kemur í ljós að aflí á togtíma dróst verulega saman á árunum 1987-1994 (mynd 2.4.2), jónkst síðan lítillega á árinu 1995 en er þó enn í mikilli lægð.

### 2.4.1.2 Lengdardreifing í afla


Meðallengd gullkarfa úr aflasýnum ísfisktoga árið 1995 var 37,0 sm samanborið við 38,2 sm árið 1994. Meðallengdin árin 1992 og 1993 var 38,7 og 37,8 sm. Sú lækkun sem varð í

meðallengd árið 1993 var vegna þess að óvenju mikið var af smáum gullkarfa í afla og aukning meðallengdar árið 1994 endurspeglar því vaxtaraukningu smákarfans. Lækkun meðallengdar á árinu 1995 skýrist af því að mikið er af 33-34 sm karfa í afla sem dregur meðaltalið niður. Samanburður lengdardreifinga úr lönduðum afla og mælingum veiðieftirlitsmannna á sjó bendir til þess að meira veiðist af gullkarfa á lengdarbilinu 30-35 sm en ætla má út frá mælingum úr lönduðum afla.

#### 2.4.1.3 Ástand gullkarfastofnsins

Samanlagður gullkarfa- og djúpkarfaafli á Íslandsmiðum hefur verið tiltölulega jafn frá árinu 1983. Afla gullkarfa hefur hins vegar farið minnkandi frá árinu 1982. Sókn í gullkarfa jókst mikið á árunum 1990 til 1993 (mynd 2.4.3), en afla og afla á sóknareiningu dróst hins vegar saman á þessu tímabili.

Niðurstöður úr stofnmælingu botnfiska benda til að veiðistofn gullkarfa sé enn í mikilli lægð. Mælingarnar í mars 1996 benda hins vegar til aukningar á veiðistofni (mynd 2.4.3). Þessi aukning er meiri en aukning á afla á sóknareiningu hjá togurum og ber því að taka með nokkurri varúð, ekki síst þar sem nánast allir lengdarflokkar gullkarfa sýna sambærilega aukningu. Það bendir til þess að um breytingar á veiðanleika hafi verið að ræða. Þó er ljóst að sú nýliðun sem á síðustu árum hefur verið búist við inn í veiðistofninn er nú farin að skila sér í veiði sem 32-35 sm karfi.



Sókn Mynd 2.4.3. GULLKARFI.  
Vísítölur veiðistofns  
samkvæmt stofnmælingu  
botnfiska á Íslandsmiðum  
1985-1996 og sókn í stofninn  
árin 1985-1994.

Fig. 2.4.3. REDFISH (S.  
marinus). Indices of fishable  
stock 1985-1996 and effort  
during the period 1985-1994.

#### 2.4.1.4 Tillögur um hámarksafla fiskveiðíárið 1996/97

Tafla 2.4.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um samanlagt aflahámark fyrir gullkarfa og djúpkarfa, ákvarðanir stjórvalda um aflamark og heildarafla á Íslandsmiðum frá árinu 1989. Síðastliðin tvö ár hefur Hafrannsóknastofnunin haft aðskildar tillögur um djúpkarfa- og gullkarfaafli. Tillögur um hámarksafla af gullkarfa fiskveiðíáranna 1994/95 og 1995/96 voru 25 þús. tonn bæði árin.

#### TAFLA 2.4.1

**Gullkarfi og djúpkarfi. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnladra og afli (þús. tonn) 1989-1996.**

*S. marinus and deep-sea S. mentella. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1989-1996.*

Ár Year	1989	1990	1991 <sup>1)</sup>	1991/92 <sup>2)</sup>	1992/93 <sup>2)</sup>	1993/94 <sup>2)</sup>	1994/95 <sup>2)</sup>	1995/96 <sup>2)</sup>
Tillaga - Recommended TAC	75	80	55	90	90	80	65	60
Heildaraflamark - National TAC	77	80	55	90	104	90	77	65
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	92	91	63	92	103	93	91	-
Afli annarra þjóða - Landings (others) <sup>3)</sup>	1	1	1	1	1	1	1	-
Afli alls - Total landings	93	93	64	93	104	94	92	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. January-August 1991.

2) Fiskveiðíarið september-ágúst. Quota year September-August.


3) Almanaksár. Calendar year.

Þrátt fyrir lítils háttar aukningu í afla á sóknareiningu og aukningu í lífþyngd veiðistofns samkvæmt stofnmælingu botnfiska er stofn gullkarfa enn í mikilli lægð. Mikilvægt er að nota hluta þeirrar nýliðunar sem nú er að bætast við veiðistofninn til uppbyggingar hans. Því er lagt til að enn verði dregið úr sókn í gullkarfastofninn uns umtalsverðrar aukningar fer að gæta í veiðistofninum. Með tilliti til þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að gullkarfaafli á Íslandsmiðum fiskveiðíarið 1996/97 fari ekki yfir 30 þús. tonn.

#### 2.4.2 Djúpkarfi

##### 2.4.2.1 Afli og sókn

Talið er að sami stofn djúpkarfa sé á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. Áætlaður djúpkarfaafli á þessu svæði var á bilinu 27-75 þús. tonn árin 1980-1993. Heildaraflinn á árinu 1995 var 55 þús. tonn samanborið við 83 þús. tonn árið 1994 og 75 þús. tonn árið 1993. Ef litið er á þróun veiðanna frá árinu 1978 er ljóst að mikil aukning hefur orðið á afli á öllu tímabilinu ef frá eru talin árin 1984-1988. Hlutfall djúpkarfaafla á Íslandsmiðum af heildarafla á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar var 88% á s.l. ári og hefur ekki verið hærra síðan árið 1972. Djúpkarfaafli á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar, heildarafla á Íslandsmiðum frá 1970 og afli á sóknareiningu frá árinu 1986 er sýndur á mynd 2.4.4.



**Mynd 2.4.4. DJÚPKARFI.**  
Afli á Íslandsmiðum, heildarafla á svæðinu A-Grænland/Ísland/Færeyjar 1970-1995 og afli á togtíma (kg/klst.) árin 1986-1995.

*Fig. 2.4.4. DEEP SEA S. MENTELLA. Landings from Icelandic grounds 1970-1995, total landings from East-Greenland, Icelandic and the Faroese waters and CPUE (kg/h) during 1986-1995.*

Á Íslands miðum var áætlaður djúpkarfaaflí tæp 48 þús. tonn árið 1995 en var 57 þús. tonn árið 1994 og var rúmt 51 þús. tonn árið 1993. Þó aflinn á árinu 1995 hafi dregist lítillega saman frá árinu 1994 var mikil aukning á undanförnum árum samfara minnkandi afla á gullkarfa. Á sama tíma minnkaði afla á sóknareiningu (mynd 2.4.4).

Niðurstöður úr leiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar á undanförnum árum svo og athugun á sýnum úr afla veiðiskipa á úthafskarfaveiðum hafa leitt í ljós að djúpkarfa er að finna langt úti í Grænlandshafi þegar togað er á meira dýpi en 500 m. Þróunin hefur verið sú að sifellt hærra hlutfall toga á úthafskarfaveiðum er tekið á dýpra vatni en 500 m og er þá að líkendum að hluta til verið að veiða djúpkarfa.

Á árinu 1995 hófst samstarfsverkefni milli Hafrannsóknarstofnunarinnar og hagsmunaaðila í sjávarútvegi um sýnatoku úr afla skipa sem stunda úthafskarfaveiðar. Með samanburði á gögnum sem söfnuðust í tengslum við þetta verkefni og gögnum úr afladagbókum veiðiskipa hefur verið áætlað að riflega 30% af afla við úthafskarfaveiðar á árinu 1995 hafi verið djúpkarfi. Um tengsl þess djúpkarfa við þann djúpkarfastofn sem veiðist á Íslands miðum er ekki vitað, en unnið er að rannsóknum þar á.

#### 2.4.2.2 Lengdardreifing í afla

Lengdardreifing djúpkarfasyrna úr afla árin 1994 og 1995 sýndu að meira var um smáan djúpkarfa (32-35 sm) í aflanum heldur en árin á undan. Að meðaltali var djúpkarfinn einnig mun styttri eða 38,8 sm árið 1995 samanborið við 39,9 sm árið 1994 og 41,3 sm árið 1993. Svo virðist sem mikið af djúpkarfa á lengdarbílinu 32-35 sm sé að koma inn í veiðina.

#### 2.4.2.3 Ástand djúpkarfastofnsins

Heildarafli á djúpkarfa hefur aukist nokkuð stöðugt frá árinu 1987 og er aukningin að mestu innan íslensku lögsögunnar. Aflí á sóknareiningu í botnvörpu hefur dregist verulega saman á síðustu árum samfara aukinni sókn í stofninn (mynd 2.4.4). Þó varð vart lítilsháttar aukningar á síðastliðnu ári. Aflí á sóknareiningu við djúpkarfaveiðar í flotvörpu hefur einnig dregist saman síðustu árin þrátt fyrir gífurlegar tæknibreytingar í veiðunum. Ekki eru til vísitölur fyrir djúpkarfa úr stofnmælingu botnfiska á Íslands miðum enda nær rannsóknasvæðið einungis að grynnri mörkum útbreiðslu djúpkarfastofnsins.

#### 2.4.2.4 Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 1996/97

Á síðasta ári var tillaga Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksafla á djúpkarfa 35 þús. tonn. Aflí Íslendinga varð hins vegar um 48 þús. tonn á árinu 1995 og var því orðinn verulega umfram tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar.


Djúpkarfaaflí á Íslands miðum hefur aukist mikið á síðari árum en aflí á sóknareiningu minnkað verulega á sama tíma. Enda þótt gert sé ráð fyrir nokkurri nýliðun í stofninn á næstunni er ljóst að ástand hans er slæmt. Með tilliti til þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að áfram verði dregið úr sókn í djúpkarfa á Íslands miðum og að hámarksaflí fiskveiðiárið 1996/97 fari ekki yfir 35 þús. tonn.

#### 2.4.3 Úthafskarfi

Veiðar á úthafskarfa hófust árið 1982 en Íslendingar hófu veiðar úr þessum stofni árið 1989. Áætlaður heildarafli er sýndur í töflu 3.4.3.

Úthafskarfi veiðist að hluta til í lögsögu Grænlands og Íslands en aðallega á hinum alþjóðlega hluta Grænlandshafs og nærliggjandi svæðum. Veiði Íslendinga hefur aukist úr tæpum 4.000

tonnum 1989 í rúm 53 þús. tonn á árinu 1994, en minnkaði aftur í tæpt 31 þús. tonn á árinu 1995. Þar af voru 1.600 tonn veidd innan íslenskrar lögsögu árið 1995 en tæp 16 þús. tonn árið 1994. Afli Íslendinga er sýndur á mynd 2.4.5 sem einnig sýnir hve mikill hluti aflans var tekinn innan íslenskrar lögsögu. Úr þessum karfastofni veiddust á síðasta ári um 125 þús. tonn en frá upphafi hafa veiðst samtals tæplega 1,1 milljón tonn.



Mynd 2.4.5.  
ÚTHAFSKARFI. Afli  
Íslendinga innan og utan 200  
mílna efnahagslögsögu.

*Fig. 2.4.5. OCEAN S.  
MENTELLA. Icelandic  
catch within and outside the  
Icelandic EEZ.*

EKKI voru gerðar marktækar bergmálsmælingar á stofninum á árinu 1995 og er því enn stuðst við mælinguna frá 1994 (2,2 milljónir tonna) við ákvörðun heildaraflahámarks. Fyrirhuguð er fjölpjóða bergmálsmæling á úthafskarfastofninum á árinu 1996.


Á fundi í mars s.l. samþykkti Norðaustur Atlantshafs Fiskveiðinefndin (NEAFC) hámarksafla úr stofninum og skiptingu hans milli þjóða. Samkvæmt því verður hámarksafli árið 1996 153 þús. tonn og hlutur Íslendinga þar af 45 þús. tonn.

## 2.5 GRÁLÚÐA

### 2.5.1 Afli, sókn og árgangaskipan 1995


Heildarafla af grálúðu við Austur-Grænland, Ísland og Færeysjum árið 1995 var tæp 36 þús. tonn sem er um 1.000 tonnum minna en árið áður (tafla 3.5.1). Afli Íslendinga var rúm 27 þús. tonn, sem er svipaður afli og árið 1994. Afli útlendinga í íslenskri lögsögu var hins vegar nær enginn á síðasta ári en var um 900 tonn árið 1994. Afli útlendinga utan lögsögu var um 8.600 tonn árið 1995 sem er ívið meira en árið áður. Þar af jókst afli við Austur-Grænland um 1.600 tonn frá fyrra ári en afli við Færeysjum minnkaði um 1.400 tonn.

Uppistaðan í aflanum árið 1995 var 7-9 ára fiskur, en einnig var talsvert af 6, 10 og 11 ára fiski (mynd 2.5.1). Tafla 3.5.4 sýnir aflann í fjölda eftir aldri á árunum 1976-1995.



Mynd 2.5.1. GRÁLÚÐA.  
Aldursdreifing í afla (% af fjölda) árin 1994 og 1995.

Fig. 2.5.1. GREENLAND HALIBUT. Percent age distribution (by number) in the 1994 and 1995 catches.



Mynd 2.5.2. GRÁLÚÐA.  
Hlutfallslegar breytingar á heildarsókn og afli á sóknareiningu árin 1985-1995.


Fig. 2.5.2. GREENLAND HALIBUT. Relative total effort and CPUE during the period 1985-1995.

Sókn er metin eftir upplýsingum úr veiðidagbókum togara. Heildarsókn í grálúðu jókst á árunum 1985-1989 (mynd 2.5.2), minnkaði nokkuð árin 1990-1991 en jókst svo aftur og hefur aldrei verið eins mikil og árið 1995. Hin mikla aukning á sókn frá árinu 1991 hefur hins vegar ekki skilað sér í auknum afla (mynd 2.5.3). Aflí á sóknareiningu var nokkuð jafn árin 1985-1989 en hefur síðan minnkað ár frá ári. Aflí á sóknareiningu á síðasta ári var einungis 32% af meðaltali áranna 1985-1989 (mynd 2.5.2). Á síðustu tveimur árum hefur sóknin aukist um 30% en aflí á sóknareiningu minnkaði um 26%.

## 2.5.2 Ástand stofnsins og nýliðun

Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera sami stofninn. Við útreikninga á stofnstærð var notuð endurbætt aldurs-afla aðferð (XS-greining) þar sem stuðst var við aldursgreindar vísitölur úr togaraskýrslum til að meta fiskveiðidánarstuðla síðasta árs. Besta


innbyrðis samræmis gætti þegar vægi gagna frá togaraflotanum var sem mest síðustu árin. Fiskveiðidánarstuðlar metnir með XS-greiningu voru síðan notaðir í hefðbundna aldurs-afla aðferð (VP-greiningu). Meðalveiðidánartala 8-12 ára grálúðu á árinu 1995 er nú metin 0,62 og hefur hún aldrei verið hærri (mynd 2.5.3). Ef eingöngu er stuðst við upplýsingar um heildarsókn og veiðidánarstuðla áranna 1976-1992 til að meta veiðidánarstuðla síðasta árs, eru þeir um 25% hærri en þeir dánarstuðlar sem koma fram í þessari skýrslu.



F Mynd 2.5.3. GRÁLÚÐA.  
Heildarafli (þús. tonna) árin  
1976-1995 og  
meðalveiðidánartala (F) 8-12  
ára grálúðu sama tímabil.


Fig. 2.5.3. GREENLAND  
HALIBUT. Total landings  
(thous. tonnes) 1976-1995  
(upper line) and mean  $F_{8-12}$   
during the same period.

Á mynd 2.5.4 og í töflu 3.5.5 er að finna upplýsingar um þróun stofnstærðar veiði- og hrygningarástofns grálúðu til ársins 1996. Veiðistofninn, þ.e. 6 ára fiskur og eldri, er talinn hafa verið um 116 þús. tonn í ársbyrjun 1996 og hefur hann aldrei verið minni. Hrygningarástofninn er talinn hafa verið um 53 þús. tonn í ársbyrjun 1996. Í síðustu úttekt (Hafrannsóknastofnun. Fjölrít, nr. 43) var stofninn metinn talsvert stærri árin 1992-95 og er meginástæðan aukið vægi upplýsinga úr togaraskýrslum í núverandi mati og minni nýliðun en gert hafði verið ráð fyrir. Mat á stærð hrygningarástofnsins er háð nokkurri óvissu sem stafar af misvísandi kynþroskahlutfalli úr aflasýnum.



Mynd 2.5.4. GRÁLÚÐA.  
Stærð veiðistofns (6 ára og  
eldri) og hrygningarástofns  
árin 1976-1996 í þúsundum  
tonna.

Fig. 2.5.4. GREENLAND  
HALIBUT. Total stock (6<sup>+</sup>)  
and spawning stock biomass  
during the period 1976-1996  
(thous. tonnes).




Mynd 2.5.5. GRÁLÚÐA.  
Stærð grálúðuárganganna  
1971-1990. Fjöldi við 5 ára  
aldur (í milljónum).

Fig. 2.5.5. GREENLAND  
HALIBUT. Size of year  
classes 1971-1990 at age 5  
(in millions).

Árgangarnir frá 1980-1982 (mynd 2.5.5), sem allir voru yfir meðaltali (32 milljónir 5 ára fiska), voru að mestu horfnir úr veiðistofninum árið 1995. Frá árinu 1983 hefur nýliðun verið undir meðaltali og eru árgangarnir frá árunum 1986, 1987 og 1988 þeir minnstu á úttektartímabilinu eða 22-25 milljónir fiska.

Afrakstur á nýliða er sýndur á mynd 2.5.6. Þar kemur fram að sóknin á árinu 1996 ( $F_{96}=0,61$ ) verður langt umfram kjörsókn ( $F_k=0,22$ ).



Mynd 2.5.6. GRÁLÚÐA.  
Afrakstur og hrygningarstofn  
á 5 ára nýliða miðað við  
mismunandi sókn,  $F$   
(veiðidánartölju).  $F_k$  er  
kjörsókn.

Fig. 2.5.6. GREENLAND  
HALIBUT. Yield and  
spawning stock per 5 year  
old recruit at various fishing  
mortalities ( $F$ ).  $F_k = F_{0.1}$

Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri er sýndur í töflum 3.5.2 og 3.5.3. Fyrir árin 1985-1990 byggist mat á kynþroska eftir aldri á meðaltölu áranna 1982-1984 og 1991.

### 2.5.3 Horfur og tillögur um hámarksafla 1996/1997

Tafla 2.5.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvarðanir stjórvalda og grálúðuafla síðan árið 1989. Á árinu 1994 lagði Hafrannsóknastofnunin til að heildarafla við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar á fiskveiðárinu 1994/95 færi ekki fram yfir 30 þús. tonn. Afli Íslendinga á fiskveiðárinu 1994/95 nam 26 þús. tonnum sem er 4.000 tonnum minni en leyfilegur hámarksafli. Að viðbættum afla við Austur-Grænland og Færeyjar var afinn hins vegar um 5.000 tonnum umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Á fiskveiðárinu 1995/96 er áætlað að heildarafla verði tær 30 þús. tonn, sem er um 50% umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

**TAFLA 2.5.1**

**Grálúða. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aftahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórvalda og afla (þús. tonn) 1989-1996.**

*Greenland halibut. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1989-1996.*

Ár Year	1989	1990	1991 <sup>1)</sup>	1991/92 <sup>3)</sup>	1992/93 <sup>3)</sup>	1993/94 <sup>3)</sup>	1994/95 <sup>3)</sup>	1995/96 <sup>3)</sup>
Tillaga - Recommended TAC	30	30	27	25	30	25	30 <sup>5)</sup>	20 <sup>5)</sup>
Heildaraflamark - National TAC	30	30 <sup>2)</sup>	33	25	30	30	30	20
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	58	36	31	30	35	29	26	-
Afli annarra - Landings (others) <sup>4)</sup>	1	1	0.2	0.2	0.2	1	0	-
Afli utan lögsögu - Catch outside EEZ <sup>4)</sup>	2	2	2	4	7	8	9	-
Afli alls - Total landings	61	39	32.2	34.2	42.1	38	35	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. *January-August 1991.*

2) Með tilliti til reglugerðarákvæða um heimildir sóknarmarks og tilfærslu milli fisktegunda, gat grálúðuaflinn hins vegar orðið um 45 þús. tonn. *According to regulations by effort quota and other flexibilities in the quota system, the landings of Greenland halibut in 1990 could have reached about 45 thous. tonnes.*

3) Fiskveiðíárið september-ágúst. *Quota year September-August.*

4) Almanaksárið. *Calendar year.*

5) Heildaraflamark fyrir Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. *TAC recommendation applies to East-Greenland/Iceland/Faroës.*

Framrekningar á stærð grálúðustofnsins eru byggðir á því að nýliðun árganganna frá og með 1989 verði neðra fjórðungsgildi nýliðunar áranna 1976-1993, þ.e. 26 milljónir 5 ára nýliða. Gert er ráð fyrir því að sókn á árinu 1996 verði svipuð og árið 1995, sem gefur rúmlega 30 þús. tonna heildarafla á árinu 1996. Þyngd og kynþroski eftir aldri árið 1996 er byggður á meðaltölum áranna 1993-1995 (tafla 3.5.7).

**TAFLA 2.5.2**

**Grálúða. Áhrif mismunandi afla á Íslands miðum og öðrum veiðisvæðum á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn) 1998-1999.**


*Greenland halibut. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 1998-1999 for different catches in Icelandic and distant waters combined.*

1996				1997				1998				1999			
Stofn 6+ stock	Hrygn.- stofn Stock	Afli F <sup>1)</sup> Catch	Afla- hámark TAC	Stofn 6+ stofn Stock	Hrygn.- stofn Spawning 6+ stock	Afli- hámark TAC	Stofn 6+ stofn Stock	Hrygn.- stofn Spawning 6+ stock	Afli- hámark TAC	Stofn 6+ stofn Stock	Hrygn.- stofn Spawning 6+ stock	Afli- hámark TAC	Stofn 6+ stofn Stock	Hrygn.- stofn Spawning 6+ stock	
116	53	0,61	30	10	112	49	0,19	10	129	59	0,15	10	147	70	
				15	112	49	0,29	15	124	56	0,25	15	136	63	
				20	112	49	0,40	20	119	52	0,37	20	125	56	
				25	112	49	0,53	25	113	49	0,52	25	115	50	

1) F= Veiðidánartala 8-12 ára grálúðu. F= Fishing mortality of age groups 8-12.

Próun grálúðustofnsins fram til ársins 1999 miðað við ofangreindar forsendur og mismunandi ársafla er sýnd í töflu 2.5.2 og mynd 2.5.7.

- Við 10 þús. tonna afla mun veiðistofn vaxa úr 112 þús. tonnum í ársbyrjun 1997 í 147 þús. tonn í ársbyrjun 1999. Sókn er nokkuð undir kjörsókn en stofninn mun samt eiga langt í að ná þeirri stærð sem hann var í á árunum 1987-1988 en þá var veiðistofninn áætlaður um 250 þús. tonn.
- Við 15 þús. tonna afla á næstu tveim árum mun sóknin verða nokkru hærri en kjörsókn og veiðistofninn vaxa í 136 þús. tonn í ársbyrjun 1999.
- Við 20 þús. tonna afla mun stærð veiðistofns verða 125 þús. tonn í upphafi árs 1999.
- Ef veidd verða 25 þús. tonn eða meira mun stofninn standa í stað eða minnka.



Mynd 2.5.7. GRÁLÚÐA. Stærð grálúðustofnsins (þús. tonna) árin 1980-1997 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð hans 1998-1999.

Fig. 2.5.7. GREENLAND HALIBUT. Stock size (thous. tonnes) 1980-1997 and projection of stock and spawning stock biomass in 1998-1999 for different management strategies.

Í ljósi þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að dregið verði verulega úr sókn í grálúðustofninn á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar og að heildargrálúðuaflinn á þessu svæði fiskveiðíárið 1996/97 fari ekki yfir 15 þús. tonn.


## 2.6 LÚÐA

### 2.6.1 Afla og sókn

Árið 1995 var lúðuafli á Íslandsmiðum 1.093 tonn. Afla Íslendinga var 890 tonn, sem er um 81% af heildarafla. Aflinn hefur ekki verið jafn líttill á síðari áratugum, en á árunum 1980-1982 fór hann niður í um 1.200 tonn (mynd 2.6.1 og tafla 3.6.1).

Lúðuafli í botnvörpu hefur minnkað úr 564 tonnum 1993 í 347 tonn 1995 og lúðuafli á línu úr 553 tonnum í 335 tonn. Í þessi veiðarfæri fékkst um 77% af heildarafla Íslendinga 1995, 39% í botnvörpu og 38% á línu, sem er svipað hlutfall og árið áður. Í dragnót fékkst 14% heildaraflans eða 126 tonn.


Á árunum 1979-1983 veiddust á bilinu 30-80 tonn af lúðu í dragnót. Árið 1984 var aflinn 320 tonn en minnkaði síðan næstu árin og varð minnstur árið 1991, 41 tonn. Síðan jókst aflinn nokkuð aftur og var 184 tonn 1994. Lúðuafli í dragnót hefur ekki verið hátt hlutfall af heildarafla á lúðu ofangreind árum, varð þó um 19% árið 1984 og um 16% árið 1994.



Mynd 2.6.1. LÚÐA.  
Heildaraflí (þús. tonna) árin  
1965-1995.

Fig. 2.6.1. HALIBUT. Total landings during the period 1965-1995 (thous. tonnes).

Afli á sóknareiningu í dragnót var tiltölulega mikill allt til ársins 1985 og varð mestur um 45 kg í kasti árið 1984. Eftir það minnkaði afli á sóknareiningu mjög hratt og eftir 1988 hefur hann verið undir tveim kg í kasti (mynd 2.6.2). Þetta bendir eindregið til þess að lúðugengd á grunnslóð hafi farið minnkandi síðast liðinn áratug og aftaukningin sem varð á lúðu í dragnót árin 1993 og 1994 stafar að öllum líkindum af aukinni sókn en ekki vaxandi lúðugengd.




Mynd 2.6.2. LÚÐA. Afli dragnótabáta á sóknareiningu (kg í kasti) 1979-1995.

Fig. 2.6.2. HALIBUT. CPUE (kg per set) in Danish seine 1979-1995.

Vísitala lúðu í stofnmælingu botnfiska 1985-1996 sýnir svipaða þróun og afli á sóknareiningu fyrir dragnót. Vísitala fyrir lúðu 60 sm og minni féll hratt fyrri hluta þessa tímabils og var í lágmarki 1990-1992 (mynd 2.6.3). Vísitalan hækkaði lítilsháttar árin 1993 og 1994, en féll síðan aftur 1995. Þessar niðurstöður úr stofnmælingu botnfiska gefa sterklega til kynna að ástand lúðustofnsins hafi farið örт versnandi á tímabilinu 1985-1990 og að stofninn sé nú í mikilli lægð.

## 2.6.2 Horfur og tillögur



Mynd 2.6.3. LÚÐA.  
Vísítölur (fjöldi) tveggja  
stærðarflokka ( $\leq 60\text{ sm}$  og  $>$   
 $60\text{ sm}$ ) í stofnmælingu  
botnfiska 1985-1996.


Fig. 2.6.3. HALIBUT.  
Abundance indices for two  
size categories ( $\leq 60\text{ cm}$  and  
 $> 60\text{ cm}$ ) in the groundfish  
surveys 1985-1996.

Aldursgreining á afla í stofnmælingu botnfiska sýnir að sú lúða sem hefur veiðst er að lang stærstum hluta þriggja til 5 ára ókynþroska fiskur. Það að þessir aldurshópar virðast nú nánast horfnir bendir til þess að viðkomubrestur hafi orðið í stofninum. Ljóst er því að horfur í lúðuveiðum eru áfram slæmar.

## 2.7 SKARKOLI

### 2.7.1 Aflí og sókn

Skarkolaflinn árið 1995 var tæp 11 þús. tonn en það er um 1.000 tonnum minni aflí en árið 1994 (mynd 2.7.1). Skarkolaflinn á Íslandsmiðum frá 1950 er sýndur í töflu 3.7.1. Aflí varð mestur 14.500 tonn árið 1988 en hefur verið á bilinu 10.500 til 14 þús. tonn s.l. 10 ár. Á undanförnum árum hefur tæpur helmingur skarkolafla fengist í botnvörpu. Þetta hlutfall hefur farið minnkandi síðastliðin þrjú ár og hlutdeild botnvörpu í skarkolaflanum var aðeins um 18% árið 1995.



Mynd 2.7.1. SKARKOLI.  
Heildaraflí (þús. tonna) árin  
1965-1995.

Fig. 2.7.1 PLAICE. Total  
landings during the period  
1965-1995 (thous. tonnes).


Aflinn fiskveiðíárið 1994/95 varð um 11.100 tonn en heildaraflamark var 13 þús. tonn. Á fyrstu sjö mánuðum fiskveiðíársins 1995/96 veiddust um 4.100 tonn af skarkola. Verði aflinn síðustu 5 mánuðina svipaður og á síðasta fiskveiðíári (um 6.600 tonn) verður heildaraflinn fiskveiðíárið 1995/96 tæp 11 þús. tonn.

Afti á sóknareiningu er reiknaður sem meðalafli í kasti yfir allt árið þar sem skarkolaafliinn í hverju kasti var meiri en helmingur aflans. Samkvæmt veiðiskýrslum dragnótabáta fór skarkolaafli á sóknareiningu í Faxaflóa minnkandi, úr um 500 kg í kasti árið 1979 í rétt rúm 200 kg 1990, jókst aftur á árinu 1991 í um 550 kg í kasti en minnkaði síðan í um 390 kg árið 1994 og jókst í um 510 kg kasti árið 1995 (mynd 2.7.2). Reikna má með að hin skyndilega aukning árið 1991 hafi stafað af auknum veiðanleika fremur en aukinni stofnstærð. Skil og gæði veiðiskýrslna hafa farið vaxandi á undanförmum árum. Skilað var skýrslum yfir 16% skarkolaafla dragnótabáta á árinu 1987 en frá árinu 1991 hafa skilin verið að meðaltali um 84% (74-92%) skarkolaafla í dragnót. Upplýsingar um afla á sóknareiningu fyrir 1991 eru því ekki fyllilega sambærilegar við seinni ár.

Á öðrum miðum en Faxaflóa var afti í kasti nokkuð jafn á árunum 1984-1990 en hefur breyst á svipaðan hátt og í Faxaflóa á undanförmum árum (mynd 2.7.2).

Sókn í skarkola jókst á árunum 1992-1994 en minnkaði samkvæmt veiðiskýrslum um 15% á árinu 1995.

Á undanförmum árum hefur orðið nokkuð ör þróun í dragnótaveiðum, ný og lengri gerð tóga er notuð og stærri og aflmeiri bátar. Þetta verður að hafa í huga þegar afti í kasti er notaður sem hlutfallslegur mælikvarði á stofnstærðarbreytingar en erfitt er að meta það tölulega.



Mynd 2.7.2. SKARKOLI.  
Afti á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótabátmum í Faxaflóa og öðrum miðum árin 1979-1995.

Fig. 2.7.2. PLAICE. CPUE (kg per set) from seiners in Faxaflói and other areas in 1979-1995.

Umfangsmikil gagnasöfnun fór fram í Faxaflóa sumarið 1995. Uppistaðan í afla á tímabilinu júlí til nóvember var fjögurra til sex ára skarkoli, með samtals um 80% hlutdeild. Þar af var 5 ára skarkoli mest áberandi eða um 50% af aflanum í fjölda talið. Í desember var aflasamsetningin önnur því þá var 5 til 8 ára skarkoli uppistaða aflans. Við suðurströndina reyndist aflasamsetning svipuð og í desember í Faxaflóa eða mest 5 til 8 ára fiskur. Á norðursvæði var hins vegar uppistaða aflans 5 og 6 ára fiskur, hvor um sig með um 30% hlutdeild. Fjögurra ára fiskur var einnig nokkuð áberandi á norðursvæði með um 20% hlutdeild.

Samkvæmt nýlegum athugunum er um helmingur hænga og 20-30% hrygna kynþroska við 5 ára aldur.

## 2.7.2 Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 1996/1997

Árgangurinn frá 1990 (5 ára fiskur 1995) er víða nokkuð áberandi í afla og virðist nokkuð sterkur. Þetta er í samræmi við aukið magn ungvíðis í stofnmælingu botnfiska á árunum 1991-1994. Aukning á afla á sóknareiningu árið 1995 má að líkendum rekja til þess að 1990 árgangurinn er að koma inn í veiðistofninn.


Vísitöltur úr stofnmælingu botnfiska í marsmánuði árin 1985-1996 benda til þess að veiðistofn skarkola hafi farið verulega minnkandi fram til ársins 1995 en virðist aðeins hafa rétt við á árinu 1996. Vísitöltur úr stofnmælingu benda til að nýliðun í stofninn sé þokkaleg.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að sókn í skarkola verði ekki aukin og að leyfilegur hámarksafli fiskveiðiárið 1996/97 verði 10 þús. tonn.

## 2.8 SANDKOLI

### 2.8.1 Afla og sókn


Árið 1984 var landað 450 tonnum af sandkola. Aflinn jókst nokkuð næstu tvö árin en rauk síðan upp í tæp 3.780 tonn árið 1988 en minnkaði aftur í um 1.900 tonn árið 1990. Frá árinu 1990 hefur aflinn vaxið nokkuð stöðugt, að meðaltali um 730 tonn á ári og árið 1995 varð aflinn 5.560 tonn (mynd 2.8.1 og tafla 3.8.1). Tvö undanfarin ár var um 98% aflans veiddur í dragnót.



Mynd 2.8.1. SANDKOLI.  
Heildaraflti (þús. tonna) árin  
1984-1995.

Fig. 2.8.1. DAB. Total  
landings during the period  
1984-1995 (thous. tonnes).

Ástæðan fyrir þessari aukningu á sandkolaafla er tvíþætt. Annars vegar var á þessum árum farið að hirða meira af sandkola sem veiddist sem meðafla við dragnótaveiðar. Hins vegar var farið að sækja beinlínis í sandkola. Sandkolaveiðar hafa fyrst og fremst verið stundaðar í Faxaflóa, við Reykjanes og með suðurströndinni að Ingólfshöfða, en einnig lítils háttar á öðrum svæðum.



Mynd 2.8.2. SANDKOLI.  
Aflí á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótabátum í Faxaflóa og öðrum miðum árin 1991-1995.

Fig. 2.8.2. DAB. CPUE (kg per set) from seiners in Faxaflói and other areas in 1991-1995.

Sandkolaafli í kasti í dragnót árin 1991-1995 var reiknaður út fyrir Faxaflóa annars vegar og svæðið frá Reykjanesi austur um að Ingólfshöfða hins vegar (mynd 2.8.2). Til grundvallar voru lögð öll köst dragnótabáta þar sem sandkoli var yfir helmingur aflans. Í Faxaflóa var aflí í kasti tiltölulega jafn á umræddu tímabili, var mestur 545 kg árið 1991, minnstur 430 kg árið 1992, en að meðaltali voru um 490 kg í kasti. Við Suðurströndina var aflí í kasti mun breytilegri, mestur 906 kg árið 1992, minnstur 608 kg árið 1993, en að meðaltali um 715 kg í kasti.


### 2.8.2 Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 1996/97

Niðurstöður úr stofnmælingu botnfiska sýna að sandkolinn hefur tiltölulega takmarkaða útbreiðslu og fer gjarnan saman mesti þéttleiki í stofnmælingu botnfiska og aðalveiðisvæði. Þegar tekið er tillit til þess að útbreiðslusvæðið er frekar lítið, aflinn hefur vaxið hratt á undanförnum árum og þess að afrakstursgeta stofnsins er ekki þekkt, er ástæða til þess að vara við mikilli aflaaukningu á sandkola. Hafrannsóknastofnunin leggur því til í varúðarskyni, að sandkolaafli fiskveiðiárið 1996/97 fari ekki yfir 7.000 tonn.

## 2.9 LANGLÚRA

### 2.9.1 Aflí og sókn


Tilraunaveiðar á langlúru hófust haustið 1986 en í nokkra áratugi hafði langlúra ekki verið nýtt að neinu marki. Langlúra fékkst aðallega sem aukaaffli við aðrar veiðar og var að verulegu leyti kastað fyrir borð. Við tilraunaveiðarnar var notuð dragnót með 1.440 faðma tógi, 35 faðma höfuðlinu og 120 mm möskvastærð í poka. Á árinu 1987 stunduðu um 10 dragnótabátar þessar veiðar og varð heildaraflí tæp 4.600 tonn (mynd 2.9.1 og tafla 3.9.1). Aflinn hafði áður orðið mestur um 1.800 tonn árið 1949 en þá voru útlendingar nær einir um langlúruveiðar. Árið 1988 minnkaði aflinn í um 3.000 tonn og fór minnkandi til ársins 1990 og var þá aðeins tæp 1.300 tonn. Aflinn jókst aftur og varð rúm 2.500 tonn árið 1992, minnkaði síðan í um 1.600 tonn árið 1993 en var um 1.800 tonn árin 1994 og 1995. Stærstum hluta langlúruaflans hefur verið landað af dragnótabátum en hlutfall afla frá humarbátum hefur farið vaxandi á undanförnum árum, var um 3% árið 1990 en á bilinu 17-25% á undanförnum þremur árum. Langlúruveiðar með 120 mm möskvastærð í poka hafa verið bannaðar á tímabilinu 1. maí til 1. september frá og með árinu 1990.



Mynd 2.9.1. LANGLÚRA.  
Heildarafli (þús. tonna) árin  
1965-1995.

Fig. 2.9.1. WITCH. Total  
landings during the period  
1965-1995 (thous. tonnes).

Sveiflur í afla á undanförnum árum virðast fyrst og fremst mega rekja til breytinga á sókn. Sóknin jókst á árunum 1991 og 1992 frá því sem hún var árið 1990 en fór síðan aftur minnkandi á árinu 1993. Aukning á afla á árunum 1994 og 1995 samanborið við árin á undan má fyrst og fremst rekja til aukinnar sóknar. Telja má að þessar sóknarbreytingar í langlúru stafi fyrst og fremst af mismunandi áherslu á langlúruveiðar sem aftur ræðst af markaðsverði og afla á sóknareiningu á öðrum flatfiskategundum svo sem skarkola, skrápflúru og sandkola. Einnig hefur minnkandi aflamark fyrir aðrar tegundir á undanförnum árum þau áhrif að sókn eykst í tegundir sem eru utan aflamarks.



Mynd 2.9.2. LANGLÚRA.  
Aflí á sóknareiningu (kg í  
kasti) hjá dragnótabátum  
1987-1995.

Fig. 2.9.2. WITCH. CPUE  
(kg per set) from seiners  
during the period 1987-1995.

Aflí dragnótabáta á sóknareiningu (aflí í kasti, þar sem langlúra er a.m.k. helmingur aflans) var rúmlega 1.000 kg að meðaltali árið 1987 en minnkaði í um 600 kg á árunum 1989-1991 og enn frekar árin á eftir eða í um 410 kg í kasti árið 1994 og í um 350 kg í kasti árið 1995 (mynd

2.9.2). Eðlilegt er að afli í kasti hafi minnkað verulega hin síðari ár þar sem á árunum 1987-1988 var verið að veiða úr stofni sem hafði verið friðaður að mestu um langt árabil (aðeins aukafli og úrkast). Meðalafli í kasti árin 1989-1995 var um 510 kg, en á síðastliðnum þremur árum (1993-1995) um 400 kg og er ólíklegt að reikna megi með meiri afla en um 350 kg í kasti á næstu árum.

### 2.9.2 Ástand stofnsins og nýliðun

Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska árin 1985-1996 benda til þess að veiðistofn langlúru hafi minnkað um allt að helming frá því að stofnmælingin hófst árið 1985. Þetta er í góðu samræmi við minnkun á afla á sóknareiningu hjá dragnótabátum. Bráðabirgða stofnmat með aldursaflagreiningu (XS-greining) bendir til þess að veiðistofn langlúru sé nú um 60% af því sem hann var í upphafi árs 1987 eða um 9.000 tonn.

Samkvæmt lengdardreifingum úr lönduðum afla og stofnmælingu botnfiska á undanförnum árum er ekki að sjá merki um sterka nýliðun í þennan stofn.

Afrakstursútreikningar sýna að afrakstur á nýliða er í kringum 180-200 grömm. Meðalnýliðun undanfarinna ára virðist vera í kringum 9 milljónir 5 ára nýliða. Þetta þýðir að miðað við hóflega nýtingu ætti langlúrustofninn að geta gefið 1.600-1.800 tonna afla að meðaltali til lengri tíma litið.


### 2.9.3 Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 1996/97

Í ljósi þess að afli á sóknareiningu og stofnvísitala hefur farið minnkandi leggur Hafrannsóknastofnunin til að dregið verði úr sókn og henni haldið svipaðri og hún var að meðaltali árin 1990-1993 þannig að aflinn fiskveiðiárið 1996/97 fari ekki yfir 1.200 tonn.

## 2.10 SKRÁPFLÚRA

### 2.10.1 Afli og sókn


Fyrstu árin eftir að skrápflúruveiðar hófust var aflinn tiltölulega líttill, en frá 1990 til 1991 jókst aflinn úr 650 í 1.710 tonn. Næstu tvö árin minnkaði aflinn nokkuð og var orðinn um 1.340 tonn árið 1993. Tvö síðastliðin ár jókst aflinn hins vegar mjög hratt og tvöfaltaðist hvort ár, úr 1.340 tonnum 1993 í 2.690 tonn árið 1994 og síðan í 5.360 tonn árið 1995 (mynd 2.10.1, tafla 3.10.1).



Mynd 2.10.1.  
SKRÁPFLÚRA. Heildarafla  
(þús. tonna) árin 1985-1995.


Fig. 2.10.1. LONG ROUGH DAB. Total landings during the period 1985-1995 (thous. tonnes).

Skrápflúruaflí í kasti í dragnót árin 1991-1995 var reiknaður út fyrir svæðið frá Snæfellsnesi, suður og austur um að Ingólfshöfða (mynd 2.10.2). Til grundvallar voru lögð öll köst dragnótabáta þar sem skrápflúra var yfir helmingur aflans. Árin 1992-1994 var afli í kasti tiltölulega jafn, að meðaltali um 1.260 kg. Árið 1995 féll afli í kasti hins vegar niður í 855 kg á umræddu svæði (mynd 2.10.2).



Mynd 2.10.2.  
SKRÁPFLÚRA. Afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótabátum árin 1991-1995.

Fig. 2.10.2. LONG ROUGH DAB. CPUE (kg per set) from seiners during the period 1991-1995.



Mynd 2.10.3.  
Vísitölur veiðistofns (þyngd) og ungviðis (fjöldi) í stofnmælingu botnfiska árin 1985-1996.

Fig. 2.10.3. LONG ROUGH DAB. Indices of abundance for fishable stock (biomass) and young fish (number) in annual groundfish surveys 1985-1996.

Vísitölur veiðistofns skrápflúru úr stofnmælingu botnfiska benda til líttilla breytinga á stærð veiðistofnsins undanfarin sjö ár (mynd 2.10.3). Hins vegar hafa vísitölur ungfisks farið vaxandi allt frá árinu 1989 og aldrei verið hærri en undanfarin þrjú ár (mynd 2.10.3).


## 2.10.2 Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 1996/97

Sókn í skrápflúru og afli hafa vaxið mjög hratt á tveimur undanförnum árum en í kjölfarið hefur afli í kasti minnkað. Svo til allur skrápflúraflinn er veiddur á svæðinu frá Snæfellsnesi,

suður og austur um að Hvítungum. Í ljósi þessarar þróunar og þess að afrikstursgeta stofnsins er óþekkt, leggur Hafrannsóknarstofnun til að afli á þessari hefðbundnu skrápflúruveiðislóð fari ekki yfir 5.000 tonn fiskveiðíárið 1996/97.

## 2.11 PYKKVALÚRA

Tafla 3.11.1 sýnir þykkvalúrafla á Íslandsmiðum á árunum 1951-1995. Frá 1951-1965 var ársaflinn 1.400-1.900 tonn og tóku útlendingar að jafnaði mestan hluta aflans. Frá 1966 fór aflinn minnkandi og var óverulegur árin 1977-1984. Árið 1985 er aftur farið að nýta þykkvalúru (mynd 2.11.1) en það ár var afli í botnvörpu 350 tonn og heildaraflinn tæp 500 tonn. Aflinn jókst nokkuð á næstu þremur árum með tilkomu markvissra dragnótaveiða. Aflinn hin síðari ár náði hámarki árið 1991, um 1.100 tonn, minnkaði í tæp 700 tonn árið 1993 og 1994. Á síðasta ári var aflinn um 750 tonn.



Mynd 2.11.1.  
PYKKVALÚRA. Heildarafla  
(þús. tonna) árin 1981-1995.


Fig. 2.11.1. LEMON SOLE.  
Total landings during the  
period 1981-1995 (thous.  
tonnes).

Frá árinu 1990 hefur hlutdeild dragnótaveiða í heildarafla aukist úr 37% í 52% á síðasta ári. Hlutdeild botnvörpu hefur minnkað úr 60% í 39% á sama tímabili. Ástæðan er að hluta til minnkandi afli í botnvörpu. Einnig hefur orðið aukning á lönduðum þykkvalúrafla humarbáta sem á síðustu tveim árum hefur verið tæp 50 tonn eða um 7% heildaraflans.

Samkvæmt vísitöllum úr stofnmælingu botnfiska hefur veiðistofn þykkvalúru minnkað um þriðjung frá því að stofnmælingar hófust árið 1985. Sókn með dragnót hefur aukist verulega á síðustu árum en afli á sóknareiningu hefur verið nokkuð sveiflukenndur á sama tímabili. Á aðalveiðisvæðinu undan suðvesturlandi hefur afli á sóknareiningu (afli í kasti, þar sem langlúra er a.m.k. 25% aflans) fallið úr 350-400 kg árin 1991 og 1992 í um 200 kg árin 1993-1995.

## 2.12 STEINBÍTUR


Á árunum 1985-88 jókst steinbítsaflinn úr tæplega 10 þús. tonnum í um 14.500 tonn og var síðan á bilinu 14.100 til 14.400 tonn árin 1988-90. Árið 1991 veiddust tæp 18 þús. tonn, sem er mesti steinbítsaflti síðan 1963. Aflinn minnkaði í um 16 þús. tonn 1992, um 13 þús. tonn árin 1993-94 og í rúm 11 þús. tonn árið 1995. Aftaaukningin á síðasta áratug var einkum vegna aukins línuafla, en botnvörpuafli hefur breyst mun minna síðan 1980 og raunar minnkað ört síðan 1992 (mynd 2.12.1 og tafla 3.12.1).



Mynd 2.12.1. STEINBÍTUR.  
Heildaraflti (þús. tonna) árin  
1965-1995. Línuafli og  
botnvörpuafli 1980-1995.

Fig. 2.12.1. WOLFFISH.  
Total landings during the  
period 1965-1995 (thous.  
tonnes) and longline and  
trawl landings 1980-1995.

Sóknarþungi í stofninn virðist hafa náð hámarki á árunum 1991-93 þegar aflinn varð mestur en nokkuð hefur dregið úr sókninni á undanförnum tveim árum.



Mynd 2.12.2 STEINBÍTUR.  
Vísi-tala veiðistofns  
(stofnþyngd) og ungvíðis  
(fjöldi fiska) í stofnmælingu  
botnfiska 1985-1996  
(1985=100).

Fig. 2.12.2 WOLFFISH.  
Stock index (biomass) and  
recruitment index (number of  
fish) in annual groundfish  
surveys 1985-1996  
(1985=100).


Vísitölur veiðistofns og ungviðis steinbíts í stofnmælingu botnfiska 1985-96 eru sýndar á mynd 2.12.2. Vísitala veiðistofns sveiflaðist nokkuð árin 1988-90, en hefur í stórum dráttum minnkað samfellt frá 1985 allt til ársins 1995 þegar stofnvísitalan var tæpur helmingur (46%) vísitolunnar árið 1985. Árið 1996 hækkaði vísitala veiðistofns á hinn bóginn talsvert. Vísitala ungviðis lækkaði tímabilið 1986-88 en hefur verið tiltölulega há allt frá árinu 1991. Ætla má að þessi nýliðun sé nú að koma inn í veiðistofninn.

Álykta verður að aflinn síðustu ár hafi verið meiri en nemur varanlegum afrakstri stofnsins. Meðalaflinn tímabilið 1988-92 var rúm 15 þús. tonn.

Hafrannsóknastofnunin leggur því til að aflinn á fiskveiðíárinu 1996/97 fari ekki umfram 13 þús. tonn.

## 2.13 BLÁLANGA

Blálönguaflí á Íslandsmiðum árið 1995 var tæp 1.700 tonn og er það minnsti blálönguaflí síðan árið 1978 (tafla 3.13.1 og mynd 2.13.1). Síðastliðin 5 ár hafa Íslendingar veitt um eða yfir 90% heildaraflans á Íslandsmiðum. Á síðustu árum hefur blálönguaflí Íslendinga að stærstum hluta verið aukaafli við botnvörpuveiðar (yfir 90%) ef undan eru skildar beinar veiðar á hrygningarfiski á Franshól á árunum 1992-1993. Á síðastliðnum tveim árum hefur hlutdeild línuafla þó farið vaxandi og hlutdeild botnvörpu minnkað í rúm 80%.




Mynd 2.13.1. BLÁLANGA.  
Heildaraflí (þús. tonna) árin 1966-1995.

Fig. 2.13.1. BLUE LING.  
Total landings during the period 1966-1995 (thous. tonnes).

Sérstakar veiðar á hrygnandi blálöngu voru stundaðar suður af Vestmannaeyjum á árunum 1980-1984 og var blálönguaflí Íslendinga um 8.000 tonn árin 1980 og 1981. Árið 1985 var aflinn kominn niður í um 1.400 tonn en jókst síðan lítillega og var á bilinu 1.600-2.100 tonn árin 1986-1991. Árið 1992 veiddu Íslendingar um 2.500 tonn sem var um 62% aflaaukning frá árinu áður. Þessa aukningu mátti rekja til aukins áhuga á búrfiskveiðum á sama tíma. Á árinu 1993 fór blálönguaflinn hins vegar í um 5.300 tonn, sem var yfir 100% aukning frá árinu áður. Rúm 3.000 tonn, þ.e. tæp 60% af þessum afla voru tekin á nýrri veiðislóð (Franshól). Reynt var fyrir blálöngu á Franshól árin 1994 og 1995 en því ekki fylgt eftir vegna markaðsaðstæðna. Ennfremur hefur sókn í búrfisk minnkað og því minni blálönguaflí fengist sem meðafli við þær veiðar.

## 2.14 LANGA

Lönguaflinn á Íslandsmiðum árin 1966-1995 er sýndur á mynd 2.14.1 og í töflu 3.14.1. Þótt hlutur útlendinga í aflanum hafi verið verulegur fyrr á árum og sum árin meira en helmingur hans, hefur afli Íslendinga s.l. 5 ár verið um 90% heildaraflans. Langa fæst aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar, u.p.b. jafnt í botnvörpu, línu og net.



Mynd 2.14.1. LANGA.  
Heildarafti (þús. tonna) árin  
1966-1995.

Fig. 2.14.1. LING. Total landings during the period 1966-1995 (thous. tonnes).


Lönguaflni Íslendinga var tiltölulega jafn um árabil, þ.e. 3.000-4.000 tonn á ári til ársins 1987 en eftir það 4.000-5.000 tonn á ári. Á árinu 1995 veiddust um 4.200 tonn á Íslandsmiðum, sem er heldur minni afli en á árinu 1994. Þar af veiddu Íslendingar um 3.700 tonn. Skipting aflans eftir veiðarfærum breyttist nokkuð frá árinu áður. Það var áframhaldandi aukning á línu (8%) en minnkun í net um 13%. Afli botnvörpu var 31% af heildarafla Íslendinga sem er aukning um 7% frá árinu áður.

Samkvæmt stofnmælingu botnfiska er ekki hægt að sjá að umtalsverð nýliðun sé í vændum og fjöldi fiska á togmílu hefur farið minnkandi síðustu árin. Þrátt fyrir minni heildarafla jókst afli á sóknareiningu bæði á línu og í botnvörpu árið 1995. Með svipaðri sókn má ætla að lönguaflinn fiskveiðíárið 1996/97 verði um 4.000 tonn.

## 2.15 KEILA

Keiluafli á Íslandsmiðum hefur um allangt skeið verið á bilinu 5.000-8.000 tonn (mynd 2.15.1 og tafla 3.15.1). Hann komst í um 8.700 tonn árið 1991, sem er sögulegt hámark. Til skamms tíma hafa ekki verið miklar sveiflur í keiluveiðum á Íslandsmiðum. Ekki var því vitað hver viðbrögð stofnsins yrðu við skyndilegri aflaukningu.


Það er fyrst árið 1989 sem Íslendingar fara að sækjast eftir keilu sérstaklega. Við það stórnókst sókn í keilu sem verið hafði aukaafli fram til þess tíma. Keiluafli Íslendinga var um 6.400 tonn árið 1992. Hann var kominn niður í um 4.600 tonn árið 1994 en jókst aftur í um 5.200 tonn árið 1995.



Mynd 2.15.1. KEILA.  
Heildaraflti (þús. tonna) á Íslandsmiðum árin 1966-1995.

Fig. 2.15.1. TUSK. Total landings from Icelandic waters during the period 1966-1995 (thous. tonnes).

Keila veiðist að langmestu leyti á línu (90-95%) en einnig lítið eitt í net og í botnvörpu. Keiluaflti Íslendinga jókst um rúm 600 tonn frá árinu áður. Sókn hefur minnkað en afli á sóknareiningu aukist. Í stofnmælingum botnfiska hefur keila einkum fengist út af Vesturlandi og Austurlandi. Vísitala veiðistofns hefur lækkað um meira en 50% frá árinu 1987 (mynd 2.15.2). Í stofnmælingu botnfiska árið 1986 fór að bera á sterkum árgangi sem hefur haldið uppi veiðinni síðustu ár. Nokkrar vísabendingar um nýliðun var að sjá í stofnmælingu botnfiska árið 1996 en þeirrar nýliðunar fer þó ekki að gæta í veiðistofni á allra næstu árum.




Mynd 2.15.2. KEILA.  
Vísitala veiðistofns ( $\geq 40$  sm) og smáfisks ( $<40$  sm) í stofnmælingu botnfiska árin 1986-1996.

Fig. 2.15.2. TUSK.  
Abundance indices for fishable stock ( $\geq 40$  cm) and juveniles ( $<40$  cm) in annual groundfish surveys 1986-1996.

Með tilliti til þess sem að ofan greinir og þess að ekki er fyrirsjáanleg aukin nýliðun í náinni framtíð, leggur Hafrannsóknastofnunin til að afli verði ekki aukinn frá því sem nú er, þannig að heildaraflti fari ekki yfir 6.000 tonn fiskveiðíárið 1996/97.

## 2.16 HROGNKELSI

Miklar sveiflur hafa ávallt verið í grásleppuveiðunum eins og fram kemur á mynd 2.16.1 og töflu 3.16.1. Tvö ár eru áberandi hvað varðar lélega heildarveiði, þ.e. árin 1982 og 1990. Árin 1991-1995 voru öll undir meðallagi. Vaxandi áhyggjur hafa þess vegna verið meðal sjómanna að um ofveiði geti verið að ræða.



Mynd 2.16.1.  
HROGNKELSI. Heildarafli  
grásleppu (í tonnum) hér við  
land 1971-1995 (skv.  
útreikningum Landssamb.  
smábátaeigenda).

Fig. 2.16.1. LUMPSUCKER.  
Total landings of female  
lumpsucker (tonnes) from  
Iceland grounds 1971-1995  
(from Landssamb.  
smábátaeigenda).

Þau gögn sem til eru um aflabréögð benda hins vegar ekki til þess að fylgni sé á milli veiðiálags og breytinga á stofnstaerð hrognkelsa. Til dæmis sýna aflaskýrslur að afli og meðalaflfi á net var yfir meðallagi árið 1989 en vegna sölutregðu á grásleppuhrognum var mjög mikið dregið úr sókn það árið og veiðarnar stöðvaðar sums staðar þrátt fyrir góð aflabréögð. Engu að síður var árið eftir (1990) það lélegasta í sögu veiðanna. Svipað gerðist árin 1981 og 1982.


## 2.17 SÍLD

Í ástandsskýrslum Hafrannsóknastofnunarinnar á undanförnum árum hefur verið fjallað um veiðar, ástand og horfur íslensku sumargotssíldarinnar og verður það að vanda gert í þessum kafla (sjá kafla 2.17.1-2.17.3). Einnig verður stuttlega gerð grein fyrir veiðum og ástandi norsk-íslenska síldarstofnsins í kafla 2.17.4.

### 2.17.1 Síldveiðarnar 1995/96

Hafrannsóknastofnunin lagði til að ekki yrði veitt meira en 110 þús. tonn af íslenskri sumargotssíld á vertíðinni 1995/96. Samtals urðu veiðiheimildir tæplega 129 þús. tonn. Alls tóku 25 skip þátt í síldveiðunum að þessu sinni. Landaður afli var um 125 þús. tonn en auk þess var sleppt tæpum 900 tonnum samkvæmt skýrslum síldveiðiskipa. Veiddust því samtals 126 þús. tonn, mest í hrингnót.

Eins og á vertíðinni 1994/95 fékkst mestur hluti aflans á haustmánuðum, einkum í október og nóvember, en afli í janúar og febrúar var um 20.000 tonn. Aðalveiðisvæðið var úti af sunnanverðum Austfjörðum eða frá Berufjarðarál og austur fyrir Litladjúp. Eins og kunnugt er hefur sá hluti síldaraflans sem farið hefur til bræðslu aukist mjög á undanförnum árum og var hlutfallið komið í 74% á vertíðinni 1992/93. Eftir það hefur hlutfallið farið lækkandi og á vertíðinni 1995/96 var það um 53%.



Síldaraflinn á tímabilinu 1975-1995 er sýndur á mynd 2.17.1 og allt frá 1951 í töflu 3.17.1. Tafla 2.17.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aftahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórvalda og afla í þúsundum tonna síðan árið 1988.

**TAFLA 2.17.1**  
**Síld. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aftahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórvalda og afla (þús.tonn) 1989-1996.**  
*Herring. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1989-1996.*

Ár / Year	1989	1990/91 <sup>1)</sup>	1991/92 <sup>2)</sup>	1992/93 <sup>2)</sup>	1993/94 <sup>2)</sup>	1994/95 <sup>2)</sup>	1995/96 <sup>2)</sup>
Tillaga - Recommended TAC	90	80	80	90	90	120	110
Heildaraflamark - National TAC	90	80	110	110	100	130	125
Afla - Landings (Iceland)	93	105	109	107	103	132	126


1) Veiðitímabil. *Fishing season.*

2) Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August.*

## 2.17.2 Aldursskipting og stofnstærð

Fjöldi landaðra sílda eftir aldri er sýndur í töflu 3.17.4. Þar kemur fram að á vertíðunum 1989-1991 veiddist mest af 1983 árganginum enda var hann mjög sterkur. Á vertíðinni 1992/93 veiddist hins vegar langmest af fjögurra ára síld eða 1988 árganginum en þar næst kom 1989 árgangurinn eða þriggja ára síld. Á vertíðinni 1993/94 var nánast önnur hver síld sem veiddist úr pessum árgangi en einnig veiddist mikið af 1988 árganginum. Á vertíðinni 1995/96 dreifðist aflinn eins og vertíðina á undan einkum á sterku árgangana frá 1988-1991 (fjögurra til sjö ára síld).


Frá 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar verið mæld árlega með bergmálsaðferðinni. Þessar mælingar hafa farið fram í nóvember-desember eða í janúar, yfirleitt við lok síldarvertíðarinnar. Að þessu sinni stóð síldarmælingaleiðangurinn frá 25. nóvember-14. desember. Í fyrri hluta leiðangursins var síldarmagnið mælt í og við Litladjúp og á svæðinu frá Vestmannaeyjum vestur að Eldey. Í síðari hluta leiðangursins var mergð smásíldar í fjörðum og flóum vestan-, norðan- og austanlands könnuð. Tölувert fannst af síld á öðru ári og virðist þar vera efni í árgang nokkuð yfir meðallagi. Það eru þessar nýju mælingar ásamt eldri gögnum sem núverandi úttekt síldarstofnsins byggist á.



Mynd 2.17.2. SÍLD. Stærð hrygningarástofns (þús. tonn) árin 1970-1996.

Fig. 2.17.2. HERRING. Spawning stock biomass during the period 1970-1996 (thous. tonnes).

Samkvæmt þessari úttekt var hrygningarástofninn rúm 360 þús. tonn 1990, óx í rúm 385 þús. tonn 1992 og gert er ráð fyrir að hann hafi verið rúm 520 þús. tonn 1994. Þessi hraða þróun er því að þakka að tveir sterkir árgangar frá 1988 og 1989 urðu kynþroska á árunum 1992 og 1993. Í úttekt stofnunarinnar á síðastliðnu ári var gert ráð fyrir að á árinu 1995 yrði hrygningarástofninn um 590 þús. tonn. Við núverandi úttekt kemur hins vegar í ljós að árgangurinn frá 1991, en hann var talinn mjög stór og talinn koma inn í hrygningarástofninn á árinu 1995 var ofmetinn. Einnig var spá um meðalþyngd eftir aldri á árinu 1995 hærri en raun varð á og því þurfti fleiri síldir til að ná þeim mikla afla sem veiddist á s.l. vertið en búist var við. Nú er því gert ráð fyrir að hrygningarástofninn hafi á árinu 1995 verið rúm 520 þús. tonn.



Mynd 2.17.3. SÍLD. Afrakstur og hrygningarástofn á 2 ára nýliða miðað við mismunandi sókn,  $F$  (veiðidánartölu).  $F_k = F_{0.1}$  kjörsókn.


Fig. 2.17.3. HERRING. Yield and spawning stock biomass per 2 year old recruit at various fishing mortalities ( $F$ ).  $F_k = F_{0.1}$

Töflur 3.17.2 og 3.17.3 sýna meðalþyngd og hlutfall kynþroska í afla, tafla 3.17.6 sýnir veiðidánarstuðla á tímabilinu 1974-1995, mynd 2.17.1 sýnir heildarafla á árunum 1975-1995 og meðalveiðidánartölö 5 ára og eldri síldar fyrir sama tímabil.

Sá veiðidánarstuðull sem gefur kjörsókn ( $F_k$ ) fyrir íslensku sumargotssíldina er nálægt 0,22. Eins og sést á mynd 2.17.3 eykst afrakstur á nýliða mjög lítið þótt sóknin aukist eftir að kjörsókn er náð. Vegið meðaltal veiðidánarstuðla 5-15 ára síldar á tímabilinu 1988-1992 er 0,3-0,37. Af framansögðu má vera ljóst að sóknin á árunum 1988-1992 hefur verið talsvert umfram kjörsókn. Á árunum 1993 og 1994 var veiðistuðullinn hins vegar 0,20 og 0,27 eða mun nær kjörsókn en á fyrrgreindu tímabili. Þó virðist sem veiðidánarstuðlar hafi hækkað nokkuð á árunum 1994 og 1995.


### 2.17.3 Horfur og tillögur um hámarksafla á vertíðinni 1996/97

Spá um aldursdreifingu síldarinnar á vertíðinni 1996/97 er sýnd á mynd 2.17.4 og nánari grein er gerð fyrir forsendum aldursskiptingarinnar ásamt meðalþyngd og meðallengd fram til ársins 1996 í töflum 2.17.2 og 3.17.3. Þar kemur fram að sennilega mun aflinn dreifast mest á 5 til 8 ára síld, þ.e.a.s. árgangana frá 1988 til 1991 sem allir eru ýmist í góðu meðallagi eða sterkir. Þess ber að geta að ekki hefur tekist að mæla mergð árganganna 1992 og 1993 með bergmálsmælingu. Því er gert ráð fyrir að fjöldi þeirra hafi verið 600 milljónir við tveggja ára aldur, sem er nálægt meðalnýliðun áranna 1980-1990.



Mynd 2.17.4. SÍLD. Spá um aldursdreifingu síldaraflans (% af fjölda) á vertíðinni 1996/97.

Fig. 2.17.4. HERRING.  
Prognosis of age distribution (% by number) in the catch of the 1996/97 season.



Mynd 2.17.5. SÍLD. Stærð síldarárganganna 1970-1994.  
Fjöldi við 2 ára aldur.

Fig. 2.17.5. HERRING. Year classes 1970-1994 at age 2 (in millions).

**TAFLA 2.17.2**

**Síld. Spá um aldurs dreifingu 1996 og 1997 ásamt meðalþyngd og meðallengd.**

*Herring. Predicted age distribution of herring (in %) 1995 and 1996 as well as mean weight and mean length.*

Aldur Age	1996		1997		1996-1997	
	% eftir fjölda by number	% eftir þyngd by weight	% eftir fjölda by number	% eftir þyngd by weight	Meðal- þyngd Mean weight (g)	Meðal- lengd Mean length (cm)
2	2	1	1	+	69	21.4
3	8	4	11	6	141	26.6
4	15	11	15	11	188	29.1
5	25	22	19	16	226	30.8
6	13	14	18	19	271	32.6
7	16	20	10	12	303	33.7
8	12	14	12	15	315	34.1
9	3	4	8	11	333	34.7
10+	6	10	6	11	399	36.7

Samkvæmt þessari úttekt yrði aflinn á vertíðinni 1996/1997 um 100 þús. tonn miðað við afla nærrí kjörsókn (mynd 2.17.6, tafla 2.17.3). Hrygningarástofninn myndi þá verða nánast óbreyttur, þ.e.a.s. milli 481 og 477 þús. tonn. Ef veidd yrðu 80 þús. tonn myndi hrygningarástofninn hins vegar vaxa í 495 þús. tonn en ef veidd yrðu 120 þús. tonn myndi hann minnka niður í 454 þús. tonn.


**TAFLA 2.17.3**

**Síld. Áhrif mismunandi sóknar (F) árið 1996/97 á áætlaða stærð (þús. tonna) hrygningarástofnsins 1997.**

*Herring. Projection of spawning stock size of the Icelandic summer spawning herring (thous. tonnes) in 1997 for different management strategies in the 1996/97 season.*

Hrygningarástofn 1. júlí Spawning stock biomass 1 July	1996		1996/97		1997	
	F <sup>1)</sup>	Afli Catch	Hrygningarástofn 1. júlí Spawning stock biomass 1 July			
481	0,18	80			495	
	0,23=F <sub>k</sub>	100			477	
	0,29	120			454	

1) Vegin veiðidánartala (F) fyrir 5-15 ára. F<sub>k</sub> er kjörsókn.  
Weighted fishing mortality (F) of age groups 5-15. F<sub>k</sub>=F<sub>0,1</sub>




**Mynd 2.17.6. SÍLD. Stærð hrygningarástofnsins (þús. tonna) árin 1980-1996 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð hans 1997.**

*Fig. 2.17.6. HERRING. Spawning stock size (thous. tonnes) 1980-1996 and projection of stock biomass in 1997 for different management strategies.*

Reynsla undanfarinna ára hefur ótvírætt sýnt að nýting síldarstofnsins í námunda við svokallaða kjörsókn hefur verið mjög farsæl. Hafrannsóknastofnun leggur því til að síldaraflinn verði 100 þús. tonn á vertíðinni 1996/1997 og einnig á vertíðinni 1997/98. Tillögur um leyfilegan hámarksafla fyrir vertíðina 1997/98 verða þó endurskoðaðar eftir því sem niðurstöður rannsókna gefa tilefni til.

#### 2.17.4 Norsk-íslensk vorgotssíld

Á árinu 1994 veiddu Íslendingar rúmlega 21 þús. tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum. Það var í fyrsta skipti í 27 ár sem Íslendingar veiddu úr þessum stofni. Aflinn fékkst við landhelgislinuna austur og norðaustur af Langanesi. Á árinu 1995 stunduðu Íslendingar einnig veiðar í færeyskri lögsögu og á alþjóðlegu hafsvæði milli Íslands og Noregs. Aflí Íslendinga árið 1995 varð um 174 þús. tonn en heildaraflinn úr stofninum varð rúm 900 þús. tonn.




Mynd 2.17.7. NORSK-ÍSLENSK VORGOTSSÍLD. Aflí Íslendinga og heildaraflí árin 1950-1995.

Fig. 2.17.7 NORWEGIAN SPRING SPAWNING HERRING. Total catch (upper line) from 1950-1995 and the Icelandic catch in the same period.

Mynd 2.17.7 sýnir heildarafla úr norsk-íslenska síldarstofninum tímabilið 1950-1995 ásamt afla Íslendinga á sama tímabili. Aflí Íslendinga úr stofninum varð mestur árið 1966, tæp 700 þús. tonn. Síðan dró úr veiðinni á árunum 1967 og 1968 samfara hruni stofnsins. Árið 1969 var veiðin einungis um 600 tonn og eftir það stunduðu Íslendingar engar veiðar úr þessum stofni fyrr en árið 1994. Á tímabilinu 1970-1993 stunduðu einungis Norðmenn og Rússar veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Mynd 2.17.8 sýnir fiskveiðidánarstuðla 5-10 ára síldar frá árinu 1950-1995, ásamt stærð hrygningarstofnsins. Í kjölfar hruns stofnsins í lok sjöunda áratugarins breyttist göngumynstur stofnsins og hélt síldin sig í two áratugi að mestu innan norskrar landhelgi. Síðustu ár hafa göngur fullorðinnar síldar breyst á ný samfara vaxandi stofnstærð. Á síðustu árum hefur síldar orðið vart á stóru svæði í Austurdjúpi, aðallega á alþjóðlegu hafsvæði og innan efnahagslögsögu Noregs og við Jan Mayen. Þá hefur síldar einnig orðið vart innan íslensku lögsögunnar.

Síðustu áratugina hafa Norðmenn og Rússar stjórnað veiðunum með það að markmiði að byggja hrygningarstofninn upp í að minnsta kosti 2,5 milljónir tonna. Þeim áfanga er nú náð og er talið að hrygningarstofninn hafi verið yfir þessu lágmarki undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að hrygningarstofninn stækki á næsta ári, aðallega vegna sterkra árganga frá 1991 og 1992 sem koma inn í hrygningarstofninn á næstu árum. Hins vegar er gert ráð fyrir að hrygningarstofninn minnki eftir árið 1998 vegna minni árganga frá og með 1993 árganginum.



Mynd 2.17.8. NORSK-ÍSLENSK VORGOTSSÍLD. Stærð hrygningarstofns árin 1950-1995 og vegin meðalveiðidánartala (F) 5-11 ára síldar sama tímabil.


Fig. 2.17.8. NORWEGIAN SPRING SPAWNING HERRING. Total spawning stock (upper line) from 1950-1995 and weighted mean  $F_{5-11}$  during the same period.

Nýlegur samningur um nýtingu norsk-íslenska síldarstofnsins kveður á um að heildarafli strandríkjanna fjögurra, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússlands árið 1996 verði 1.107 þús. tonn. Þar af verður afli Íslendinga 190 þús. tonn.

## 2.18 LOÐNA

### 2.18.1 Afli og stofnstærð


Tafla 3.18.1 sýnir loðnuafann á Íslands-Grænlands-Jan Mayen svæðinu í þúsundum tonna og skiptingu hans milli veiðítímabila og þjóða frá því loðnuveiðar hófust 1963. Skipting aflans í fjölda fiska (milljörðum) eftir aldri á sumar- og haustvertíðunum 1980-1995 og vetrarvertíðunum 1981-1996 er sýndur í töflum 3.18.2 og 3.18.3.



Mynd 2.18.1. LOÐNA. Stærð veiðistofns við upphaf og stærð hrygningarstofns við lok hverrar vertíðar 1978/79-1995/96.

Fig. 2.18.1. CAPELIN. Abundance of the fishable stock in the beginning of the 1978/79-1995/96 seasons and the remaining spawning stock biomass at the end of each season.

Stærð loðnustofnsins í fjölda fiska (milljörðum) eftir aldri og kynþroska miðað við 1. ágúst árin 1980-1996 er sýnd í töflu 3.18.4. Tafla 3.18.4 sýnir enn fremur heildarstærð hins kynþroska og ókynþroska hluta stofnsins í fjölda og þyngd (þús. tonna). Fjöldi fiska er bakreiknaður út frá mældum fjölda kynþroska loðnu að haust- eða vetrarlagi, eftir því við hvaða mælingu var miðað við ákvörðun hámarksafla hverju sinni, með hliðsjón af afla og náttúrulegum afföllum. Þyngd kynþroska loðnu er reiknuð út frá haustmælingum og meðalvexti á tímabilinu ágúst-október en meðalþyngd ókynþroska loðnu er miðuð við mælingar í ágúst.



Mynd 2.18.2. LOÐNA.  
Heildarafla á vertíðunum  
1978/79-1995/96 (f þús.  
tonna).

Fig. 2.18.2. CAPELIN.  
Total landings (thous.  
tonnes) in the 1978/79-  
1995/96 seasons.

Stærð loðnustofnsins í fjölda fiska (milljörðum) eftir aldri og kynþroska miðað við 1. janúar árin 1981-1996 er sýnd í töflu 3.18.5. Tafla 3.18.5 sýnir enn fremur heildarstærð hins kynþroska og ókynþroska hluta stofnsins og hrygningarástofns í lok vertíðar í fjölda og þyngd (þús. tonna). Eins og í töflu 3.18.4 er fjöldi fiska reiknaður út frá mældum fjölda kynþroska loðnu að haust- eða vetrarlagi, eftir því við hvaða mælingu var miðað við ákvörðun hámarksafla hverju sinni, og bak-eða framreiknaður með hliðsjón af afla og náttúrulegum afföllum. Þyngd kynþroska loðnu er miðuð við mælingar frá janúar. Hins vegar er notuð mæld þyngd ókynþroska loðnu að hausti en þá er vaxtartíma hennar lokið.

#### TAFLA 2.18.1

**Loðna. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aftahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og aflí (þús. tonn) vertíðarnar 1989/90-1995/96.**

**Capelin. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) the seasons 1989/90-1995/96.**

Vertíðir Seasons <sup>1)</sup>	1989/90	1990/91	1991/92	1992/93	1993/94	1994/95	1995/96
Tillaga - Recommended TAC	900	250	740	900	1250	850	1150
Heildaraflamark - National TAC	900	312	740	900	1250	850	1150
Affi Íslendinga - Landings (Icel.)	666	288	630	703	1001	750	883
Affi annarra - Landings (others)	142	28	47	85	178	114	46
Affi alls - Total landings	808	316	677	788	1179	864	929

1) Júlí - mars. July - March.

Stærð veiðistofns við upphaf og hrygningstarstofns við lok vertíðanna 1978/79-1995/96 er sýnd á mynd 2.18.1 og loðnuafinn á sömu vertíðum á mynd 2.18.2. Stærð loðnuárganganna 1976-1993, miðað við fjölda tveggja ára nýliða í ágústmánuði, er sýnd á mynd 2.18.3. Tafla 2.18.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, ákvarðanir stjórnvalda um aflahámark og loðnuafla á Íslands-Grænlands-Jan Mayen svæðinu frá 1989.


### 2.18.2 Mælingar á stærð stofnsins og veiðarnar 1995/96

Hafrannsóknastofnunin lagði til að upphafskvótinn fyrir loðnuvertíðina 1995/96 yrði 800 þús. tonn og að sú tillaga yrði síðan endurskoðuð að loknum haust- og vetrarmælingum á stofninum. Fóru stjórnvöld að þessum tilmælum. Fyrirfram var gert ráð fyrir að hámarksafli á vertíðinni allri gæti numið 1.200 þús. tonnum.

Loðnuveiðar íslensku skipanna hófust í júlíþyrjun úti af vestaverðu Norðurlandi og norður af Vestfjörðum. Loðnuveiðar Norðmanna byrjuðu hins vegar djúpt úti af Langanesi en þar tregaðist aflinn fljóttlega. Færðu norsku skipin sig þá á svæðið norður af Melrakkasléttu.

Mikið var um smáa loðnu á miðunum í júlí og versnaði ástandið eftir því sem leið á mánuðinn. Af þeim sökum var lokað stórum svæðum innan íslensku lögsögunnar og var veiðum þá sjálfhætt þar sem ekkert fannst á svæðinu milli Jan Mayen og Grænlands né í Grænlandssundi. Ekkert fannst heldur í seinni hluta ágúst né september eftir að veiðibanninu hafði verið aflétt. Veiðarnar byrjuðu svo aftur í október á svæðinu norður af Vestfjörðum. Smáloðna var áfram til vandræða allt til áramóta og afli tregur.

Heildaraflinn á sumar- og haustvertíðinni 1995 varð um 206 þús. tonn og nam afli Íslendinga 175.5 þús. tonnum en afli útlendinga var rúm 30 þús. tonn.



Á tímabilinu 29. október til 16. nóvember var stærð veiðistofnsins mæld á tveim rannsóknaskipum. Mest var af loðnu við landgrunnsbrúnina frá Hala að Kolbeinseyjarhrygg og austanlands frá Langanesi suður á móts við Glettinganes. Á öllu svæðinu var mikið af ársgamalli smáloðnu af árgangi 1994 og kynþroska loðnan á blettum innan um hana. Veður var ágætt á

meðan á mælingum stóð og dreifing loðnunnar og hegðun var hagstæð til mælinga. Hins vegar var erfitt að meta hlutfallið milli stór- og smáloðnu vegna misjafnar blöndunar þessara hluta stofnsins. Ís var yfir grænlenska landgrunninu og að hluta til einnig í Grænlandssundi þar sem loðna hefur stundum fundist á þessum árstíma. Dálítið lóðaði á loðnu sums staðar úti við ísbrúnina.

Alls mældust um 1.365 þús. tonn af kynþroska loðnu sem svaraði til 1.010 þús. tonna kvóta til viðbótar við það sem þegar var búið að veiða, eða 1.150 þús. tonna hámarksafla á vertíðinni allri miðað við venjulegar forsendur um nátturúleg afföll, þyngdaraukningu og 400 þús. tonna hrygningu í vertíðarlok. Í mælingunni var hlutfall elstu loðnunnar (árgangur 1992) miklu lægra en búist hafði verið við og meðalþyngd tveggja ára kynþroska loðnu (árgangur 1993) óeðlilega lág. Því var talið að eiththað kynni að vanta af stórra loðnu sem væntanlega hefði verið undir ísnum og því óaðgengileg þegar haustmælingin fór fram. Þar sem engar líkur voru til þess að hægt yrði að veiða allan kvótann var ákveðið að sleppa mælingum á stærð veiðistofnsins í janúar 1996.

Í janúar fundu veiðiskip mikið af loðnu úti af Austfjörðum en hún var mjög dreifð. Alls fengust tær 40 þús. tonn í mánuðinum, að verulegu leyti í flotvörpu. Loðnuveiðarnar hófust svo af krafti í febrúar. Veður hélst gott og varð metveiði, um 410 þús. tonn, í febrúar. Í mars gerði óveðurskafla sem leiddi til þess að mun minna fékkst en ella hefði orðið. Alls veiddu íslensk skip 707.9 þús. tonn á vetrarvertíðinni 1996 og erlend skip, aðallega færeysk, 15.7 þús. tonn.

#### TAFLA 2.18.2

**Loðna. Spá um stærð veiðistofnsins í vertíðarbyrjun 1996  
í fjölda og þyngd eftir aldrí.**

*Capelin. Predicted fishable stock abundance at the beginning of the 1996  
season by number and weight at age.*

Árgangur Year class	Fjöldi í milljörðum Number in billions	Þyngd í þús. tonna Weight in thous. tonnes
1994	90.0	1510
1993	35.0	840
Samtals Total	125.0	2350

Heildaraflinn á vertíðinni 1995/96 varð um 930 þús. tonn og þar af var afli Íslendinga um 883 þús. tonn. Í vertíðarlok var enn eftir að veiða um 220 þús. tonn af loðnukvótum. Reynslan hefur sýnt að aldurskipting aflans á vetrarvertíð endurspeglar aldursdreifinguna í hinum kynþroska hluta loðnustofnsins mjög nákvæmlega. Í aflanum á vetrarvertíðinni 1996 var hlutur elstu loðnunnar 21% eða um tvöfalt meiri en mældist haustið 1995 og virðist veiðistofninn hafa verið um 200 þús. tonnum stærri en haustmælingin 1995 gaf til kynna. Samkvæmt því hafa um 800-850 þús. tonn af loðnu hrygnt við suður- og vesturströndina vorið 1996.

#### 2.18.3 Ástand veiðistofnsins 1996/97

Til þess að spá fyrir um fjölda loðnu í yngri árgangi veiðistofnsins á vertíðinni 1996/97 var stuðst við spálíkan þar sem borinn er saman mældur fjöldi ársgamallar loðnu að haustlagi og fjöldi kynþroska tveggja ára loðnu árið eftir. Einnig er tekið tillit til breytinga sem verða á kynþroskahlutfalli stórra árganga. Fjöldi fiska í eldri árganginum var hins vegar framreknaður frá mældum fjölda ókynþroska loðnu haustið 1995 og náttúrulegum afföllum ( $M=0,035$  á mánuði). Stærð veiðistofnsins í tonnum er miðuð við meðalþyngd að haustlagi 1981-1996 (tafla 3.18.7).

Næsta loðnuvertíð mun byggjast á hinum kynþroska hluta árgangsins frá 1994 en auk þess á þeim hluta árgangsins frá 1993 sem ekki hrygndi vorið 1996. Samkvæmt ofangreindum forsendum verður stærð veiðistofnsins um 2,35 milljónir tonna miðað við 1. ágúst 1996 og skipting loðnunnar í fjölda og þyngd eftir aldri eins og fram kemur í töflu 2.18.2.

#### 2.18.4 Tillögur um hámarksafla á vertíðinni 1996/97

Miðað við 2,35 milljóna tonna veiðistofn í vertíðarbyrjun, sömu forsendur um náttúruleg afföll og meðalþyngd og að ofan greinir og 400 þús. tonna hrygningu í lok vertíðar ætti loðnuaflinn á vertíðinni 1996/97 að geta orðið 1.635 þús. tonn alls.

Spár um stærð veiði- og hrygningarástofns loðnunnar eru mikilli óvissu háðar, einkum að því er varðar elsta fiskinn. Þá hefur reynslan sýnt að vaxtarskilyrði geta verið mjög breytileg. Þess vegna er lagt til að hámarksafli á vertíðinni 1995/96 verði takmarkaður við 2/3 af útreiknuðum hámarksafli eða 1.100 þús. tonn, þar til stærð veiðistofnsins hefur verið mæld haustið 1996 og/eða veturninn 1997.


#### 2.18.5 Horfur á sumar- og haustvertíð 1998

Lítið er hægt að segja um ástand veiðistofnsins 1997/98. Þá munu veiðarnar byggjast að miklu leyti á 1995 árganginum og þeim hluta 1994 árgangsins sem ekki hrygnir vorið 1997. Lítið var af loðnuseiðum í ágúst 1995 og þau voru smá. Hins vegar benda fyrstu upplýsingar til þess að árgangurinn frá 1994 sé mjög stór og því má búast við að meira verði af þriggja ára loðnu á vertíðinni 1997/98 en verið hefur mörg undanfarin ár. Reynslan hefur hins vegar sýnt að talning á loðnuseiðum hefur lítið spágildi og sama má raunar segja um mælingar á ársgamalli loðnu þegar horft er tvö ár fram í tímann.

### 2.19 KOLMUNNI

#### 2.19.1 Veiðarnar

Á árunum 1975-1980 jókst kolmunnaaflinn í Norðaustur-Atlantshafi mjög hratt úr um 112 þús. tonnum í um 1,1 milljón tonna. Næstu árin minnkaði aflinn aftur og á tímabilinu frá 1982 til 1990 var hann um 550-830 þús. tonn. Árið 1991 var aflinn aðeins 370 þús. tonn, en fór vaxandi til ársins 1995 er hann var um 579 þús. tonn. Árið 1995 af veiddu Norðmenn og Rússar um 447 þús. tonn eða um 77% af heildaraflanum. Alls tilkynntu þá 13 þjóðir kolmunnaafla.



Mynd 2.19.1. KOLMUNNI.  
Heildarafla (þús. tonna) í  
NA-Atlantshafi árin  
1977-1995 og  
meðalveiðidánartala (F) 3-7  
ára kolmunna sama tímabil.

Fig. 2.19.1. BLUE  
WHITING. Total landings  
(thous. tonnes) 1977-1995  
from the NE-Atlantic Ocean  
(upper line) and mean F<sub>3-7</sub>  
during the same period.

Árið 1989 var síðasta árið sem Íslendingar veiddu kolmunna, um 5.000 tonn, þar til á seinasta ári að 369 tonnum var landað úr afla sem veiddur var við suður- og suðausturströndina í október. Kolmunnaaflinn og veiðidánartölur frá 1977 eru sýndar á mynd 2.19.1 og kolmunnaaflinn frá 1970 í töflu 3.19.1.


Á undanförnum árum hafa kolmunnagöngur á hafsvæðinu milli Noregs og Íslands verið mjög litlar og dreifðar og árið 1990 var aflinn aðeins 2.000 tonn (um 0.4% af heildaraflanum). Á árinu 1991 jukust veiðar á þessu svæði verulega og var aflinn um 79 þús. tonn eða um 21% af heildaraflanum. Árið 1992 veiddust um 62 þús. tonn á svæðinu eða um 13% af heildaraflanum, 1993 var aflinn um 43 þús. tonn eða um 8% af heildaraflanum, 1994 var aflinn aðeins um 23 þús. tonn (5%) og árið 1995 var aflinn um 24 þús. tonn eða um 4% af heildaraflanum það árið.

### 2.19.2 Aldursskipting í afla

Sterki árgangurinn frá 1989 var enn lang mest áberandi í kolmunnaflanum 1994. Hann var um 40% af heildarfjölda landaðra fiska. Næst algengastir að fjölda til í aflennum voru árgangarnir frá 1990 (13%) og 1991 (12%). Árið 1995 var kolmunni á fyrsta ári lang algengastur í afla eða um 48% enda er árgangurinn frá 1995 talinn vera sá sterkasti sem komið hefur frá upphafi rannsókna um 1970. Sterki árgangurinn frá 1989 var enn áberandi og næst algengastur (um 12%).

### 2.19.3 Stofnstærð

Árlega er gerð úttekt á kolmunnastofnинum á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Sú breyting hefur orðið á að kolmunninn í Norðaustur-Atlantshafi er nú meðhöndlaður sem einn stofn en var áður greindur í norðurstofn og suðurstofn (aðallega kolmunninn í Biskayflóa). Suðurstofninn er talinn líttill og bergmálsmælingar á hrygningarástofnинum 1994 gáfu um 280 þús. tonna hrygningarástofn. Aflinn úr þessum stofni hefur verið mjög stöðugur á bilinu 20-40 þús. tonn á ári. Hér eftir eru allar tölur um afla, nýliðun, stærð veiði- og hrygningarástofns og veiðidánartölur frá 1977 miðaðar við heildarstofninn, nema annað sé tekið fram. Einnig eru horfur og áhrif mismunandi sóknar á afla miðaðar við hann. Eins og sést á mynd 2.19.2, sem er byggð á stofnstærðarmati með aldurs-afla aðferðinni, minnkaði hrygningarástofninn frá 1977 þar til stóru árganganna frá 1982 og 1983 fór að gæta árin 1985 og 1986. Eftir 1986 minnkaði stofninn á ný en stækkaði síðan dálítið aftur þegar gæta fór stóra árgangsins frá 1989. Stærð heildar- og hrygningarástofns á árunum 1977-1995 er sýnd á mynd 2.19.2 og stærð seiðaárganganna 1970-1995 er sýnd á mynd 2.19.3.



Mynd 2.19.2. KOLMUNNI.  
Stærð heildar- og  
hrygningarástofns árin  
1977-1995 í milljónum  
tonna.

Fig. 2.19.2. BLUE  
WHITING. Total stock and  
spawning stock biomass  
during the period 1977-1995  
(million tonnes).

### TAFLA 2.19.2

Kolmunni. Áhrif mismunandi aflahámarks 1997 (milljónir tonna) á áætlaða stærð stofnsins 1997-1998.

*Blue whiting. Projection of stock and spawning stock biomass (million tonnes) in 1997-1998 for different management strategies.*

1996				1997				1998			
Heildar- stofn <i>Total stock</i>	Hrygn.- stofn <i>Spawn. stock</i>	Afli <i>F<sup>I</sup></i>	Veiðiráðgjöf 1997 <i>F<sub>97</sub></i>	Heildar- stofn <i>Total stock</i>	Hrygn.- stofn <i>Spawn. stock</i>	Afli <i>Catch</i>	Veiðiráðgjöf 1997 <i>F<sub>97</sub></i>	Heildar- stofn <i>Total stock</i>	Hrygn.- stofn <i>Spawn. stock</i>	Afli <i>Catch</i>	Veiðiráðgjöf 1997 <i>F<sub>97</sub></i>
3,5	1,6	0,45	600 <sup>2)</sup> 0,45 = F <sub>96</sub> 0,19 = F <sub>k</sub> = F <sub>0,1</sub>	3,6	1,8	565		3,7	2,1	265	4,1 2,4


1)  $F$  = veiðidánartala 3-7 ára kolmunna.  $F$  = fishing mortality of age groups 3-7.

2) Áætlað. Estimated.

Gert er ráð fyrir 12,3 milljarða nýliðun á árunum 1996-1998 og að 1995 árgangurinn verði jafn meðaltali sterku árganganna 1982-1984 eða um 21 milljarður nýliða. Ennfremur er gert ráð fyrir að aflinn 1996 verði 600 þús. tonn ( $F=0,45$ ). Með sömu sókn 1997 yrði aflinn um 580 þús. tonn og hrygningarástofninn um 2,1 milljón tonn 1. janúar 1998. Kjörsókn ( $F=0,19$ ) gæfi um 270 þús. tonn og með þeirri sókn myndu bæði hrygningarástofn og veiðistofn stækka.

## 2.20 GULLLAX

Gulllax hefur veiðst í botnvörpu við Ísland um langt árabil, einkum sem aukaafli við karfaveiðar. Hann hefur hins vegar lítið verið hirtur. Gulllaxafla er getið í aflaskýrslum frá árinu 1968. Hann var þó mjög líttill (0-4 tonn) allt til ársins 1986. Tilraunaveiðar á gulllaxi hófust 1986 og var fram haldið næstu ár. Í tilraunaveiðum á árunum 1986-1994 út af suður-, suðvestur- og suðausturlandi reyndist 52% aflans vera gulllax. Nokkur undanfarin ár hefur Sjávarútvegsráðuneytið veitt einstaka skipum leyfi til gulllaxveiða. Mynd 2.20.1 og tafla 3.20.1 sýna aflann frá upphafi veiðanna.



2.20.1 GULLLAX.  
Heildarafla (tonn) á  
Íslandsmiðum árin 1986-  
1995.

Fig. 2.20.1 GREATER  
SILVER SMELT. Total  
landings from Icelandic  
waters during the period  
1986-1995 (tonnes).

Meðalveiðidánartala (F) 3-7 ára kolmunna var mjög lág á árunum 1970-1978 eða innan við 0,1. Eftir það jókst veiðidánartalan jafnt og þétt í 0,53 árin 1989 en lækkaði svo aftur og var talin á bilinu 0,23-0,40 á árunum 1991-1995. Sóknin ( $F_{3-7}$ ) frá 1984 til 1995 hefur því oftast verið verulega umfram kjörsókn sem reiknast u.p.b. 0,20 en hafa ber í huga að allir útreikningar á afrakstri á nýliða og kjörsókn eru afar næmir fyrir breytilegri sókn í yngri árganga þar sem þyngdaraukningin er mjög mikil fyrstu þrjú árin í ævi kolmunnans.

Norðmenn og Rússar hafa um nokkurt árabíl metið stofnstærðina með bergmálsaðferðinni á hrygningastöðvunum. Þessar mælingar ná aðeins að mjög takmörkuðu leyti til ókynþroska hluta stofnsins. Í töflu 2.19.1 eru sýndar niðurstöður síðustu 6 ára.

**Tafla 2.19.1**  
**Stofnstærð kolmunna (norðurstofn) mæld með bergmálsaðferð á hrygningastöðvunum (milljónir tonna).**  
*Blue Whiting (Northern Stock) acoustic biomass estimates ( million tonnes ).*


Ár Year	Heildarstofn Total stock	Hrygn.stofn Spawning stock
1991	4,7	4,4
1992	4,6	4,3
1993	5,1	4,9
1994 <sup>1)</sup>	4,1	4,1
1995	6,9	6,1
1996	6,1	5,2

1) Norskar rannsóknir

Erfitt er að aldursgreina kolmunna, einkum eldri fisk, og því eru gögn um landaðan afla eftir aldri ekki mjög áreiðanleg. Reiknuð stærð kolmunnastofnsins með aldurs-aflagreiningu er ekki í samræmi við niðurstöður bergmálsmælinga. Bergmálsmælingar meta þá aukningu sem varð í stofninum með tilkomu stóra árgangsins frá 1989 mun meiri en aldurs-aflagreiningin. Lágt mat á stofninum 1994 er sennilega að miklu leyti vegna mjög óhagstæðs veðurs á rannsóknatímanum. Stofnmælingarnar 1995 og 1996 voru gerðar við mjög hagstæð skilyrði og sýna þær umtalsverða aukningu á veiði- og hrygningarástofni. Fiskveiðinefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins telur að bergmálsmælingarnar endurspegli vel breytingar í stofnstærð kolmunnans en enn sé talsverð óvissa um raunverulega stærð hans.

#### 2.19.4 Horfur og tillögur um hámarksafla

Spá um afla og stofnstærð (byggð á aldurs-afla aðferðinni) fyrir árið 1997 er sýnd í töflu 2.19.2.



Mynd 2.19.3. KOLMUNNI.  
 Stærð seiðaárganga  
 1970-1995 í milljónum fiska.

Fig. 2.19.3. BLUE WHITING. Size of year classes 1970-1995 at age 0 (by number in millions).

Gulllax er langlífur fiskur og það eru margir árgangar í aflanum. Ekki verður séð af árgangaskipan né stærðardreifingu hver áhrif veiða á stofninn kunna að vera, enda hafa veiðar verið takmarkaðar til þessa.

Í stofnmælingu botnfiska árið 1986 fékkst tiltölulega mikið af smáum gulllaxi (15-20 sm, u.p.b. tveggja ára) sem ekki hefur borið á síðan. Tiltölulega lítið af gulllaxi hefur fengist í stofnmælingu botnfiska síðustu árin. Þar sem beinar veiðar úr stofninum eru enn sem komið er mjög takmarkaðar telur Hafrannsóknastofnunin ekki tímabært að gera tillögu um hámarksfla fyrir gulllax.

## 2.21 HUMAR

### 2.21.1 Veiðarnar 1995 og 1996

Á árinu 1995 (fiskveiðírinu 1994/95) var úthlutað 2.200 tonnum af humri en veiðin nam hins vegar aðeins 1.026 tonnum. Aflí á sóknareiningu (kg/klst./eitt troll) var einnig lélegur á vertíðinni eða 27 kg miðað við 38 kg 1994 og 51 kg 1993. Þetta má m.a. rekja til þekktra orsaka eins og þriggja vikna sjómannaverfalls frá 25. maí til 15. júní auk hugsanlegra áhrifa af seinkun humarvertíðar frá hefðbundinni byrjun þann 15. maí fram til 21. maí. Hið síðarnefnda kom til vegna framlengingar skólahalds í landinu vegna verfalls kennara um veturninn en sem kunnugt er taka skólanemar virkan þátt í humarvinnslunni.


Áður en sjómannaverkfallið hófst náðu flestir humarbátar einum róðri dagana 21.-24. maí. Aflabréð voru alls staðar fremur dræm miðað við byrjun vertíðar en þó sínu verst á miðum við Reykjanes, þar sem meðalafli var aðeins rúm 20 kg á togtíma. Á Selvogsbanka og við Vestmannaeyjar var meðalafli þessa fáu daga í maí 46 kg á togtíma og á suðausturmíðum 42 kg, sem einnig er undir meðallagi í upphafi vertíðar. Þrátt fyrir þetta veiddust tæp 200 tonn þessa fjóra daga í maí eða næstum 20% af heildarafla vertíðarinnar. Þetta gefur nokkra vísbendingu um hversu mikilsverðar fyrstu vikur humarvertíðar frá miðjum maí fram í júní eru fyrir útkomu veiðanna í heild. Þessa seinkun humarvertíðar verður því að telja helstu ástæðu fyrir því að aðeins veiddust um 50% af aflakvóta ársins. Minni veiðanleiki humarhænga, sem eru uppistaða aflans, veldur því að aflabréð verða ávallt verri þegar kemur fram í júní og júlí, þannig að frestun vertíðar eða slæleg byrjun í maí og framan af júní leiðir undantekningalaust til lélegs afla á togtíma í heild. Má þar nefna humarvertíðir fyrir Suðausturlandi 1968 (minna enn 10 kg/klst. í maí) og 1979 (10-20 kg/klst. í maí), auk dræmra aflabragða í upphafi vertíðar á svæðum Suðvestanlands, t.d. í maí árin 1967, 1968 og 1990.

Samkvæmt niðurstöðum sjórannsókna (vorleiðangur í maí-júní 1995, sjá Hafrannsóknastofnun. Fjölrít, nr. 44) var árferði í sjónum við Ísland mjög slakt vorið 1995. Meðalbotnhiti á humarslóðum mældist lægri en nokkru sinni á síðastliðnum 20 árum og þörungagróður var hvergi mikill fyrir Suðurlandi. Vertíðinni 1995 svipaði að þessu leyti til lélegra vertíða árin 1968 og 1979 sem rekja mátti til lágs botnhita.

Nýlega var gerður ítarlegur samanburður á samhengi botnhita og sjónsdýpis (mælikvarði á þörungamagn) annars vegar og humarafla á sóknareiningu hins vegar. Í ljós kom staðfesting á því sem áður var talið líklegt að veiðanleiki humars virðist minnka við lágan botnhita og mikið sjónsdýpi. Humarinn, sem að eðlisfari býr í holum á leirbotni og veiðist þá alls ekki, fer hins vegar í auknum mæli úr holunum í ætisleit við hærra hitastig og „kjörbirtu“ við botn. Lágur botnhiti á humarslóðum 1995 og mikið sjónsdýpi, þ.e. tær sjór vegna lítils þörungamagns, hefur því hugsanlega dregið úr veiðanleika humars miðað við meðalárferði.

Eins og kunnugt er hafa á undanförnum árum spunnist verulegar umræður um hugsanleg áhrif annarra veiðarfæra, einkum dragnótar, á þróun humarstofnsins. Að gefnu tilefni var því gerð

úttekt á þróun sóknar með dragnót, auk fiski- og rækjutrolls. Tekin voru saman öll köst og tog með þessum veiðarfærum á humarveiðisvæðum samkvæmt afladagbókum árin 1991-1995. Í ljós kom að á þessu tímabili hafa veiðar með fiskitrolli á humarslóð farið heldur minnkandi. Sókn með rækjutrolli hefur stóraukist árin 1994-1995, að vísu aðeins bundin við eitt svæði, þ.e. norðvestur af Eldey.




F Mynd 2.21.1. HUMAR.  
Heildaraflfi (þús. tonna) árin  
1970-1995 og  
meðalveiðidánartala (F) 6-13  
ára humars sama tímabil.

Fig. 2.21.1. NEPHROPS.  
Landings (thous. tonnes)  
1970-1995 (upper line) and  
 $F_{6-13}$  during the same  
period.

Dragnótarsókn á humarmiðum hefur hins vegar nær þefaldast að meðaltali frá árinu 1991 til 1995 en hún hófst einkum með langlúruveiðunum frá og með árinu 1987. Nú er svo komið að heildaryfirferð dragnótakasta á ári er næstum jafnmikil og yfirferð með humarvörpu, enda þótt heildaryfirferð dragnótarinnar sjálfrar sé mun minni. Veruleg breyting hefur einnig orðið á sóknarmynstri með dragnót eftir mánuðum, þannig að hlutdeild sóknar jókst verulega fyrrí hluta árs (mars-maí) árin 1993-1995. Um áhrif þessarar auknu sóknar á humarstofninn er ekki vitað.

Humaraflfi og veiðidánartölur frá 1970 eru sýndar á mynd 2.21.1 og aflinn allt frá 1951 í töflu 3.21.1.



Mynd 2.21.2. HUMAR. Spá  
í maí 1995 um  
aldurs/lengdarskiptingu  
aflans á humarvertíðinni  
1995 borin saman við  
aldurs/lengdarskiptingu  
aflans að vertíð lokinni.

Fig. 2.21.2. NEPHROPS.  
Prognosis from May 1995 of  
age/length distribution of the  
1995 catch and the actual  
age/length of the catch.

Aflinn 1995 skiptist þannig að við Suðvesturland (Jökuldjúp-Selvogsleir) voru veidd 510 tonn miðað við 540 tonn árið áður og á Selvogsbanka og við Vestmannaeyjar 325 tonn (495 tonn 1994). Við Suðausturland (Skaftárdjúp-Lónsdjúp) veiddust aðeins 190 tonn samanborið við 1.200 tonn 1994 enda hættu flestir Hornafjarðarbátar veiðum í júní-júlí og bátar frá Suðvesturlandi sóttu lítið austur vegna lélegrar veiði. Helst má líkja vertíðinni á suðausturmiðum við árið 1979 þegar þar voru aðeins veidd 295 tonn. Afli á togtíma árið 1995, sem var 26, 28 og 26 kg á ofangreindum svæðum, er þó ekki samanburðarhæfur við fyrri ár vegna seinkunar vertíðar. Þó er ljóst að samdráttur á afla á togtíma er mestur á suðausturmiðum (tafla 3.21.2).

Skipting humaraflans eftir svæðum á árunum 1970-1995 er sýnd í töflu 3.21.2 og sömu ár eftir aldri í töflu 3.21.3.

Á mynd 2.21.2 er sýnd spá sem gerð var fyrir humarvertíðina 1995 um skiptingu aflans eftir áætluðum aldri (miðað við fjölda) og til samanburðar aflinn að vertíð lokinni. Hlutdeild árganga frá árunum fyrir 1988 (8 ára humar og eldri) reyndist svipuð og gert var ráð fyrir í síðustu úttekt. Hins vegar var hlutfall 5-7 ára humars (árgangar 1988-1990) nokkru lægra en spáð var sem bendir til þess að nýliðun hafi verið enn lélegri en skýrslur árin 1994-1995 gáfu til kynna.

#### TAFLA 2.21.1


**Humar. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórvalda og afli (þús. tonn) 1989-1996.**

*Nephrops. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1989-1996.*

Ár Year	1989	1990	1991	1991/92 <sup>1)</sup>	1992/93 <sup>1)</sup>	1993/94 <sup>1)</sup>	1994/95 <sup>1)</sup>	1995/96 <sup>1)</sup>
Tillaga - Recommended TAC	2.1	2.1	2.1	2.1	2.2	2.2	2.2	1.5
Heildaraflamark - National TAC	2.1	2.0	2.1	2.1	2.4	2.4	2.2	1.5
Afli alls - Total landings	1.9	1.7	2.2	2.2	2.4	2.2	1.0	-

1) Fiskveiðíárið september-ágúst. Quota year September-August.

Samkvæmt sérstakri úttekt sem gerð var í janúar 1996 virðist humarstofninn heldur minni en gert var ráð fyrir í síðustu skýrslu, sem einkum má rekja til mjög lélegrar nýliðunar að undanförnu vegna óvenju slakra árganga frá tímabilinu 1987-1989. Í ljósi þess lagði Hafrannsóknastofnunin til að humaraflri yrði takmarkaður við 1.500 tonn á fiskveiðíárinu 1995/96. Þetta hefði leitt af sér sókn sem er aðeins innan við kjörsókn í stofninn.



Mynd 2.21.3. HUMAR.

Stærð humarárganganna

1964-1991. Fjöldi við

áætlaðan 5 ára aldur (í

milljónum).


Fig. 2.21.3. NEPHROPS.  
Year classes 1964-1991 at  
estimated age 5 (in millions).

Á vertíðinni sem hófst 16. maí s.l. var úthlutað 1.500 tonnum en vegna möguleika á tilfærslu afla frá undangengnu fiskveiðiári gæti humaraflinn hins vegar orðið allt að 1.940 tonnum eða talsvert yfir kjörsókn. Slík sókn er ótímabær þar eð gert er ráð fyrir vaxandi hlutdeild smáhumars í afla (einkum árgangur 1991) eins og fram kemur á mynd 2.21.6.

Tafla 2.21.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórvalda og humarafla síðan 1989.

## 2.21.2 Ástand stofnsins

Humaraflí á togtíma náði síðast hámarki árin 1992-1993, einkum á auststu svæðunum við Suðausturland, þar sem árgangar áætlaðir frá 1984-1985 voru mjög sterkir (tafla 3.21.2). Í kjölfarið komu mun lélegri árgangar frá árunum 1987-1989 eins og greint var frá í síðustu skýrslu (mynd 2.21.3). Þessir árgangar hafa leitt til minnkandi nýliðunar, sem á snaran þátt í minni afla á togtíma árin 1994 og 1995, án tillits til þeirra utanaðkomandi atriða sem greint var frá að framan.




Mynd 2.21.4. HUMAR.  
Stærð veiðistofns (6 ára og eldri) ásamt hluta stórhumars (10 ára og eldri) árin 1971-1996.

Fig. 2.21.4. NEPHROPS.  
Fishable stock ( $6^+$ ) and large category ( $10^+$ ) biomass during the period 1971-1996.

Nýjasta úttekt á humarstofninum staðfestir það að árgangar frá tímabilinu 1987-1989 virðast allir í sögulegu lágmarki. Hins vegar bendir flest til þess að árgangar 1990-1991 séu betri, einkum sá síðarnefndi á suðausturmiðum eins og árgangar 1984 og 1985 höfðu reyndar verið áður. Nokkrar vísbendingar eru því fyrir hendi um batnandi aflabréð vegna þessa, einkum frá og með 1997.

## 2.21.3 Horfur og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 1996/97


Veiðidánartölur frá 1970 eru sýndar í töflu 3.21.5 og mynd 2.21.1. Eins og áður, hefur verið stefnt að því að takmarka humarafla við sem næst kjörsókn í stofninn (mynd 2.21.5). Í stórum dráttum hefur þetta gengið eftir síðan 1978 utan þess að stofninn var ofmetinn 1986 vegna óvenju góðra skilyrða til veiða. Í kjölfar þess fór sóknin upp fyrir kjörsókn, mest árið 1987, þó að hún næði ekki hámarki áranna 1971-1972 og 1976-1977.



Mynd 2.21.5. HUMAR.  
Afrakstur á þriggja ára  
nýliða miðað við  
mismunandi sókn,  $F$   
(veiðidáartölu).  $F_k$  er  
kjörsókn.

Fig. 2.21.5. NEPHROPS.  
Yield per 3 year old recruit  
at different fishing mortalities  
( $F$ ).  $F_k = F_{0.1}$

Með því að stilla sókninni í hóf hefur heildaraflí orðið stöðugri og afli á sóknareiningu aukist verulega síðan á áttunda áratugnum. Undanskilin eru þó árin 1988-1990, þegar veiðistofninn (6 ára humar og eldri) var í lægð vegna slakra árganga frá tímabilinu 1980-1982 og mikilla veiða við Suðausturland 1986-1987 og Suðvesturland 1988 (mynd 2.21.4 og tafla 3.21.4).



Mynd 2.21.6. HUMAR. Spá  
í maí 1996 um  
aldursdrei fingu í aflanum (%  
af fjölda) 1996 og 1997.

Fig. 2.21.6. NEPHROPS.  
Prognosis from May 1996 of  
age distribution (% in  
numbers) of the 1996 and  
1997 catches.

Árin 1989-1993 var góð nýliðun á Suðausturmiðum vegna árganga frá 1984-1985 og því jókst bæði afli og afli á togtíma þar um rúmlega 80% og 60% frá árinu 1989 til ársins 1993 en mun minna á öðrum miðum. Í framhaldi af þessu var árið 1994 hins vegar með lélegustu árum á öllum miðum hvað varðar afla á sóknareiningu, sem virðist einkum hafa átt rætur að rekja til versnandi nýliðunar (árgangar 1987-1989).

Vertíðin 1995 var loks sú lakasta frá upphafi, enda fór þar allt saman eins og áður greinir, verkfall á besta veiðítímanum, léleg nýliðun og umhverfisskilyrði undir meðallagi (t.d. botnhiti).

Spá um aldursdreifingu humars í aflanum 1996 og 1997 (mynd 2.21.6), sem gerð var áður en humarvertíð hófst 1996, gerir ráð fyrir því að miðað við fjölda muni einkum hlutdeild árgangsins frá 1991 fara ört vaxandi, þ.e. fimm og sex ára humar árin 1996 og 1997. Þannig eru horfur á batnandi nýliðun á ný á komandi vertíðum en hlutfall smáhumars verður að sama skapi fremur hátt.

**TAFLA 2.21.2**


**Humar. Áhrif mismunandi aflahámarks 1997-1998 á áætlaða stærð veiðistofnsins (tonn) árin 1998-1999.**

*Nephrops. Projection of fishable stock biomass (tonnes) in 1997-1998 for different management strategies in 1998-1999.*

1996			1997			1998			1999		
Stofn 6+	F <sup>1)</sup>	Afli	Afla-hámark	Stofn 6+	F <sup>1)</sup>	Afla-hámark	Stofn 6+	F <sup>1)</sup>	Afla-hámark	Stofn 6+	
Stock 6+		Catch	TAC	Stock 6+		TAC	Stock 6+		TAC	Stock 6+	
10.900	0,23	1.800	1.500	11.500	0,17	1.500	12.400	0,16	1.500	13.400	
			1.800		0,22	1.800	12.000	0,22	1.800	12.700	
			2.100		0,27	2.100	11.700	0,27	2.100	12.100	

1) F=Veiðidánartala 6-13 ára. F=Fishing mortality of estimated age groups 6-13.

Humarstofninn 1996 reiknast samkvæmt núverandi mati heldur minni en gert var ráð fyrir í síðustu skýrslu. Þetta á rætur að rekja til enn verri nýliðunar en reiknað var með og þar af leiðandi var sóknin árin 1993 og 1994 talsvert umfram kjörsókn. Í framrekningum á stofnstærð fram til ársins 1999, sem sýndir eru í töflu 2.21.2 og á mynd 2.21.7, er gert ráð fyrir því að árgangur 1991 sé aðeins yfir meðallagi en árgangar 1992-1993 meðalstórir. Þessir árgangar munu bætast í veiðistofninn árin 1997-1999. Gert er ráð fyrir að meðalþyngd eftir aldri verði eins og sýnt er í töflu 3.21.6.



Mynd 2.21.7. HUMAR.  
Stærð humarstofnsins árin  
(þús. tonna) 1980-1997 og  
áhrif mismunandi  
aflahámarks á áætlaða stærð  
hans 1998-1999.

Fig. 2.21.7. NEPHROPS.  
Stock size (thous. tonnes)  
1980-1997 and projection of  
stock biomass in 1998-1999  
for different management  
strategies.


Af þessu leiðir að verði aflinn 1.500 tonn árið 1997 (fishveiðíárið 1996/97) mun veiðistofninn fara vaxandi árin 1998-1999 og veiðidánarstuðlar verða innan við kjörsókn ( $F_k = 0,21$ ). Væri hins vegar landað yfir 2.000 tonnum árið 1997 héldist veiðistofninn áfram í lágmarki og veiðidánarstuðlar færðu verulega fram úr kjörsókn.

Þess ber að geta að ofangreindar niðurstöður byggjast verulega á því að nýliðun í veiðistofninn verði a.m.k. í meðallagi á komandi árum gagnstætt því sem verið hefur undanfarin ár. Ennfremur má reikna með því að hlutfall smáhumars í afla verði áfram hátt árið 1997. Í ljósi þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að humarafla fari ekki yfir 1.500 tonn fiskveiðiárið 1996/97.

## 2.22 RÆKJA

### 2.22.1 Veiðar á Íslandsmiðum 1995-1996

Tafla 3.21.1 sýnir heildarrækjuafla á Íslandsmiðum árin 1955-1995 og tafla 3.22.1 sýnir rækjuafla eftir svæðum árin 1989-1995. Heildarrækjuafliðinn varð tær 76 þús. tonn árið 1995 en var tær 73 þús. tonn árið 1994. Mynd 2.22.1 sýnir aflann á Íslandsmiðum s.l. þrjá áratugi (sjá um veiðar á Fæmingjagrunni í kafla 2.22.4).



Mynd 2.22.1. RÆKJA.  
Heildarafla á Íslandsmiðum  
(heila línan) og afti á  
grunnslóð (slitna línan) árin  
1964-1995.

Fig. 2.22.1. NORTHERN  
SHRIMP. Total landings at  
Iceland (solid line) and  
landings from inshore areas  
(broken line) by years during  
the period 1964-1995.

Rækjuafli á grunnslóð var mun meiri árið 1995 en 1994 eða um 9.900 tonn miðað við 8.900 tonn árið 1994. Á árunum 1988-1995 hefur afti aukist um rúm 6.000 tonn. Þessa auknu veiði má þakka markvissri uppbryggingu rækjustofna á grunnslóð og litlu afráni þorsks, auk tilkomu nýrra svæða á Skjálfsanda þar sem veiðar hófust árið 1990. Vaxandi veiði var einnig í Skagafirði, Öxarfirði og í Húnaflóa.

Rækjuafli á úthafinu var svipaður árin 1995 og 1994 eða tær 66 þús. tonn árið 1995 og tær 64 þús. tonn árið 1994. Alls stunduðu 142 skip úthafsrækjuveiðar á árinu 1995.

### 2.22.2 Ástand rækju á grunnslóð 1995-1996 og tillögur um hámarksafla á fiskveiðiárinu 1996/97.

Almennt er gott útlit fyrir rækjuveiðar á grunnslóð á næsta veiðítímabili. Tillögur um hámarksafla innfjarða eru einungis tillögur um aflamark fyrstu mánuði vertíðarinnar (tafla 2.22.2). Tillögur um hámarksafla á vertíðinni allri verða kynntar að loknum hefðbundnum haustkönnunum. Tafla 2.22.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, ákvarðanir stjórnvalda um heildaraflamark og rækjuafla á grunnslóð árin 1989-1995.

**TAFLA 2.22.1**

Rækja á grunnslóð. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark,  
heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórvalda og afli (þús. tonn) árin 1989-1996.


*Northern shrimp, inshore. TAC recommended by the Marine Research  
Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1989-1996.*

Ár Year	1989/90	1990/91	1991/92 <sup>1)</sup>	1992/93 <sup>1)</sup>	1993/94 <sup>1)</sup>	1994/95 <sup>1)</sup>	1995/96 <sup>1)</sup>
Tillaga - Recommended TAC <sup>2</sup>	4.2	6.8	6.9	7.4	8.0	9.1	11.0
Heildaraflamark - National TAC <sup>2</sup>	4.5	6.8	6.9	7.4	8.0	9.1	11.0
Afli - Landings <sup>2</sup>	4.5	6.8	7.1	7.4	8.0	9.1	-
Breiðafjörður, afli - Landings	0.2	0.3	0.1	0.4	0.3	0.3	-

1) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.

2) Án Breiðafjarðar. Excluding Breiðaffjörður.

Stofnvísitala rækju við **Eldey** var há árið 1995 en þó lægri en árið áður. Veidd voru 1.511 tonn á Eldeyjarsvæðinu árið 1995. Afli á togtíma (kg/klst.) var mikill árið 1995 eða 308 kg. Veiðar voru stundaðar allt fram í nóvember. Lagt er til að upphafsaflí verði 1.000 tonn árið 1996.



Mynd 2.22.2a. RÆKJA. Afli á sóknareiningu (kg/klst.) á grunnslóð árin 1967-1995.

Fig. 2.22.2a. NORTHERN SHRIMP. CPUE (kgs/hr.) in inshore waters during the period 1967-1995.


Afli á sunnanverðum **Breiðafirði** var 294 tonn árið 1995. Afli á togtíma var 128 kg. Þetta svæði er einungis hluti af heildarrækjusvæðinu við Snæfellsnes og veiðist meiri hluti rækjunnar í Kolluál sem telst úthafssvæði (sbr. kafla 2.22.3). Ekki er gerð tillaga um hámarksafla á Breiðafirði en lagt er til að veiðar geti hafist 6. maí og staðið til júníloka. Einnig er lagt til að skylduð verði notkun seiðaskilju við veiðarnar.

Í **Arnarfirði** hefur rækjustofninn farið vaxandi frá vertíðinni 1985/86. Afli varð mestur vertíðina 1993/94 eða 850 tonn en var rúm 700 tonn s.l. tvö vetur. Afli á sóknareiningu var mikill veturinn 1995/96 eða 285 kg/klst. Veturinn 1995/96 var 1990 árgangurinn mjög áberandi (5 ára rækja). Gert er ráð fyrir að veiðin fiskveiðiárið 1996/97 muni einkum byggjast á fjögurra til 6 ára rækju. Nokkur óvissa rískir um þróun stofnsins á næstu árum því enn eru engin merki um nýjan sterkan árgang á svæðinu. Lagt er til að upphafsaflí verði 500 tonn fiskveiðiárið 1996/97.

Í **Ísafjarðardjúpi** minnkaði veiðistofn rækju eftir vertíðina 1993/94 en þá hafði aflinn verið 2.500 tonn eða svipað og var næstu tvö vetur þar á undan. Veiðistofninn stækkaði síðan verulega veturinn 1995/96 þegar sterku árgangarnir frá 1992 og 1993 komu að fullu inn í veiðina. Veiðar

hófust seit veturinn 1995/96 vegna mikillar mergðar þorskseiða. Veiðar gengu þó vel þrátt fyrir svæðalokanir og aflinn varð 2.756 tonn. Afli á togtíma var 248 kg veturinn 1995/96. Á s.l. vertíð var 1993 árgangurinn mjög áberandi og mun sá árgangur líklega halda uppi veiðinni veturinn 1996/1997. Lagt er til að upphafsaflí verði 1.800 tonn fiskveiðiárið 1996/97.

Rækjustofninn í **Húnaflóa** virðist vera í miklum vexti en veiðar hófust seit veturinn 1995/96 vegna mikillar mergðar þorskseiða. Rækjuveiðarnar gengu þó vel þrátt fyrir svæðalokanir. Afli á togtíma var 539 kg veturinn 1995/96 og er það mun meira en veturinn 1994/95. Aflinn varð 2.670 tonn veturinn 1995/96. Þar af fengust rúm 100 tonn á Ófeigsfjarðarflóa. Hlutdeild 1992 árgangsins var áberandi mikil. Einnig er 1993 árgangurinn vaxandi og munu þessir tveir árgangar standa að verulegu leyti undir veiðinni veturinn 1996/97. Lagt er til að upphafsaflí verði 1.700 tonn fiskveiðiárið 1996/97.



Mynd 2.22.2b. RÆKJA.  
Afli á sóknareiningu  
(kg/klst.) á grunnsloð 1967-  
1995.

Fig. 2.22.2b. NORTHERN  
SHRIMP. CPUE (kgs/hr.) in  
inshore waters during the  
period 1967-1995.

Í **Skagafirði** voru veidd um 1.500 tonn veturinn 1995/96. Afli á togtíma hefur verið mikill undanfarna þrjá vetrar og var með mesta móti veturinn 1995/96, 1.118 kg. Gert er ráð fyrir að þriggja og fjögurra ára rækja munu bera uppi veiðina næsta vetrar. Lagt er til að upphafsaflí verði 1.000 tonn fiskveiðiárið 1996/97.

Veiðar á **Skjálfanda** hófust árið 1990. Þá fengust 125 tonn en veturinn 1995/96 voru veidd þar 1.023 tonn. Afli á togtíma var 589 kg veturinn 1995/96. Áberandi var hversu mikið var af þriggja ára og eldri rækju á svæðinu. Líklegt er talið að þriggja og fjögurra ára rækja muni bera uppi veiðina veturinn 1996/97. Lagt er til að upphafsaflí á Skjálfanda verði 700 tonn fiskveiðiárið 1996/97.

Á **Öxarfirði** voru veidd 1.308 tonn á vertíðinni 1995/96. Afli á togtíma var 719 kg veturinn 1995/96. Priggja og fjögurra ára rækja munu að líkendum verða mest áberandi í veiðinni á næstu vertíð. Lagt er til að upphafssafli á Öxarfirði fiskveiðiárið 1996/97 verði 900 tonn.

Meðalstærð (fjöldi/kg) rækju á hinum ýmsu svæðum er sýnd í töflu 3.22.4. Smærri rækjan er yfirleitt á grunnsloð og var hún smæst í norðurfjörðum Breiðafjarðar (505 stk/kg). Á innanverðum Húnaflóa var rækja einnig mjög smá. Áraskipti eru á meðalstærðinni og breytist hún aðallega eftir hlutfallslegum styrk árganga á hinum ýmsu svæðum.


**TAFLA 2.22.2**  
**Rækja á grunnslóð. Tillögur um upphafsafla (tonn)**  
**fiskveiðiárið 1996/97.**  
*Pandalus inshore. Recommended provisional TAC (tonnes).*  
*for the quota year 1996/97.*

Svæði Area	Fiskveiðiárið 1996/97 Quota year1996/97
Eldey <sup>1)</sup>	1.000
Arnarfjörður	500
Ísafjarðardjúp	1.800
Húnafloi	1.700
Skagafjörður	1.000
Skjálfandi	700
Öxarfjörður	900

1) Tillaga um leyfilegan hámarksafla við Eldey árið 1996.  
*Recommended TAC for this area applies to calendar year 1996.*

### 2.22.3 Ástand úthafsrækju 1995 og tillögur um hámarksafla á fiskveiðiárinu 1996/97

Úthafsrækjuveiðar hér við land hófust í byrjun áttunda áratugarins en fram til ársins 1983 var úthafsrækjuflinn aðeins brot af heildarrækjuveiðinni (mynd 2.22.1). Veruleg umskipti urðu á árinu 1984 þegar úthafsrækjuflinn varð rúm 16.500 tonn. Árið 1986 komst aflinn í 30 þús. tonn og jókst í tær 35 þús. tonn árið 1987. Á árunum 1988 og 1989 minnkaði úthafsrækjuflinn mikið en hefur síðan farið ört vaxandi og varð tær 66 þús. tonn árið 1995 ( mynd 2.22.1 og tafla 3.22.1).



Mynd 2.22.3. RÆKJA. Afli á sóknareiningu (kg/klst.) á helstu úthafsrækjusvæðunum árin 1974-1995.

Fig. 2.22.3. NORTHERN SHRIMP. CPUE (kgs/towing hr.) in the two main offshore areas 1974-1995.

Rækjuveiðar á miðunum frá **Norðurkanti** að **Grímsey** hófust upp úr 1970. Veiðin var þó fremur lítil framan af en komst í rúm 6.000 tonn árið 1983. Síðan fór aflinn hraðvaxandi til ársins 1987 er tær 25 þús. tonn fengust á þessum miðum. Á árunum 1988-1990 minnkaði afli verulega á þessu svæði en jókst eftir það smáum saman í 42 þús. tonn árið 1994 og loks í tær 50 þús. tonn árið 1995. Afli á togtíma sem talinn er vísbending um ástand stofna var um og yfir 200 kg á svæðinu frá Norðurkanti að Grímsey árið 1974 (miðað við 1.600 möskva vörpu í stað 1.200 möskva vörpu sem áður var miðað við) en minnkaði síðan mjög örth (mynd 2.22.3). Afli á togtíma

fór minnkandi úr 126 kg árið 1985 í 87 kg 1989. Síðan jókst afli á togtíma og varð mestur 140 kg árið 1994 en var 123 kg árið 1995 (tafla 3.22.2).

#### TAFLA 2.22.3

**Úthafsrækja. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark**

**samkvæmt ákvörðunum stjórvalda og afli (þús. tonn) árin 1989-1996.**

*Northern shrimp, offshore. TAC recommended by the Marine Research*

*Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1989-1996.*

Ár Year	1989	1990	1991	1991/92 <sup>1)</sup>	1992/93 <sup>1)</sup>	1993/94 <sup>1)</sup>	1994/95 <sup>1)</sup>	1995/96 <sup>1)</sup>
Tillaga - Recommended TAC <sup>2)</sup>	20.0	22.0	28.0	35.0	35.0	40.0	60.0	40.0
Heildaraflamark - National TAC <sup>2)</sup>	20.9	24.6	-	40.0	40.0	52.0	62.0	63.0
Afli - Landings <sup>2)</sup>	20.9	24.4	30.7	34.2	41.8	53.2	61.2	-
Dohrnbanki, afli - Landings	1.3	0.3	0.5	1.8	2.6	1.4	1.2	-

1) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.

2) Án Dohrnbanka. Excluding Dohrnbank area.

Rækjuveiðar norðaustanlands á svæðunum frá **Sléttugrunni** að **Héraðsdjúpi** hófust árið 1984. Það ár voru veidd tæplega 1.900 tonn á þessum miðum og fékkst nær allur aflinn í Héraðsdjúpi. Mikil aukning varð síðan á afla á svæðinu, einkum vegna veiða á nýjum miðum út af Sléttu og Langanesi, og árið 1986 var aflinn rúm 10 þús. tonn. Árið 1987 minnkaði rækjuafli í rúm 7.000 tonn á þessu svæði. Sóknin minnkaði um meira en helming á árinu 1988 og enn meira árið 1989 þegar aflinn varð einungis 1.000 tonn. Rækjuafli hefur síðan aukist mikið á þessu svæði eða í 6-7.000 tonn árin 1992 og 1993 og í um 9.700 tonn árin 1994 og 1995 (tafla 3.22.2). Árin 1988 til 1990 minnkaði afli á sóknareiningu verulega á Norðausturmiðum og fór hann niður í um 100 kg/klst. Eftir það jókst afli á togtíma smáram saman og var 178 kg árið 1995 (mynd 2.22.3 og tafla 3.22.2). Eins og á svæðinu Norðurkantur-Grímsey er hér einnig miðað við staðlaðann afla í 1.600 möskva vörpu í stað 1.200 áður.

Á **Rauða torginu** varð afli mestur árið 1988 eða rúm 800 tonn. Afli á togtíma hefur verið breytilegur síðustu ár eða frá 107 til 200 kg, en var 230 kg árið 1995. Heildarafla á þessu svæði hefur verið líttíll síðustu árin, 200-300 tonn, en jókst þó í tær 500 tonn árið 1995.

Í **Kolluál** hefur afli á togtíma aukist mikið á síðustu árum eða úr 81 kg 1990 í 141 kg árið 1994 en var 126 kg/klst. árið 1995 (tafla 3.22.2). Afli jókst á árunum 1988-1990 og varð tær 2.500 tonn árið 1990 en minnkaði í rúm 1.700 tonn árið 1991. Frá 1991 hefur afli aukist verulega samfara stóraukinni sókn, þ.e. úr 4.900 tonnum árið 1993 í tær 7.000 tonn árið 1994 en aflinn árið 1995 var 3.790 tonn. Nýjar upplýsingar benda til þess að stofninn hafi minnkað verulega.

**Jökuldjúp** er þekkt rækjuveiðisvæði síðan á áttunda áratugnum. Afli hefur nú loks glæðst á ný og voru veidd þar 800 tonn árið 1994. Árið 1995 veiddust 1.165 tonn í Jökudjúpi. Afli á togtíma hefur verið mjög svipaður og í Kolluál eða 145 kg árið 1995.

Á **Halnum** fékkst fyrst rækja árið 1990 og var heildarveiðin árin 1991-1994 á bilinu 800-2.000 tonn (tafla 3.22.1). Árið 1995 minnkaði afli verulega og varð aðeins 250 tonn. Aflabréögð á Halnum hafa yfirleitt verið góð (tafla 3.22.2), einkum síðari hluta árs. Svo var einnig árið 1995 er afli á togtíma var 350 kg. Rækjan var að venju stór eða ívíð stærri en á Norðurkanti (tafla 3.22.4).

Eins og venjulega var rækjan við **Dohrnbanka** stærst (tafla 3.22.4) eða 74 stk/kg. Sýni af þessu svæði eru þó mjög fá. Talið er að meiri hluti Dohrnbankastofnsins liggi vestan við miðlínus milli Íslands og Grænlands. Afli á togtíma hjá skipum hinna ýmsu þjóða er stunda veiðar úr þessum stofni bendir til þess að stofninn hafi verið í lægð árin 1991-1993. Rækjuafli Íslendinga á Dohrnbankasvæðinu hefur verið mjög breytilegur á undanförnum árum enda hefur þar oft legið ís

yfir á vorin og fyrri hluta sumars. Árin 1991-1995 fengu einstök skip góðan afla á tímabilinu febrúar til maí þegar íslaust hefur verið. Alls veiddust rúm 1.150 tonn árið 1995 samanborið við 1.426 tonn árið 1994. Aflí á togtíma var góður á árunum 1991 til 1993 eða um 200 kg og enn meiri 1994 og 1995 eða 284 kg og 309 kg.

Athuganir á lengdardreifingu úthafsrækju árið 1995 bentu til þess að nýliðun ungrækju væri góð. Er þar einkum átt við 1992 og 1993 árgangana og sýnist 1993 árgangurinn vera í sterkara lagi. Smæsta rækjan (390 stk/kg) fékkst á Grímseyjarsvæðinu. Á mörgum svæðum var rækjan þó smærri árið 1995 heldur en 1994 (tafla 3.22.4). Þessu veldur einkum tvennt, tveggja ára rækja var útbreiddari en venjulega og talsvert hefur saxast á fjölda rækju 5 ára og eldri. Árið 1995 var eins til fjögurra ára rækja mest áberandi á heildina litið. Fjögurra og fimm ára rækja var þó mjög áberandi á Norðurkanti eins og oftast áður.

Árleg stofnmæling úthafsrækju hefur farið fram með sama sniði allt frá árinu 1988. Stofnmælingin nær til allra úthafsrækjumiðanna fyrir Norðvestur-, Norður- og Austurlandi. Stofnvísitala veiðistofns jókst um riflega helming frá árinu 1989 til ársins 1991. Árin 1992 og 1993 lækkaði vísitalan aftur en árið 1994 mældist hún svipuð og árið 1991. Niðurstöður stofnmælingar 1995 benda til þess að veiðistofn hafi minnkað frá árinu áður. Stofnstærðin er þó nálægt meðaltali áranna 1990-1994. Þessar niðurstöður eru í samræmi við spár Hafrannsóknastofnunarinnar enda hefur aflí úr stofninum verið meiri síðustu ár en sem nemur nýliðun í stofninni.

Eins og kunnugt er skiptir rækjan um kyn þegar hún hefur náð ákveðnum aldri/stærð. Öll ungrækja er karlkyns og fjöldi kvendýra er því mælikvarði á stærð hrygningstarstofns. Hlutfall kvendýra í stofninum (Norðurkantur-Héraðsdjúp) hefur farið lækkandi frá árinu 1989 og er eftrtektarvert að fjöldi kvendýra í stofninum árið 1995 er svipaður og árið 1990 þegar vísitala veiðistofns var einungis um helmingur af stofnstærðinni 1995. Hlutfall kvendýra var 11,4% árið 1995 samanborið við 13,7% árð 1994. Hæst var hlutfallið í stofnmælingunni 1988 eða 20%. Aflí á togtíma frá veiðiskipum gefur vísbendingu um þróun veiðistofnsins. Samkvæmt honum virðist úthafsrækjustofninn hafa vaxið frá árinu 1989 til ársins 1994 en minnkað heldur árið 1995.

Undanfarin ár hefur verið stuðst við líkan til að meta áhrif mismunandi veiðiálags á stofninn. Auk þess að lýsa áhrifum rækjuveiða tekur líkanið mið af nýliðun rækju og áhrifum mismunandi stærðar ókynþroska hluta þorskstofnsins á stærð úthafsrækjustofnsins (Norðurkantur-Grímseyjarsvæði). Þar sem gert er ráð fyrir að þorskgengd á rækjumiðunum aukist verulega á næstunni má búast við að afrakstursgeta rækjustofnsins minnki að sama skapi þótt aðrir þættir komi þar einnig við sögu. Í samræmi við niðurstöður útreikninga sem taka tillit til þessara þátta, leggur Hafrannsóknastofnunin til að leyfilegur hámarksafli úthafsrækju fiskveiðiárið 1996/97 verði 55 þús. tonn.

#### 2.22.4 Veiðar á Flæmingjagrunni

Vorið 1993 hófust rækjuveiðar á Flæmingjagrunni, alþjóðlegu hafsvæði austan efnahagslögsögu Kanada. Það voru Kanadamenn sem hófu veiðarnar, en Færeyingar, Norðmenn og Íslendingar hófu veiðar stuttu síðar. Heildarafti allra þjóða á svæðinu árið 1993 var 26.706 tonn, 24.153 tonn árið 1994 og rúm 23 þús. tonn árið 1995 (janúar-ágúst). Árið 1993 var aflí Íslendinga 2.243 tonn, 2.300 tonn árið 1994 og 7.622 tonn árið 1995.

Aflí íslensku skipanna á togtíma var 324 kg árið 1993 en lækkaði eftir það í 210 kg árið 1994 og áfram í 203 kg árið 1995. Það sem af er árinu 1996 er aflinn kominn í tæp 4.000 þús. tonn. Aflí á togtíma er enn nokkuð hár en þó lægri en á sama tímabili árið 1995.

Við úttekt Norðvestur Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NAFO) á rækju á Flæmingjagrunni í september 1995 var talinn hætta á viðkomubresti í rækjustofninum. Kynþroska kvendýrum hafði

fækkað hlutfallslega á árunum 1993-1995 eða úr 32% í 12% samkvæmt kanadískum rannsóknum. Niðurstöður athugana annarra þjóða voru svipaðar. Á sama tíma minnkar stofnstærð samkvæmt stofnmælingu Spánverja. Vísindanefndin lagði því til að rækjuveiðar yrðu bannaðar árið 1996. Niðurstaðan varð sú að flestar þjóðir samþykktu sóknarstýringu (fjöldu veiðidaga) en Íslendingar mótmæltu henni og stunda nú óheftar veiðar á svæðinu. Eftirlit með veiðunum hefur þó verið stórelft og eru eftirlitsmenn um borð í íslenskum skipum sem mæla og kyngreina rækju og kanna einnig hlutfall meðafla.

## 2.23 HÖRPUDISKUR


### 2.23.1 Veiðarnar 1995 og 1996

Alls voru veidd tæp 8.400 tonn af hörpudiski árið 1995 en árið 1994 veiddust 8.485 tonn. Þetta er minnsti hörpudisksaflí síðan árið 1979 sem á bæði rætur að rekja til lélegs ástands sumra svæða, t.d. Ísafjarðardjúps, og lækkandi verðs á erlendum mörkuðum. Að venju var aflinn langmestur í Breiðafirði eða tæp 8.000 tonn miðað við 7.433 tonn árið 1994. Aðeins rúmlega 400 tonn voru veidd á öðrum svæðum 1995, mest í Húnaflóa. Ekki er gert ráð fyrir auknum hörpudisksafla á árinu 1996. Heildaraflí af hörpudiski ásamt aflanum í Breiðafirði árin 1969-1995 er sýndur á mynd 2.23.1 og tafla 3.23.1 tilgreinir aflann eftir svæðum og heildaraflann.

Tafla 2.23.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksafla, ákvarðanir stjórnvalda og afla síðan 1989.

### 2.23.2 Ástand stofnsins

Samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga í Breiðafirði er talið að hörpudisksstofninn þar hafi minnkað um 40% á tímabilinu 1982-1995 (mynd 2.23.2).



Mynd 2.23.1.  
HÖRPUDISKUR.  
Heildaraflí 1969-1995 ásamt  
afla í Breiðafirði (brotna  
línan).

*Fig. 2.23.1. ICELAND  
SCALLOP. Total landings  
during the period 1969-1995  
along with landings from the  
Breiðafjörður area (broken  
line).*

Í stofnmælingu í Breiðafirði 1996 mældist stofnvísitala veiðistofns (6 sm skel og yfir) ívið lægri en á árinu 1995. Nokkru hærra hlutfall var þó af hörpudiski 7 sm og stærri. Ennfremur kom í ljós góð nýliðun 25-35 mm (þriggja ára) hörpudisks sem þó er ekki að vænta í veiðistofninn fyrr en að nokkrum árum liðnum.


Endurbætur sem orðið hafa í tímans rás, bæði í gerð hörpudisksplóga og öðrum búnaði við veiðarnar, torvelda samanburð á afla á sóknareiningu, einkum þegar til lengri tíma er litið. Hjá staðbundinni tegund eins og hörpudiski getur tilfærsla í veiðum ennfremur leitt til óraunhæfs samanburðar þótt um skamman tíma sé að ræða. Þess vegna hefur verið leiðrétt fyrir áætluðum breytingum á veiðihæfni hörpudisksplóga frá árinu 1982-1991 en óvissa er ennþá um veiðihæfni plóga á síðstu árum. Frekari rannsóknir á veiðihæfni núverandi veiðarfæra eru fyrirhugaðar árin 1996-1997.

**TAFLA 2.23.1**  
**Hörpudiskur. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnum 1989-1996.**  
*Iceland scallop. TACs recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1989-1996.*

Ár Year	1989	1990	1991	1992	1992/93 <sup>1)</sup>	1993/94 <sup>1)</sup>	1994/95 <sup>1)</sup>	1995/96 <sup>1)</sup>
<b>Tillaga - Recommended TACs</b>								
Breiðafjörður	10.0	10.0	9.0	8.5	8.5	8.0	8.5	8.0
Alls (Total)	13.5	13.5	12.5	11.2	11.5	10.1	10.2	9.5
<b>Heildaraflamark - National TAC</b>								
Breiðafjörður	10.0	10.0	9.0	8.5	8.5	9.8	8.5	8.0
<b>Afli - Landings</b>								
Breiðafjörður	10.1	10.1	8.9	10.6	10.3	8.0	8.8	-
Alls (Total)	10.8	12.5	10.3	12.4	11.6	9.4	9.6	-

1) Fiskveiðíárið september-ágúst. Quota year September-August.

Eins og sjá má á mynd 2.23.2 virðist afli skelbáta á sóknareiningu (þ.e. klst. að veiðum leiðrétt með breytingum á veiðihæfni) hafa minnkað í takt við stofnvísitölu úr rannsóknaleiðöngrum á árunum 1982-1991 eða um 25%. Vegna bætrar veiðitækni minnkaði aflinn þó ekki í raun að sama skapi á þessu tímabili.



Mynd 2.23.2.  
**HÖRPUDISKUR.**  
Samanburður á stofnvísitölu (V) hörpudisks frá rannsóknunum á Breiðafirði og afla á sóknareiningu (A/S) hjá skelbátum á sama svæði árin 1977-1996.

*Fig. 2.23.2. ICELAND SCALLOP. Stock size index (V) for Iceland scallop in Breiðafjörður and CPUE (A/S) from scallop boats in the same area during 1977-1996.*

Frá 1991 til 1993 jókst meðalafli á veiðistund í Breiðafirði úr um 950 kg í 1.195 kg og árin 1994 og 1995 fór hann upp í 1.450 og 1.422 kg, þ.e. hærra en nokkru sinni fyrr. Meðalaflinn

hefur aukist á öllum helstu veiðisvæðum, en hins vegar skal það tekið fram að ekki hefur tekist að leiðréttu fyrir sóknarbreytingum og vegna bættrar veiðihæfni á þessu tímabili.

Stofnmælingar sem gerðar voru í Ísafjarðardjúpi í apríl 1995 og 1996 benda til þess að stofninn á svæðinu sé nú mun minni en áður. Ekki eru líkur á því að arðbærar veiðar verði stundaðar á þessu svæði á komandi árum.

Stofnmælingar sem gerðar voru í Dýrafirði og Arnarfirði gáfu svipaðar niðurstöður og áður.

### 2.23.3 Tillögur um hámarksafla fiskveiðíárið 1996/97

Mikill afli á sóknareiningu í Breiðafirði árin 1994 og 1995 er að verulegu leyti rakinn til bættrar veiðitækni. Talið er að lág vísalta stofnstærðar í stofnmælingum þessi ár renni frekari stoðum undir þetta (mynd 2.23.2). Meðalafli á fiskveiðíárinu 1993/94-1995/96 var rúm 9.000 tonn. Svo virðist sem sá afli sé umfram afrakstursgetu stofnsins. Með hliðsjón af ofansögðu leggur Hafrannsóknastofnunin til að afli á fiskveiðíárinu 1996/97 fari ekki fram úr 8.000 tonnum.

Lagt er til að afli á Húnaflóa og Norðurströndum verði takmarkaður við 800 tonn en að ekki verði heimilaðar hörpudisksveiðar í Ísafjarðardjúpi á fiskveiðíárinu 1996/97. Með hliðsjón af niðurstöðum stofnmælinga 1995 og 1996 eru tillögur óbreyttar á öðrum svæðum.

TAFLA 2.23.2

Hörpudiskur. Tillögur um hámarksafla á helstu miðum fiskveiðíárið 1996/97.

Iceland scallop. TAC recommended for the quota year 1996/97.

Mið Area	Afli (tonn) TAC (tonnes)
Breiðafjörður	8.000
Patreks- og Tálknafjörður	100
Arnarfjörður	300
Dýrafjörður	100
Húnaflói og Norðurstrandir	800

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksafla á hinum ýmsu miðum fiskveiðíárið 1996/97 eru sýndar í töflu 2.23.2.

## 2.24 ÍGULKER

Eftir nokkurn undirbúning hófust ígulkeraveiðar fyrir alvöru hér við land haustið 1992. Frá og með árinu 1993 hafa sjómenn fyllt út veiðiskýrslur. Í upphafi byggðust veiðarnar einkum á köfun en fljótegla var einnig farið að nota sérsmíðaða ígulkeraplóga sem svipar mjög til hörpudisksplóga (þó smákkuð útgáfa). Tvær gerðir plóga voru notaðar, Stykkishólmsgerðin sem var með hjólabúnaði og Blönduósgerðin sem var með sleðameiða í stað hjóla. Stykkishólmsplógurinn var mest notaður enda er hann auðveldari í smíðum og notkun.

Árið 1993 nam ársafli um 692 tonn, aflinn var 1.456 tonn árið 1994 og 980 tonn árið 1995 (tafla 3.24.1). Á fyrstu fimm mánuðum yfirstandandi árs er aflinn 418 tonn. Aðal veiðisvæðin eru sex. Þau helstu eru Breiðafjörður, Húnaflói, Eyjafjörður og Austfirðir. Auk þess er lítillega veitt í Faxaflóa, Hvalfirði og Bakkaflóa. Mestur afli hefur fengist í Breiðafirði, aðallega á einu svæði í mynni Hvammsfjarðar. Síðastliðin tvö ár hafa fengist þar 700-800 tonn á ári. Afli í Eyjafirði hefur verið nokkuð stöðugur síðustu tvö árin eða um 70-80 tonn. Afli á öðrum svæðum hefur aftur á móti sveiflast tölvert eins og tölur frá Húnaflóa og Austfjörðum sýna.

**TAFLA 2.24.1**  
**Ígulker. Aflí og aflí á sóknareiningu eftir svæðum á árunum 1993-1996**  
*Sea urchin. Catch and CPUE by areas in 1993-1996.*

Ár Year	Breiðafjörður		Vestfirðir		Húnaflói	
	Aflí (tonn) <i>Catch (tonnes)</i>	kg/klst. <i>kg/hr.</i>	Aflí (tonn) <i>Catch (tonnes)</i>	kg/klst. <i>kg/hr.</i>	Aflí (tonn) <i>Catch (tonnes)</i>	kg/klst. <i>kg/hr.</i>
1993	368	63	57	272	100	156
1994	798	104	47	135	340	144
1995	786	143	28	87	61	135

Ár Year	Skagafjörður		Eyjafjörður		Austfirðir		Alls (tonn) <i>Total (tonnes)</i>
	Aflí (tonn) <i>Catch (tonnes)</i>	kg/klst. <i>kg/hr.</i>	Aflí (tonn) <i>Catch (tonnes)</i>	kg/klst. <i>kg/hr.</i>	Aflí (tonn) <i>Catch (tonnes)</i>	kg/klst. <i>kg/hr.</i>	
1993	17		19	84	131		692
1994	24	40	81	43	166	75	1456
1995	1		71	36	33	104	980

Í febrúar síðastliðnum stóð Hafrannsóknastofnunin fyrir könnun á helstu ígulkeramiðum við Breiðafjörð. Stefnt er að því að slískum rannsóknum verði fram haldið árlega til að hægt verði að fylgjast með breytingum í stofnstærð ígulkera. Stofnunin stefnir einnig að því að afla nánari vitnesku um stofnstærdir ígulkera á öðrum miðum. Auk þess munu veiðögön verða mikilvæg á komandi árum við mat á ástandi og afrakstursgetu stofnsins.

Með tilliti til þess að stutt er síðan ígulkeraveiðar hófust á Íslands miðum telur Hafrannsóknastofnunin að fara beri varlega við nýtingu stofnsins og að sóknin verði ekki aukin þar til að ljóst er hver viðbrögð stofnsins verða við núverandi veiðíálagi.

## 2.25 HVALIR

### 2.25.1 Hvalveiðar við Ísland og tímabundin stöðvun þeirra

Stórhvalaveiðar voru stundaðar með hléum frá landstöðvum við Ísland í liðlega eina öld eða til ársins 1989. Frá árinu 1948 takmörkuðust veiðarnar við starfsemi stöðvarinnar í Hvalfirði. Þar voru lengst af fjögur skip að veiðum yfir vertíðarmánuðina júní-september. Að meðaltali voru veiddar 234 langreyðar og 68 sandreyðar á ári tímabilið 1948-1985 og 82 búrhvalir árin 1948-1982 (alþriðaður í Norður-Atlantshafi frá 1982). Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni. Í samræmi við ákvæði hvalveiðisáttmálans var hins vegar veiddur takmarkaður fjöldi lang- og sandreyða í rannsóknarskyni árin 1986-1989. Árin 1990-1995 voru engar hvalveiðar stundaðar frá Íslandi og engin áform liggja fyrir um að hefja veiðar sumarið 1996.

Hrefnuveiðar hafa verið stundaðar á litlum vélbátum hér við land mestan hluta þessarar aldar. Veiðar þessar voru lengst af smáar í sniðum, nokkrir tugir dýra á ári. Á árunum 1977-1985 ákvarðaði Alþjóðahvalveiðiráðið árlega veiðikvóta fyrir svæðið Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen og komu flest árin um 200 hrefnur í hlut Íslendinga. Vegna banns við hvalveiðum í atvinnuskyni hafa hins vegar engar veiðar á hrefnu verið leyfðar hér við land frá lokum vertíðar 1985 og ekki liggja fyrir áform um að hefja veiðar á vertíðinni 1996.

Tafla 3.25.1 tilgreinir veiðar á hvöldum við Ísland eftir tegundum árin 1948-1989, þ.e. áður en veiðistöðvun gekk í gildi.

## 2.25.2 Ástand stofna og veiðipol

Samfara ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni, var ákveðið að vinna að heildarúttekt á ástandi hvalastofna heimsins, sem ljúka átti árið 1990. Í samræmi við þetta ákváðu íslensk stjórnvöld að stórefla hvalrannsóknir, m.a. með umfangsmiklum líffræðilegum athugunum, talningum og rannsóknum á áhrifum veiða á stofnana. Niðurstöður þessara rannsókna hafa verið kynntar opinberlega og fengið umfjöllun á vísindalegum vettvangi, m.a. innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og innan Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðsins (NAMMCO). Þar hafa m.a. verið staðfestar niðurstöður um stofnstærðir hrefnu, lang- og sandreyðar á Íslands miðum og nærliggjandi hafsvæðum.

Sumarið 1995 tóku Íslendingar þátt í alþjóðlegum hvalatalningum á Norður-Atlantshafi sem skipulagðar voru af vísindanefnd NAMMCO með þáttöku Færeyinga, Grænlendinga, Norðmanna, auk Íslendinga. Tvö íslensk skip og flugvél tóku þátt í verkefninu á íslenska strandsvæðinu og aðliggjandi svæðum. Um þessar mundir er að störfum sérstakur vinnuhópur á vegum vísindanefndarinnar, sem falið hefur verið að samhæfa útreikninga á stofnstærðum hvala samkvæmt niðurstöðum fjölpjóðlegu talninganna, áætla stofnstærðir og meta breytingar þar á með sérstóku tilliti til fyrri leiðangra. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir á næsta ársfundi vísindanefndarinnar í byrjun næsta árs.

### 2.25.2.1 Hrefna

Árið 1990 var gerð sérstök úttekt á hrefnustofnum á Norður-Atlantshafi (sjá nánar um þetta í fyrri skýrslum um ástand nytjastofna, Hafrannsóknastofnun. Fjölrít, nr. 25 og 29). Fyrirliggjandi gögn benda til þess að á Norður-Atlantshafi séu a.m.k. þrír stofnar hrefnu með höfuðútbreiðslu á hvalveiðimiðunum við Vestur-Grænland, Ísland (Mið-Atlantshafs stofn) og Norður-/Vestur-Noreg.

Samkvæmt talningum árin 1987 og 1989 voru um 28.000 hrefnur á Mið-Atlantshafssvæðinu, þar af tæpur helmingur á íslenska strandsvæðinu. Niðurstöður talninga úr lofti á íslenska strandsvæðinu sumarið 1995 benda til þess að hrefnustofninn hafi stækkað síðan talið var með svipuðum hætti árið 1987 en beðið er samanburðarrannsókna og niðurstöðu starfshóps vísindanefndar NAMMCO, m.a. um hvalagengd utan íslenska talningasvæðisins, áður en tímabært er að draga ályktanir af talningunum um breytingar í stofnstærð hrefnu eða annarra hvala hér við land.

Útreikningar sýna að veiðar undanfarna áratugi höfðu engin teljandi áhrif á stofninn. Áður en veiðar voru stöðvaðar árið 1985 var ástand stofnsins talið gott og áætlað að veiðar á t.d. 200 dýrum á ári næstu fimm árin hefðu afar lítil áhrif á stofnstærðina, jafnvel svo að varlega ætlað ætti hún að haldast ofan við 70-80% af stofnstærðinni eins og hún er talin hafa verið árið 1940. Ef miðað er við að stofninn hafi stækkað eða staðið í stað þann áratug sem veiðar hafa ekki verið leyfðar, má ætla að veiðipol nemí a.m.k. 200 dýrum.

Útreikningar byggðir á nýjum veiðistjórnunarreglum Alþjóðahvalveiðiráðsins (Revised Management Procedure, RMP) gæfu hins vegar mun lægra aflamark eða innan við 100 hrefnur á ári (236 hrefnur fyrir allt Mið-Atlantshafssvæðið). Þetta helgast af því að þessar veiðireglur gera ráð fyrir að stofninn stefni í 72% af upphafsstærð sinni, þó svo að vísindanefnd hvalveiðiráðsins hafi lengst af miðað við að hámarksfrakstur fáist þegar stofn hefur verið grisjaður í 60% af upphafsstærðinni.

Komi til hrefnuveiða leggur Hafrannsóknastofnunin því til að tekið verði meira mið af hefðbundnu mati á hámarksfrakstri enda tryggi það betri nýtingu á hrefnunni. Ef ofangreindar veiðistjórnunarreglur miðuðu t.d. við að lokastofn yrði 66% af upphafsstofni, reiknast aflamark í námunda við 200 dýr á ári, þ.e. svipaður eða meiri afli heldur en áður en veiðar voru stöðvaðar.

Stofnunin telur slíkt aflamark varlega áætlað en mun endurskoða niðurstöður um veiðipol í ljósi talninga sumarið 1995. Komi til veiða 1996 er æskilegt að dreifa þeim betur um útbreiðslusvæði hrefnustofnsins en var áður en veiðibann gekk í gildi.

### 2.25.2.2 Langreyður

Árið 1991 var gerð sérstök úttekt á ástandi langreyðarstofna á Norður-Atlantshafi (sjá nánar Hafrannsóknastofnun. Fjöldit, nr. 25 og 29). Við stjórnun veiða hefur jafnan verið gert ráð fyrir að langreyðar á Norður-Atlantshafi skiptist í 7 stofna eða stofnsvæði, þ.e. svæðin við 1) Nova Scotia, 2) Nýfundnaland-Labrador, 3) Vestur-Grænland, 4) Austur-Grænland/Ísland, 5) Norður-Noreg, 6) Vestur-Noreg/Færeyjar, og 7) Bretlandseyjar, Spán og Portúgal.

Samkvæmt talningum árin 1987 og 1989 (og fyrri merkingum við strendur Kanada) var áætlað að stofnstærð langreyðar á Norður-Atlantshafi væri a.m.k. 50 þús. dýr. Um 15.600 langreyðar voru á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen, þar af um 8.900 milli Austur-Grænlands og Íslands, norðan 50°N. Þótt niðurstöður íslenskra talningaskipa sumarið 1995 séu að því er virðist í samræmi við niðurstöður fyrri leiðangra, verður ekki sagt um það með vissu fyrir en að lokinni samhæfingu gagna og úrvinnslu eins og fyrr er getið.

Þegar gert er ráð fyrir að stofnsvæði langreyðar, sem gengur á miðin vestan við landið, nái til hafsvæðisins milli Austur-Grænlands, Íslands og Jan Mayen, sýna útreikningar gott ástand stofnsins. Nýleg úttekt bendir til þess að stofninn á þessu svæði þoli umtalsverðar veiðar, a.m.k. 100-200 hvali á ári.

Engin fastmótud afclareglu gildir hins vegar fyrir langreyðarveiðina við Ísland. Ef miðað væri við afclareglu Alþjóðahvalveiðiráðsins fyrir hrefnu (stofn stefni í 72% af upphafsstærð), yrði afclareglu 38 langreyðar á ári fyrir allt svæðið Austur-Grænland - Ísland - Jan Mayen. Ef að líkum lætur félli innan við þriðjungur afclareglu (10 dýr) á svæðið vestan Íslands. Það er því ljóst að afclareglu af þessu tagi gefur afclareglu sem aðeins nemur litlum hluta meðalveiðinnar undanfarna áratugi.

Í ljósi þess að nýjar talningar sumarið 1995 kunna að breyta nokkuð forsendum útreikninga afclareglu og þess að frekari prófana er þörf áður en mælt er með ákveðinni afclareglu, leggur Hafrannsóknastofnunin til í varúðarskyni að ekki verði veiddar fleiri en 100 langreyðar á ári.

